


skoðun 12

3 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Hjólkoppar
Endurskoðun & bókhald






Glamúr og glæsileiki

*Kjólarnir á Óskarsverðlaununum 2012 stóðu undir væntingum þegar rauða dreglinum var rúllað út um helgina.*

fólk 24





# FRÉTTABLAÐIÐ

Þriðjudagur
**28. febrúar 2012**
50. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup júlí - september 2011


# Vilja brenna sorp í Helguvík

**Bandaríska sorpeyðingarfyrirtækið Triumvirate Environmental vill kaupa sorpeyðingarstöð í Helguvík fyrir um 1,25 milljarða króna. Ætlar að flytja úrgang til Íslands og farga hérlendis verði af viðskiptunum.**

**VIÐSKIPTI** Bandaríska sorpeyðingarfyrirtækið Triumvirate Environmental hefur lagt fram kauptilboð í sorpeyðingarstöðina Kölku á Suðurnesjum. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hljóðar tilboðið upp á 10 milljónir dala, um 1,25 milljarða króna. Kalka er í eigu sveitarfélaga á Suðurnesjum og hefur átt við mikla fjárhagserfiðleika að stríða á undanförnum árum. Gangi kaupin eftir áformar Triumvirate að flytja úrgang frá Norður-Ameríku til Íslands og brenna í sorpeyðingarstöðunni, sem er staðsett í Helguvík.

Árni Sigfússon, bæjarstjóri í Reykjanesbæ, stærsta eiganda Kölku, staðfestir að tilboð hafi verið lagt fram og að væntanlegir kaupendur hafi kynnt sínar hugmyndir. Hann vildi ekki tjá sig frekar um málið.

Heimildir Fréttablaðsins herma að tilboðið hafi átt að renna út 29. febrúar, næstkomandi miðvikudag, en að það hafi verið framlengt um nokkra daga svo að eigendur Kölku gætu tekið afstöðu til þess. Stöðin er í eigu Reykjanesbæjar, Grindavíkur, Sandgerðis, Garðs og Voga.

Triumvirate Environmental er bandarískt sorpeyðingarfyrirtæki með starfsemi í Bandaríkjunum og Kanada. Fyrirtækið sérhæfir sig í förgun á alls kyns iðnaðarúrgangi auk þess sem það þjónustar meðal annars heilbrigðis- og líftæknigeirann. Það sorp sem fyrirtækið hyggst flytja hingað inn til förgunar rúmast innan þeirra heimilda og reglugerða sem Kalka starfar eftir í dag. Íslenskt endurskoðunarfyrirtæki og lögfræðistofa hafa komið að málinu fyrir hönd Triumvirate.

**1,25** milljarða íslenskra króna býður Triumvirate Environmental í Kölku, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Sorpeyðingarstöðin Kalka er í eigu félags sem heitir Sorpeyðingarstöð Suðurnesja (SS). Fjárhagsstaða þess hefur verið afar bág. Eigið fé félagsins var neikvætt um 555 milljónir króna í lok árs 2010 samkvæmt síðasta birta ársreikningi og skuldir þess tæplega 1,3 milljarðar króna. Í maí 2011 var erlendum langtímaskuldum SS breytt í íslenskar krónur og lækkaði höfuðstóll lána þess við það um 163 milljónir króna. Endurskoðendur félagsins gerðu fyrirvara við undirskrift sína á síðasta ársreikningi og töldu að „nokkur óvissa“ væri um möguleika félagsins til áframhaldandi reksturs. **- þsj**




Ekur um Pólland á gömlum Polo

*Snorri Helgason farinn í tveggja vikna tónleikaferð um Pólland.*

fólk 30

Eftirlit með sjálfum sér

*Í Landsdómsmálinu skortir á eftirlit ríkissaksóknara með ákærandanum, skrifar Valtýr Sigurðsson.*

skoðun 14




Ekkert U-21 landslið

*Fjölga þarf verkefnum fyrir leikmenn sem ganga upp úr U-19 landsliði stúlkna.*

sport 26


## veðrið í dag




**BJART NA- OG** A-til Í dag má búast við SV-áttum, víða 5-10 m/s. Horfur á skúrum sunnantil og éljum NV-lands, einkum fyrri part dags. Úrkomulítið og jafnvel bjart A-til. Hiti allt að 6°C, hlýjast syðst.

VEÐUR 4



**Á GÖTUM RAWALPINDI** Ungur drengur í borginni Rawalpindi í Pakistan leikur sér við hundinn sinn á meðan vinur hans burðast með poka. Um 62% íbúa Pakistans búa í þéttbýli, þar af stór hluti við sárafátækt. NORDICPHOTOS/AFP

Forsetakjör 2012:

## Ólafur Ragnar íhugar framboð

**FORSETAKJÖR** Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, hyggst tilkynna í þessari viku eða næstu hvort hann gefi áfram kost á sér í embætti forseta. Þessu lýsti Ólafur yfir á blaðamannafundi á Bessastöðum í gær eftir að hann veitti viðtöku rúmlega 30 þúsund undirskriftum þar sem hann er hvattur til framboðs.



**ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON**

Ólafur segir að hann hafi talað skýrt í nýársávarpi sínu um þá ákvörðun sína að láta af embætti. Hann verði hins vegar að taka alvarlega þær áskoranir sem komið hafi fram og þann stuðning sem hann hafi mælst með í skoðanakönnunum.

Gefi fleiri en einn frambjóðandi kost á sér fer forsetakjör fram þann 30. júní næstkomandi. Frestur til að tilkynna um framboð rennur út 26. maí.

**- mþl /** sjá síðu 6

Staða barna í fátækrahverfum fer síversnandi samkvæmt skýrslu UNICEF:

# Fátækum börnum fjölgar til muna

**SAMFÉLAGSMÁL** Hundruð milljóna barna í borgum um víða veröld hafa ekki aðgang að hreinu vatni, heilsugæslu, salernum eða annarri grunnþjónustu. Allra fátækustu börnin búa oft á stórhættulegum svæðum, við skelfilegar aðstæður á sorphaugum eða við hlið lestarteina. Þetta er meðal þess sem kemur fram í nýrri skýrslu UNICEF, Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna, sem kemur út í dag.

Í skýrslunni er sjónum beint að börnum sem búa í borgum en innan fárra ára mun meirihluti barna í heiminum alast upp í þéttbýli.

„Þegar við hugsum um fátækt er myndin sem kemur upp í hugann oftar en ekki af barni í litlu þorpi úti á landi,“ segir Anthony Lake, framkvæmdastjóri UNICEF.

Staðreyndin er hins vegar sú að þegar býr yfir einn milljarður barna í stórborgum og æ fleiri þeirra búa í fátækrahverfum borganna. Í raun býr þriðji hver jarðarbúi sem býr í þéttbýli í fátækrahverfi.

Þótt börnunum bjóðist margvísleg tækifæri í borgunum búa þau líka við hrikalegan ójöfnuð. Mörg þeirra þurfa að vinna erfiðisvinnu og fá aldrei tækifæri til að ganga í skóla. Leiksvæði eru oft engin.

Í fátækrahverfunum er aðgangur að hreinu vatni og salernum lítill sem enginn. Þar sem hreinlæti er ábótavant breiðast sjúkdómar auðveldar út en ella í yfirfullum hverfunum.

Í skýrslunni sem kemur út í dag leggur UNICEF áherslu á að þarfir þeirra barna sem verst standa að vígi verði settar í forgang og hugsað sé sérstaklega um fátækrahverfin. Samtökin hvetja yfirvöld um víða veröld til að bæta aðgengi barnanna að nauðsynlegri grunnþjónustu og láta þarfir þeirra vera miðlægar í öllu borgarskipulagi. **- kh**


**YFIR 10.000 EINSTAKLINGAR**

hafa nýtt sér legugreininguna frá okkur og fengið rúm sérsniðið að þeirra þörfum. Komdu og prófaðu og við gerum þér tilboð í heilsurúm sem hentar þér!

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM

Smiðjuvegi 2 · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18
og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

Okkar hlutverk er að dreifa

fjölpósti, blöðum, tímaritum, bréfum og vörum.

Póst dreifing

Sími 585 8300 · www.postdreifing.is

## SPURNING DAGSINS



*Hafdís, ertu gæðablóð?*

„Já, að sjálfsögðu. Er líka í flokki A+ sem er hæsta einkunn!“

Hafdís Karlsdóttir er einn af virkustu blóðgjöfum landsins og stefnir á að gefa blóð oftar en hundrað sinnum.

Innflytjendur ósáttir vegna mats ÁTVR á umbúðum:

# Í anda laganna segir ráðherra

**STJÓRNSÝSLA** „Ég hef ekki séð allar umbúðirnar sem hafnað hefur verið en túlkunin varðandi þær sem ég hef séð finnst mér vera í samræmi við anda laganna og reglugerðina sem gefin var út í kjölfarið.“

Þetta segir Oddný Harðardóttir fjármálaráðherra um ákvarðanir Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, um að taka ekki í sölu ákveðnar tegundir áfengis vegna umbúða utan um þær. ÁTVR er stofnun sem heyrir undir fjármálaráðuneytið.

„Það er talað sérstaklega um blygðunarkennd og ofbeldi í lögunum. Hugsunin er einnig sú að lögin hafi forvarnagildi. Ég hef séð páskabjór með krúttlegum ungum og áfengi í skrautlegum brúsum sem minntu á djúsbrúsa. Umbúðirnar gefa til kynna að í þeim sé eitthvað annað en áfengi,“ segir Oddný.

> Ég hef séð páskabjór með krúttlegum ungum og áfengi í skrautlegum brúsum sem minntu á djúsbrúsa.
>
> **ODDNÝ G. HARÐARDÓTTIR** FJÁRMÁLARÁÐHERRA

Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda, segir það skoðun innflytjenda að ÁTVR hafi fengið alltof mikið svigrúm til túlkunar. „Við vitum að þeir verða að hafa ákveðnar vöruvalsreglur en þær verða að vera gagnsæjar. Innflytjendur eru að taka mikla áhættu og ef reglur eru ógagnsæjar er líklegra að menn verði fyrir fjárhagslegu tjóni. Þetta getur raskað samkeppnisstöðu. Í mörgum tilvikum eru þetta auk þess vörur sem eru löglega markaðssettar og seldar á Evrópska efnahagssvæðinu.“ **- ibs**

Kveikt í húsi í Hafnarfirði:

# Íbúar meðlimir í vélhjólagengi

**LÖGREGLUMÁL** Kveikt var í timburhúsi við Hverfisgötu í Hafnarfirði um fimmleytið í gær. Nágrannar tóku eftir því að eldur logaði utan á húsinu og náðu að slökkva í áður en hann barst út að ráði. Húsið var mannlaust, en tveir íbúanna eru meðlimir í vélhjólagenginu Outlaws. Ekki sást til þess eða þeirra sem kveikti í.

Samkvæmt upplýsingum frá slökkviliðinu olli bruninn ekki meiriháttar skemmdum.

Enginn hefur verið handtekinn vegna málsins.

Svipleg sjálfsvíg í Danmörku:

# Sjö hafa kastað sér fyrir lestir

**DANMÖRK** Sjö hafa látið lífið í Danmörku síðustu daga eftir að hafa orðið fyrir lest. Talið er að um sjálfsvíg hafi verið að ræða í öllum tilfellunum.

Síðast á laugardagskvöld og aðfaranótt sunnudags létust tveir, annar á Fjóni en hinn í Kaupmannahöfn.

Í dönskum miðlum er haft eftir Gert Jessen, sérfræðingi í þessum málaflokki, að árlega svipti sig um 30 manns lífi með þessum hætti.

Jessen segir ekki útilokað að um eftirhermuathæfi sé að ræða í sumum tilvikanna, en þó sé mikilvægt að þagga ekki málið niður, heldur ræða það skynsamlega. **- þj**

Hópnauðgun í húsasundi:

# Lögregla skoðar myndupptökur

**LÖGREGLUMÁL Kynferðisbrotadeild lögreglunnar mun fara yfir upptökur úr eftirlitsmyndavélum í miðbænum til að varpa ljósi á hópnauðgun sem sextán ára stúlka tilkynnti um helgina.**

**DV hafði í gær eftir Björgvini Björgvinssyni, yfirmanni kynferðisbrotadeildar, að stúlkan hygðist leggja fram formlega kæru á hendur nokkrum mönnum í dag.**

**Stúlkan hafði verið að skemmta með vinkonum sínum þegar hún segir hóp manna hafa veist að sér. Einn nauðgaði henni en hinir stóðu hjá aðgerðalausir.** **- sv**

## LÖGREGLUMÁL

### Sex óku dópaðir

Um helgina voru sex ökumenn teknir á höfuðborgarsvæðinu fyrir að aka undir áhrifum fíkniefna. Þrír þeirra voru stöðvaðir í Reykjavík, tveir í Kópavogi og einn í Hafnarfirði. Þetta voru allt karlar á aldrinum 18-29 ára.

# 158 manns í farbanni hér síðan árið 2007

**Alls hafa 158 einstaklingar verið úrskurðaðir í farbann síðan árið 2007. Tveir af þeim hafa sloppið úr landi vegna tæknilegra mistaka. Flestir eru frá Póllandi og Litháen. Tíu einstaklingar eru nú undir eftirliti lögreglu, þar af ein kona.**

**LÖGREGLUMÁL** Alls hafa 158 einstaklingar verið úrskurðaðir í farbann hér á landi síðan árið 2007. Af þeim voru 59 árið 2008 og nú eru 10 manns undir eftirliti hjá flugstöðvardeild lögreglunnar á Suðurnesjum: níu karlar og ein kona.



**SIGRÍÐUR BJÖRK GUÐJÓNSDÓTTIR**

Sakborningarnir sem nú er fylgst með eru frá Litháen, Póllandi, Íslandi og Palestínu.

Á undanförnum árum hefur tveimur einstaklingum í farbanni tekist að komast út framhjá eftirlitinu. Í báðum tilfellum var um tæknilegar orsakir að ræða, eða bilun í eftirlitsbúnaði í flugstöð Leifs Eiríkssonar. Síðara tilvikið var fyrr í þessum mánuði þegar manni frá Litháen tókst að komast úr landi eftir að hafa hlotið tíu mánaða dóm fyrir fíkniefnabrot. Ekki fengust frekari upplýsingar frá lögreglunni um hvers kyns bilun varð til að mennirnir sluppu úr landi, en búið sé að ráða bót á vandanum.

Sigríður Björk Guðjónsdóttir, lögreglustjóri á Suðurnesjum, segir mikilvægt að hafa í huga að á meginlandi Evrópu er eðli máls samkvæmt auðvelt að brjóta gegn farbannsúrskurði. „Hér á landi búum við þó að því að hafa einar megindyr að landinu, Flugstöð Leifs Eiríkssonar,“ segir hún. „Þessi staðreynd gerir farbannsúrræðið á Íslandi árangursríkara en ella.“

Lögreglan getur leitast eftir farbannsúrskurði yfir sakborningi hjá dómara ef talið er að hann muni reyna að komast úr landi til að leynast eða koma sér með öðrum hætti undan málsókn eða fullnustu refsingar. Þau brot sem hafa verið framin þurfa að varða fangelsisrefsingu, það er að segja teljast ekki til minni háttar brota. Tilgangurinn með farbanni er að tryggja nærveru sakbornings sem sætir lögreglurannsókn, á yfir höfði sér málsókn eða bíður afplánunar. Þetta getur einnig átt við um menn sem erlend yfirvöld hafa óskað eftir að verði framseldir. Samkvæmt lögreglunni á Suðurnesjum er farbannsúrræðið mikilvægara eftir því sem tengsl sakbornings við útlönd eru meiri.

„Farbönn sem skráð hafa verið hjá flugstöðvardeild hafa gilt minnst í þrjár vikur,“ segir Sigríður. Með endurteknum úrskurði dómara um framlengingu farbanna getur heildargildistími farbanna orðið meiri en eitt ár. **sunna@frettabladid.is**



**FLUGSTÖÐ LEIFS EIRÍKSSONAR** Tveimur einstaklingum í farbanni hefur tekist að flýja land í gegnum Leifsstöð á síðustu árum. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

### Flestir sakborningar frá Póllandi og Litháen

| Ár | Fjöldi | Þjóðerni (þjóðerni flestra fremst o.s.frv.) |
|---|---|---|
| 2007 | 28 | Litháen, Pólland, Ísland, Lettland |
| 2008 | 59 | Pólland, Rúmenía, Litháen, Bandaríkin, Lettland, Makedónía, Ísland, Miðbaugs-Gínea, Frakkland |
| 2009 | 30 | Pólland, Litháen, Bandaríkin, Portúgal, Lettland, Þýskaland, Frakkland, Ísland |
| 2010 | 25 | Pólland, Litháen, Ísland, Lettland, Bandaríkin, Afganistan, Þýskaland, Rússland |
| 2011 | 6 | Litháen, Pólland, Ísland, Lettland, Bandaríkin |
| 2012 | 10 | Litháen, Pólland, Ísland, Palestína |
| **Alls** | **158 (135 karlar og 13 konur)** | |

*Heimild: Flugstöðvardeild lögreglunnar á Suðurnesjum*

Tók á móti lögreglu með hníf:

# Sprengjumaður í gæsluvarðhald

**LÖGREGLUMÁL Lögreglan á Suðurnesjum handtók mann á þrítugsaldri í fyrrakvöld eftir að ábendingar bárust um vafasamt hátterni hans á Facebook. Þar hafði hann meðal annars birt myndir af sjálfum sér vopnbúnum. Hann var í gær úrskurðaður í gæsluvarðhald vegna málsins.**

**Á heimili mannsins fann lögregla 22 kalíbera kindabyssu, tvær eftirlíkingar af skammbyssum og heimatilbúna rörasprengju með kveikiþræði. Á Facebook-síðunni mátti sjá myndband af manninum sprengja upp fiskikar.**

**Að sögn lögreglu tók maðurinn á móti henni vopnaður hnífi en var þó yfirbugaður hratt og örugglega. Þá fannst torkennilegt efni í sprautu- og töfluformi.** **- sh**

Loka í 20.500 manna hverfi:

# Pósturinn lokar Breiðholtsútibúi

**REYKJAVÍK** Íslandspóstur hefur ákveðið að loka útibúi sínu í Mjódd í Breiðholti vegna hagræðingar. Um er að ræða fjölmennasta hverfi landsins, þar sem um 20.500 manns búa. Póstafgreiðslan við Dalveg í Kópavogi tekur við þjónustunni og er þar með ætlað að sinna íbúum Breiðholts og Kópavogs, eða rúmlega 50 þúsund manns.



**KJARTAN MAGNÚSSON**

Kjartan Magnússon borgarfulltrúi tók málið upp á borgarstjórnarfundi í síðustu viku. Hann segir íbúa í Breiðholti og verslunareigendur í Mjódd afar ósátta við fyrirhugaða lokun. **- sv**






Einn lést og fjórir særðust þegar nemandi í framhaldsskóla í Ohio hóf skothríð:

# Sautján ára hóf skothríð í skóla

**BANDARÍKIN, AP** Einn lést og fjórir særðust þegar nemandi hóf skotárás í framhaldsskóla í bænum Chardon í Ohio í gær. Þrír hinna særðu eru í lífshættu.

Morðinginn, sem er sautján ára gamall, hóf skothríð nálægt mötuneyti skólans um hádegisbil. Meira en þúsund nemendur stunda nám við skólann.

Drengur sem varð vitni að árásinni segir skotmark árásarmannsins hafa verið hóp nemenda sem sat við borð nálægt mötuneytinu. Þar sat sá sem lést í árásinni, en hann reyndi að fela sig undir borðinu þegar drengurinn dró upp byssu og hóf skothríðina.

Sérsveit lögreglunnar var um leið send á vettvang en árásarmaðurinn náði að flýja eftir að kennarar hröktu hann burt úr byggingunni. Hann gaf sig þó fram við lögreglu síðar um daginn og var handtekinn í kjölfarið. Öðrum skólum í bænum var lokað í kjölfar árásarinnar, en nemendurnir voru fluttir í barnaskóla í nágrenninu þangað sem foreldrar komu og sóttu þá.

Að sögn fjölmiðla vestanhafs hafði morðinginn verið lagður í einelti í skólanum og var álitinn utangarðs af samnemendum sínum. **- sv**



**MIKIL HRÆÐSLA GREIP UM SIG** Ava Polaski, nemandi á öðru ári, fer af skólalóðinni í gær í fylgd móður sinnar eftir að lögreglan var komin á staðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

- Eignir 346 milljarðar
- Nafnávöxtun 8,2%
- Hrein raunávöxtun 2,8%
- Um 48 þúsund sjóðfélagar greiddu iðgjöld
- Iðgjöld 17 milljarðar
- Lífeyrisþegar um 10 þúsund
- Lífeyrisgreiðslur 7 milljarðar

# STARFSEMI Á ÁRINU 2011

ÁRSREIKNINGUR

## EFNAHAGSREIKNINGUR Í ÁRSLOK
Í milljónum króna

| | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| Innlend skuldabréf | 155.834 | 135.534 |
| Sjóðfélagalán | 40.268 | 39.949 |
| Innlend hlutabréf | 30.528 | 12.690 |
| Erlend verðbréf | 101.014 | 97.058 |
| **Verðbréf samtals** | **327.644** | **285.231** |
| Bankainnstæður | 39.197 | 41.434 |
| Eignarhluti í Húsi verslunarinnar | 228 | 241 |
| Rekstrarfjármunir og aðrar eignir | 183 | 286 |
| Skammtímakröfur | 2.409 | 2.568 |
| Skuldir við lánastofnanir [1] | -20.881 | -19.272 |
| Skammtímaskuldir | -3.267 | -556 |
| **Hrein eign sameignardeild** | **338.943** | **303.565** |
| **Hrein eign séreignardeild** | **6.570** | **6.367** |
| **Samtals hrein eign** | **345.513** | **309.932** |

## BREYTINGAR Á HREINNI EIGN
Í milljónum króna

| | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| Iðgjöld | 17.330 | 15.946 |
| Lífeyrir | -7.366 | -6.839 |
| Fjárfestingartekjur | 26.433 | 18.124 |
| Fjárfestingargjöld | -294 | -237 |
| Rekstrarkostnaður | -314 | -266 |
| Aðrar tekjur | 68 | 67 |
| Önnur gjöld, tímabundinn skattur | -276 | 0 |
| **Breyting á hreinni eign á árinu** | **35.581** | **26.795** |
| **Hrein eign frá fyrra ári** | **309.932** | **283.137** |
| **Hrein eign til greiðslu lífeyris** | **345.513** | **309.932** |

## KENNITÖLUR

| | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| Nafnávöxtun | 8,2% | 6,1% |
| Hrein raunávöxtun | 2,8% | 3,4% |
| Hrein raunávöxtun (5 ára meðaltal) | -3,8% | -2,0% |
| Hrein raunávöxtun (10 ára meðaltal) | 2,8% | 2,4% |
| Rekstrarkostnaður í % af eignum | 0,08% | 0,07% |
| Rekstrarkostnaður í % af iðgjöldum | 1,45% | 1,29% |
| Lífeyrir í % af iðgjöldum | 39,6% | 41,4% |
| Fjöldi sjóðfélaga | 32.940 | 32.435 |
| Fjöldi lífeyrisþega | 10.322 | 9.745 |
| Stöðugildi | 31,4 | 29,0 |
| Nafnávöxtun innlánsleiðar | 7,4% | 5,8% |
| Hrein raunávöxtun innlánsleiðar | 2,1% | 3,1% |

[1] Gjaldmiðlavarnarsamningar: réttarleg óvissa er um endanlega niðurstöðu uppgjörs samninganna.

## EIGNIR

Eignir sjóðsins námu 345,5 milljörðum í árslok samanborið við 309,9 milljarða árið áður. Á árinu 2011 greiddu 47.915 sjóðfélagar til sjóðsins og námu iðgjaldagreiðslur alls 17.330 m.kr. Þá greiddi 7.541 fyrirtæki til sjóðsins vegna starfsmanna sinna.




## TRYGGINGAFRÆÐILEG STAÐA

Tryggingafræðileg staða lífeyrissjóða er gerð upp árlega til að gæta þess að ákveðið jafnvægi sé á milli eigna og réttinda sjóðfélaga. Tryggingafræðileg staða sjóðsins í árslok 2011 er nú –2.3%.

## LÍFEYRISGREIÐSLUR

Á árinu 2011 nutu 10.322 lífeyrisþegar lífeyrisgreiðslna úr sameignardeild að fjárhæð 6.691 m.kr. Lífeyrisgreiðslurnar árið áður námu 6.370 m.kr og hækkuðu þær um 5% á milli ára. Lífeyrisgreiðslurnar eru verðtryggðar og taka mánaðarlega breytingum vísitölu neysluverðs.




## SÉREIGNARDEILD

Séreign í árslok 2011 nam 6.570 m.kr. Lífeyrisgreiðslur úr séreignardeild námu 667 m.kr. samanborið við 461 m.kr. árið 2010. Ávöxtun verðbréfaleiðar var 8,2% og hrein raunávöxtun 2,8%. Ávöxtun innlánsleiðar var 7,4% sem samsvarar 2,1% raunávöxtun.

## AFKOMA

Nafnvöxtun á árinu 2011 var 8,2% og hrein raunávöxtun 2,8%. Áhættudreifing eignasafns sjóðsins er góð og samsetning þess traust. Þannig er um 27% af eignum sjóðsins í dreifðu safni erlendra verðbréfa, 30% í innlendum ríkistryggðum skuldabréfum, 11% í safni sjóðfélagalána og 11% í bankainnstæðum. Innlend hlutabréfaeign jókst nokkuð á árinu og nemur nú um 8% af eignum sjóðsins. Önnur skuldabréf eru samtals 13% af eignum.

## FJÁRFESTINGAR

Á árinu 2011 námu kaup á innlendum skuldabréfum umfram sölu 22.236 m.kr. og kaup innlendra hlutabréfa umfram sölu 13.790 m.kr. Kaup erlendra verðbréfa umfram sölu nam 1.712 m.kr.

## EIGNASAFN Í ÁRSLOK 2011




## STJÓRN 2011

Helgi Magnússon, formaður
Benedikt Vilhjálmsson, varaformaður
Ásta R. Jónasdóttir
Benedikt Kristjánsson
Bogi Þór Siguroddsson
Hannes G. Sigurðsson
Óskar Kristjánsson
Stefanía Magnúsdóttir

Framkvæmdastjóri er Guðmundur Þ. Þórhallsson.

live.is

## ÁRSFUNDUR

Ársfundur sjóðsins verður haldinn þriðjudaginn 27. mars nk. kl. 18 á Grand Hótel.

ÍMYNDUNARAFL / LV

Lífeyrissjóður verzlunarmanna | Kringlan 7 | 103 Reykjavík | Sími 580 4000 | Fax 580 4099 | skrifstofa@live.is | www.live.is

## GENGIÐ 27.02.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 124,37 | 124,97 |
| Sterlingspund | 197,19 | 198,15 |
| Evra | 166,71 | 167,65 |
| Dönsk króna | 22,416 | 22,548 |
| Norsk króna | 22,213 | 22,343 |
| Sænsk króna | 18,895 | 19,005 |
| Japanskt jen | 1,5405 | 1,5495 |
| SDR | 193,06 | 194,22 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
228,4589

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Kvennaathvarfið tók á móti 174 konum og börnum í fyrra sem dvöldu að meðaltali í um 15 til 20 daga:

# Húsnæði athvarfsins orðið alltof lítið

**SAMFÉLAGSMÁL** Alls dvöldu 174 konur og börn í Kvennaathvarfinu í fyrra. Lengd dvalartíma kvenna var um 15 dagar og 21 dagur hjá börnum. Í tilkynningu frá athvarfinu segir að vegna þess fjölda sem kom síðasta ár sé orðið ljóst að núverandi húsnæði sé alltof lítið fyrir starfsemina.

„Erfiður leigumarkaður og þær staðreyndir að ofbeldismaðurinn hefur yfirtekið heimilið og að ofbeldinu er síður en svo lokið þegar konan yfirgefur ofbeldismanninn gerir það að verkum að dvöl er iðulega lengri en æskilegt er í neyðarathvarfi,“ segir í tilkynningunni.

Konurnar sem sóttu athvarfið voru frá 36 löndum, en um helmingur þeirra var frá Íslandi. Átta af hverjum tíu ofbeldismönnum voru Íslendingar. Þeir voru í flestum tilvikum núverandi eða fyrrverandi sambýlis- eða eiginmenn kvennanna og feður eða stjúpfeður barnanna. Þeir voru á aldrinum 16 til 85 ára og var meðalaldur þeirra 44 ára.

Einnig leituðu meira en 200 konur í athvarfið til að leita eftir ráðgjöf og viðtölum, eða taka þátt í stuðningshópum, án þess að koma til dvalar. **- sv**

### Helmingur hafði hugleitt sjálfsvíg

- Meira en **60%** kvennanna höfðu hlotið líkamlega áverka í sambandinu.
- **12%** höfðu kært ofbeldið til lögreglu.
- Á bilinu **70** til **90%** kvennanna höfðu þjáðst af kvíða, ótta, svefnleysi, lystarleysi og þreytu vikurnar áður en þær komu í athvarfið.
- **60** til **70%** höfðu þjáðst af þunglyndi, höfuðverk og vöðvabólgu.
- **44%** höfðu hugleitt sjálfsvíg vikurnar fyrir komu.
- **Fjórðungur** kvennanna fór heim aftur í óbreyttar aðstæður.
- **Fjórðungur** kvennanna fór í nýtt húsnæði eða breyttar aðstæður þar sem ofbeldismaðurinn var farinn af heimilinu.

# Lífeyrissjóðir ósáttir við innleysingu skatts

**Landssamtök lífeyrissjóða segja ekki hægt að blanda saman afslætti sem fékkst í viðskiptum 2010 við niðurfærslu fasteignalána nú. Innleysing skatts á viðbótarsparnað dragi úr stöðugleika kerfisins. Fjármálaráðherra er einnig efins.**

**EFNAHAGSMÁL** „Það er fljótsagt, þetta fellur í mjög grýttan farveg á meðal lífeyrissjóðanna,“ segir Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða, um hugmyndir Helga Hjörvar, formanns efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, um aðkomu sjóðanna að niðurfærslu verðtryggðra lána.

Helgi sagði í Fréttablaðinu í gær að ríkið ætti að innleysa skatttekjur á frjálsan hluta viðbótarlífeyrissparnaðar. Þá bendir hann á að lífeyrissjóðirnir hafi fengið 20 milljarða aukaafslátt af verðtryggðum skuldabréfum sem keypt voru af Seðlabanka Lúxemborgar eftir hrunið. Þessa fjármuni megi nýta í niðurfærsluna.

Þórey segir ótækt að blanda saman viðskiptum sem áttu sér stað árið 2010 við breytingar á íbúðalánum nú. „Í þessum viðskiptum leystu lífeyrissjóðirnir inn dýrmætan gjaldeyri í gjaldeyrishöftum, þannig var aðkoma þeirra. Okkur þykir því ótækt að blanda þessu tvennu saman.“

Þórey segir ýmis rök mæla gegn hugmyndinni um að leysa inn skatttekjur á séreignasjóðina. „Í raun væri með því verið að draga úr stöðugleikanum í kerfinu og draga úr tiltrú almennings á kerfinu.

Þetta dregur úr vali einstaklinga um hvenær þeir ætla að nýta tekjur sínar og borga skatta. Þá eykur þetta ekki tekjur ríkisins, heldur hliðrar þeim í tíma. Þannig eykst byrði komandi kynslóða.“

Þórey segir að verði þetta að veruleika aukist líkurnar á því að ríkið beri stærri skerf af lífeyrisgreiðslum í framtíðinni. „Þetta mundi auka eyðsluna í dag og þýða minni sparnað og minni lífeyri. Byrðar almannatryggingakerfisins mundu því aukast í framtíðinni.“

Innan lífeyrissjóðanna er ekki verið að skoða hvort hægt sé að koma til móts við lántakendur með niðurfærslu lána. „Nei, að sjálfsögðu ekki. Lífeyrissjóðunum er ekki heimilt að gefa eftir eignir. Ef á að koma til móts við einhverja verður það að gerast í gegnum skattkerfið. Það þýðir ekki að einblína á lífeyrissjóðina til að leysa þessi mál.“ **kolbeinn@frettabladid.is**



**JAFNVÆGISLIST** Lífeyrissjóðirnir mega ekki gefa eignir eftir. Þeir telja að verði skattur á frjálsan viðbótarsparnað innleystur dragi það úr stöðugleika kerfisins og tiltrú almennings. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### Efast um að hægt sé að færa til baka

Oddný G. Harðardóttir fjármálaráðherra segir að líta þurfi yfir öll lánamál í kjölfar dóms Hæstaréttar um gengislán. Meta þurfi áhrif dómsins og skoða öll mál. Pétur H. Blöndal, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, spurði Oddnýju út í hugmyndir Helga Hjörvar á Alþingi í gær og hvort hún teldi lífeyrissjóðina hafa borð fyrir báru.

„Hvort lífeyrissjóðirnir séu aflögufærir, eða að hægt sé að færa viðskipti sem búið er að gera til baka, ég er ekki fær um að svara því hér og nú. Ég efast reyndar um að hægt sé að gera það, en þó er auðvitað sjálfsagt að skoða tillögur háttvirts þingmanns Helga Hjörvar hvað þetta varðar.“ Þá segir ráðherra það flókna aðgerð að taka inn skatt á séreignasparnað strax og skoða þurfi ýmsa vinkla, til dæmis hver sé hlutur sveitarfélaga, hvernig eigi að skattleggja sjóðinn og við hvaða tekjur eigi að miða.



**GENGIÐ TIL ATKVÆÐA** Senegalar kusu í forsetakosningum um helgina. Útlit var fyrir að kjósa þyrfti milli efstu tveggja manna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Forsetakosningar í Senegal:

## Wade náði ekki meirihlutakjöri

**SENEGAL, AP** Allt útlit er fyrir að kjósa þurfi að nýju í forsetakosningunum í Senegal þar sem enginn frambjóðandi var líklegur til að hljóta hreinan meirihluta í fyrstu umferð.

Abdoulaye Wade forseti leitast við að fá að sitja sitt þriðja kjörtímabil, þrátt fyrir fyrri loforð um annað, en það olli talsverðri reiði meðal almennings. Hefur alda óánægju og mótmæla því gengið yfir landið að undanförnu.

Ef af verður mun forsetinn mæta Macky Sall í næstu umferð, en hann er talinn munu sameina stjórnarandstæðinga og því eiga góða möguleika á sigri. **- þj**

### LÖGREGLUMÁL

**Þriggja bíla árekstur**

Þriggja bíla árekstur varð á Höfðabakka við Elliðaárbrúna á fjórða tímanum í gær. Gatan var lokuð um tíma. Að sögn vaktstjóra hjá slökkviliðinu var tækjabíll sendur á vettvang því ekki var hægt að opna einn bílinn sem í árekstrinum lenti. Ökumaður þess bíls var fluttur á slysadeild en meiðsli hans munu ekki vera mjög alvarleg.

### LEIÐRÉTT

Trébrú sem lögð hefur verið yfir stöðuvatnið Taungthaman í Búrma er 1,3 kílómetra löng, ekki 1.300 kílómetra löng, líkt og misritað var í blaði gærdagsins.

Victoria's Secret á Íslandi:

## Brjóstahaldarar ekki til sölu

**VERSLUN Undirfataverslunin Victoria's Secret opnar í Leifsstöð á morgun. Er þetta í fyrsta sinn sem keðjan opnar hér á landi. Engir brjóstahaldarar verða þó til sölu í búðinni, en að sögn Bjarklindar Sigurðardóttur, markaðsstjóra Fríhafnarinnar, krefst sala á þeim mun meiri þjónustu við viðskiptavini og því hafa forsvarsmenn keðjunnar tekið fyrir slíkt í flugstöðvum um allan heim.**

**Í búðinni verða til sölu snyrtivörur, fylgihlutir, töskur, nærbuxur og bolir. „Hver veit nema hægt verði að fá brjóstahaldarana síðar,“ segir Bjarklind.** - sv

Deilt um viðtöl í Kópavogi:

## Geta sleppt því að hitta íbúana

**SVEITARSTJÓRNIR** „Ef einstakir bæjarfulltrúar telja það óþarft að bjóða íbúum Kópavogs upp á viðtalstíma tvisvar á ári í klukkutíma í senn, þá geta þeir sleppt því að vera með viðtalstíma,“ segir í bókun Ármanns Kr. Ólafssonar, nýs bæjarstjóra í Kópavogi, á bæjarráðsfundi á fimmtudag.



**ÁRMANN KR. ÓLAFSSON**

Hafsteinn Karlsson úr Samfylkingu, sem nú er í minnihluta í bæjarstjórn, hafði gert athugasemdir við áætlun um viðtalstíma bæjarfulltrúa. „Samskiptatækni hefur tekið stórstígum framförum undanfarin ár sem gerir samskipti við íbúa auðveldari en að auglýsa viðtalstíma sem enginn mætir í,“ bókaði Hafsteinn. - gar






## VEÐURSPÁ



**Soffía Sveinsdóttir** veðurfréttamaður

**BEST A-TIL** Litlar breytingar eru á veðrinu í dag og næstu daga. Suðvestlægar áttir ríkja að mestu og vindur oft 5-13 m/s en lægir heldur á fimmtudaginn. Íbúar á NA- og A-landi hrósa happi þessa dagana enda úrkomulítið og nokkuð bjart. Kólnar lítillega.



**Á MORGUN** 8-13 m/s V-til, annars hægari.

**FIMMTUDAGUR** Fremur hægur vindur og kólnar.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 17° |
| Basel | 10° |
| Berlín | 9° |
| Billund | 14° |
| Frankfurt | 11° |
| Friedrichshafen | 9° |
| Gautaborg | 10° |
| Kaupmannahöfn | 10° |
| Las Palmas | 20° |
| London | 17° |
| Mallorca | 11° |
| New York | 8° |
| Orlando | 26° |
| Ósló | 3° |
| París | 13° |
| San Francisco | 11° |
| Stokkhólmur | 4° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Snorri Snorrason *snorris@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Benedikt Jónsson *benediktj@365.is*, Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Ívar Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, Sigrún Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason einar.skulason@365.is

NÝR RENAULT MEGANE

# 3,7 L/100 KM SJÁLFSKIPTUR

*M.V. LANGKEYRSLU

## FJÖLSKYLDUBÍLL SEM FER HRINGINN Á EINUM TANKI!

**RENAULT MEGANE** DÍSIL

VERÐ **3.490.000 KR.** SJÁLFSKIPTUR

Græn fjármögnun (ekkert lántökugjald)
50% útborgun 1.745.000 kr.
Greiðsla á mánuði í 84 mán. 28.487 kr.

FRÍTT Í STÆÐI! FRÍTT Í STÆÐI Á MIÐBORGARSVÆÐINU




**A** MENGUNARFLOKKUR

$CO_2$ ÚTBLÁSTUR 110 G/KM
er með því lægsta sem þekkist í bílum í þessum stærðarflokki.

**1428 km***
*Miðað við blandaðan akstur

**SPARNEYTINN**

Nýr Renault Megane með nýju 1500 rúmsentimetra dísilvélinni og 6 gíra sjálfskiptingunni er með sparneytnustu bílum sem völ er á. Hann getur ferðast 1428 km á einum tanki.

Aukabúnaður á mynd: 17" álfelgur og glertoppur.

**RENAULT MEGANE SPORT TOURER**

VERÐ **3.690.000 KR.**
SJÁLFSKIPTUR DÍSIL

Græn fjármögnun (ekkert lántökugjald)
50% útborgun 1.845.000 kr.
Greiðsla á mánuði í 84 mán. 29.940 kr.

FRÍTT Í STÆÐI! FRÍTT Í STÆÐI Á MIÐBORGARSVÆÐINU




ENNEMM / SÍA / NM50774



## KAFFI OG REYNSLUAKSTUR

Verið velkomin í kaffi og reynsluakstur. Þú þiggur kaffi og lætur sölumenn okkar aðstoða þig við að reikna út hvernig þú getur eignast nýjan sparneytinn Renault. Eftir að hafa reynsluekið Renault kemst þú að því hve lipur og vandaður bíllinn er. Komdu í heimsókn til okkar að Sævarhöfða 2 og prófaðu bílinn sem hentar þér – Sjáumst!

www.renault.is

RENAULT

Bílahúsið / Reykjanesbæ / 421 8808 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622 – Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533

BL Sævarhöfða 2, sími 525 8000

**KJÖRKASSINN**



*Bindur þú vonir við hugsanlega vinnslu olíu á Drekasvæðinu?*

| | |
|---|---|
| Já | 76,9% |
| Nei | 23,1% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Telur þú raunhæft að afnema verðtryggingu án annarra kerfisbreytinga á hagkerfinu?*

Segðu þína skoðun á visir.is vísir

Forsvarsmenn Símans árétta að lögreglan styðji málstað þeirra í deilunni við Póst- og fjarskiptastofnun:

# Lögregla vill ekki staðfesta skilning Símans

**LÖGREGLUMÁL** Aðstoðarlögreglustjóri vill ekki staðfesta að forsvarsmenn Símans fari rétt með efni fundar síns með honum í fyrri viku þar sem rætt var um mál manns sem varð uppvís að því að skoða símtalaskrá fyrrverandi eiginkonu sinnar.

Póst- og fjarskiptastofnun gagnrýndi Símann harkalega vegna málsins í ákvörðun sem Fréttablaðið greindi frá í gær og boðaði að málinu yrði vísað til lögreglu.

Síminn sendi frá sér yfirlýsingu í gær þar sem áréttuð voru sömu sjónarmið og forstjórinn Sævar Freyr Þráinsson lýsti í Fréttablaðinu. Afsökunarbeiðni til konunnar sem kvartaði, vegna þess að bréf hennar týndist í heilt ár, var ítrekuð.

Þá var í yfirlýsingunni fullyrt að á fundi með lögreglu í síðustu viku hafi lögregla látið í ljós sömu sjónarmið og Síminn hafði haft í frammi í deilum sínum við Póst- og fjarskiptastofnun; það er að málið hafi alla tíð átt heima á borði lögreglu en ekki Póst- og fjarskiptastofnunar og Símanum hafi enn fremur verið óheimilt að afhenda öðrum en lögreglu eða ákæruvaldi slíkar upplýsingar.



SÆVAR FREYR ÞRÁINSSON



JÓN H. B. SNORRASON

Jón H.B. Snorrason, aðstoðarlögreglustjóri, staðfestir í samtali við Fréttablaðið að hafa fundað um málið með Símamönnum í fyrri viku en vill hvorki játa því né neita að sá skilningur sem birtist í yfirlýsingu Símans eigi við rök að styðjast. Hann segir þó ótvírætt að hann telji að mál sem þessi eigi að koma til kasta lögreglu. **- sh**






# Ólafur Ragnar tekur viku til umhugsunar

**Ólafur Ragnar Grímsson hyggst tilkynna hvort hann gefi áfram kost á sér sem forseti í þessari viku eða næstu. Hann segist hafa talað skýrt um að láta af embætti í nýársávarpi sínu en verði að taka áskoranir um að halda áfram alvarlega.**

**FORSETAKJÖR** Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, segist þurfa tíma til að gera upp við sig hvort hann eigi að verða við áskorunum um að hann gefi kost á sér í forsetakjöri í sumar. Hann hyggst tilkynna þjóðinni um ákvörðun sína síðar í þessari viku eða í þeirri næstu.

Ólafur veitti í gær viðtöku rúmlega 30 þúsund undirskriftum þar sem hann er hvattur til þess að bjóða sig fram enn á ný í sumar. Undirskriftunum var safnað á vefsíðunni Áskorun til forseta en að baki söfnuninni stóðu meðal annarra ráðherrarnir fyrrverandi Guðni Ágústsson og Ragnar Arnalds auk Baldurs Óskarssonar, fyrrum framhaldsskólakennara. Af því tilefni boðaði forsetaembættið til blaðamannafundar þar sem fjölmiðlamönnum gafst færi á að ræða við forseta um fyrirætlanir hans.

Á fundinum sagði Ólafur að hann hefði í nýársávarpi sínu talað skýrt og í einlægni um þá ákvörðun sína að láta af embætti í sumar. Í kjölfarið hefðu fjölmiðlar hins vegar farið að lesa ýmislegt í orð sín sem ekki hefði verið þar að finna. Tók Ólafur svo til orða að svo virtist sem menn hefðu verið svo uppteknir við að lesa á milli línanna að gleymst hefði að lesa línurnar sjálfar.

„Við erum nú í þeim sporum og það er minn vandi […] að fjölmargir eru ekki reiðubúnir að fallast á þá niðurstöðu sem ég lýsti í nýársávarpinu,“ sagði Ólafur Ragnar og hélt áfram: „Þess vegna tel ég það bæði lýðræðislega skyldu mína og reyndar líka siðferðilega að horfast í augu við þessar óskir sem bæði hafa komið fram í könnunum og í þessum undirskriftum. Ég mun því taka til skoðunar á nýjan leik þá niðurstöðu sem ég tilkynnti og rökstuddi að mínum dómi allrækilega í nýársávarpinu.“



**BESSASTÖÐUM Í GÆR** Guðni Ágústsson, fyrrum ráðherra, tók til máls fyrir hönd áskorenda á Bessastöðum í gær. Guðni sagði undirskriftasöfnunina snúast um traust, reynslu og forystuhæfni Ólafs og vísaði í kjölfarið til ákvarðana Ólafs í Icesave-málinu og málflutnings hans fyrir Íslands hönd á erlendum vettvangi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**31.773**

kjósendur skrifuðu undir áskorun til Ólafs Ragnars um að gefa kost á sér á ný til embættis forseta Íslands.

Loks sagði Ólafur að allar vangaveltur um að nýársávarp sitt hafi verið skrifað með það fyrir augum að skapa óvissu um fyrirætlanir sínar vera út í hött. Hann benti á að ef hann léti af embætti í sumar yrðu eftirlaun hans álíka há og þau laun sem hann hlyti í embætti. Hann hefði því ekki fjárhagslegan ávinning af því að halda áfram. Þá hefði hann meira frelsi með því að hætta í sumar. „Þannig að það er alveg sama hvernig málið er skoðað. Það liggur allt þannig að það það var mín einlæga ósk og allra í fjölskyldunni að þjóðin myndi finna sér aðra vegferð á þessum tímamótum en að ég yrði áfram í þessu embætti,“ sagði Ólafur Ragnar að lokum. **magnusl@frettabladid.is**


## Tölvunámskeið fyrir heldri borgara 60+



### Grunnnámskeið

**30 kennslustd. tölvunámskeið fyrir algjöra byrjendur 60+.**
Hæg yfirferð með reglulegum endurtekningum í umsjá þolinmóðra kennara. Ritvinnsla, internetið og tölvupóstur.
**Hefst 8. mars. og lýkur 28. mars. - Kennt þriðju- og fimmtudaga**
Verð kr. 29.000.- (Kennslubók á íslensku innifalin).

### Framhald

30 kennslustd. námskeið. Hentar þeim sem lokið hafa grunnnámskeiðinu eða hafa sambærilega undirstöðu.
**Hefst 7. mars og lýkur 28. mars. - Kennt mánu- og miðvikudaga**
Verð kr. 29.900.- (Kennslubók á íslensku innifalin).

### Stafrænar myndavélar 60+



**Fyrir þá sem hafa lokið framhaldsnámskeiðinu eða hafa sambærilega undirstöðu.**
Þátttakendur nota eigin myndavél og læra notkun og stillingu hennar ásamt meðferð stafrænna ljósmynda í tölvu. M.a. færa myndir úr myndavél í tölvu, flokkun, einfaldar lagfæringar, prentun og sendingar mynda í tölvupósti.
**Hefst 5. mars. og lýkur 14. mars. - Lengd námskeiðs 18 std.**
Verð kr. 19.900,- (Kennslubók á íslensku innifalin).

GEYMIÐ AUGLÝSINGUNA

PROMENNT
Skeifunni 11B • 108 Reykjavík • Sími 519 7550
promennt@promennt.is • www.promennt.is


Niðurrif eða framkvæmdir við Norðurturn á vegum Kópavogsbæjar ekki kostur:

# Dagsektir vegna ókláraðs turns

**SVEITARSTJÓRNIR** Bæjaryfirvöld í Kópavogi ætla ekki að beita mannvirkjalögum til að annað tveggja láta rífa Norðurturninn við Smáralind eða ljúka við bygginguna.

Fram hefur komið í Fréttablaðinu að Eignarhaldsfélagið Smáralind ehf. telur það valda því fjárhagstjóni að Norðurturninn sé ókláraður utan í verslunarmiðstöðinni. Eigandi Norðurturnsins er gjaldþrota. Í umsögn skrifstofustjóra umhverfissviðs Kópavogs til bæjarráðs er vitnað til þess að Helgi Birgison skiptastjóri segi viðræður í gangi um framtíð byggingarinnar.

„Full ástæða er til þess að taka mið af þeim óvenjulegu efnahagsaðstæðum sem ríkja um þessar mundir og gefa aðilum nokkuð svigrúm til þess að leita leiða til að klára bygginguna,“ segir skrifstofustjórinn sem kveður umfang verkefnisins slíkt að tæplega komi til álita að bærinn beiti mannvirkjalögum og láti klára verkið eða rífa bygginguna. Eina úrræðið sé beiting dagsekta sem séu með lögveði í byggingunni. Umdeilanlegt sé hvort árangursríkt sé að beita þrotabú dagsektum.



**NORÐURTURNINN** Bæjarráð hefur samþykkt að gera þriggja mánaða frest til að gera áætlun um framhald framkvæmda við húsið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Bæjarráð ákvað að ef viðræður um framtíð Norðurturnsins skila árangri verði kallað eftir framkvæmdaáætlun frá nýjum eigendum. Verði hins vegar enginn framgangur á næstu þremur mánuðum verði kannað hvort skilyrði séu fyrir dagsektum. **- gar**




Egill Árnason - Suðurlandsbraut 20 - 108 Reykjavík - Sími: 595 0500 - www.egillarnason.is
Opnunartímar: Mánudaga - föstudaga kl. 9 - 18 og laugardaga kl. 11 - 15

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** *Hvað heitir ný veira sem lagst hefur þungt á sauðfé í Bretlandi, Hollandi og Þýskalandi?*

**2.** *Hvað brautskráðust margir nemendur frá Háskóla Íslands um helgina?*

**3.** *Hver er formaður efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis?*

**SVÖRIN**

*1. Schmallenberg-veira. 2. Fjögurhundruð áttatíu og fjórir. 3. Helgi Hjörvar.*

Utanríkisráðherrar Evrópusambandsins taka á ástandinu í Sýrlandi:

# Herða refsiaðgerðir gegn Assad

**BRUSSEL, AP** Utanríkisráðherrar ESB ákváðu í gær að herða enn refsiaðgerðir sínar gegn stjórnvöldum í Sýrlandi. Markmiðið er að þrýsta á um að stjórnvöld slaki á klónni í aðgerðum gegn stjórnarandstæðingum í landinu.

Sambandið fyrirskipaði að eigur fjölmargra embættismanna í stjórn Bashars Assad forseta skyldu frystar auk þess sem gripið er til aðgerða gegn seðlabanka landsins. Þá er tekið fyrir viðskipti með demanta, gull og aðra eðalmálma frá Sýrlandi og vöruflug til landsins eru bönnuð.



**FRÁ SÝRLANDI** Bardagar geysa enn í Sýrlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

ESB hefur þegar komið á margs konar þvingunaraðgerðum og meðal annars fryst eigur um 100 einstaklinga og 38 fyrirtækja.

Það hefur ekki skilað miklu þar sem Assad situr sem fastast. Talið er að um 8.000 manns hafi látist í átökunum á tæpu ári.

Þrátt fyrir ástandið í landinu efndi Assad til þjóðaratkvæðagreiðslu um nýja stjórnarskrá.

Þar er meðal annars kveðið á um að fleiri stjórnmálaflokkar verði leyfðir og að forseti megi gegna embætti í tvö sjö ára kjörtímabil hið mesta.

Tillagan var samþykkt með 89 prósentum atkvæða, en stjórnarandstæðingar sniðgengu kosningarnar og sögðu þær skrípaleik. **- þj**

Evrópustofa á Íslandi:

## Funda um ESB á Hótel KEA

**EVRÓPUMÁL Morten Jung, yfirmaður Íslandsmála hjá stækkunarskrifstofu ESB, og Timo Summa, sendiherra ESB á Íslandi, koma fram á kynningarfundi á Hótel KEA á Akureyri annað kvöld milli kl. 17 og 18.**

**Þar munu þeir fjalla um stöðu mála innan ESB og gang aðildarviðræðna sambandsins við Ísland. Fundurinn er á vegum Evrópustofu, upplýsingarmiðstöðvar ESB, og er hluti af röð slíkra funda sem haldnir verða út um allt land á komandi vikum. - þj**


*Skráðu þig núna í nám og fáðu forskot:*

**Hagnýtt bókhald**

Mjög gagnlegt bókhaldsnám sem ætlað er öllum þeim, sem vilja ná góðum tökum á bókhaldsvinnu, t.d. sjálfstæðum atvinnurekendum og þeim sem ætla að vinna við bókhald.

Bókhald er kennt frá grunni ásamt öllum lykilreglum sem skipta máli við bókhald. Raunhæf verkefni og alvöru bókhaldsgögn notuð við kennsluna. Hefðbundið bókhald og tölvubókhald kennt af frábærum kennurum. Meira en 530 bókarar hafa lært hjá okkur.

Dagnámskeið hefst 19. mars (9:00-12:00)

Verð aðeins 109.900
Hagstæðir greiðsluskilmálar

**Tölvunám TV til betri verka**
– hringdu núna í síma 520 9000
– og skoðaðu mikið úrval námskeiða á www.tv.is

TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN

43.000 hafa sótt námskeið frá 1986

Grensásvegi 16 • Sími: 520 9000 www.tv.is



**Félagsfundur**

**Félagsfundur Sjálfsbjargar félags fatlaðra á höfuðborgarsvæðinu verður haldinn í kvöld, þriðjudag, kl. 19.30 í félagsheimili Sjálfsbjargar, Hátúni 12.**

**Fundarefni:**
Sjálfsbjörg – þekkingarmiðstöð, staða mála.
Guðbjörg Kristín Eiríksdóttir hópstjóri flytur erindi.
Að erindi loknu svara Guðbjörg Kristín og Tryggvi Friðjónsson framkvæmdastjóri fyrirspurnum úr sal.
Kaffiveitingar
Söngdívurnar flytja nokkur lög
Ásta Dís flytur hugleiðingar um jákvæðni

*Allir velkomnir.*

SJÁLFSBJÖRG







# Vaxandi vilji til að kjósa um viðræður

**Sjálfstæðis- og Framsóknarflokkur vilja að þjóðin kjósi um áframhald aðildarviðræðna að ESB. Ráðherra vill klára samning og að þjóðin kjósi á kjörtímabilinu. ESB-tillaga gæti fylgt stjórnarskrártillögu samhliða forsetakosningum.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hver er stuðningur við aðildarviðræður við ESB hjá þingmönnum?

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra opinberaði þá skoðun sína um helgina að standa ætti við fyrri tímaplön varðandi aðildarviðræður að Evrópusambandinu (ESB) og kjósa um fullgerðan samning á þessu kjörtímabili. Sú yfirlýsing fór illa í ráðherra utanríkismála, Össur Skarphéðinsson, sem segir við Morgunblaðið að það sé ávísun á vanbúinn samning. Hefðu menn viljað standa við tímaplanið hefði átt að setja meiri trukk í viðræðurnar fyrr, ekki þvælast fyrir þeim eins og margir hafi gert, ekki síst í flokki innanríkisráðherrans.

Aðildarumsóknin er ríkisstjórninni flókin og hefur verið frá upphafi. Samkvæmt stjórnarsáttmála var samþykkt tillaga um umsókn, sem ljóst var að var í andstöðu við stefnu Vinstri grænna. Samningur skyldi lagður undir þjóðina og flokkarnir höguðu málflutningi sínum í takt við stefnuskrána.

Sú staða hefur því verið uppi að ríkisstjórnin stendur fyrir umsókn að sambandi sem helmingur hennar hefur ekki áhuga á að tilheyra.

Andstöðu gagnvart aðildarumsókninni er að finna í Vinstri grænum, Sjálfstæðisflokki og ekki síst Framsóknarflokki. Vigdís Hauksdóttir, þingmaður síðastnefnda flokksins, hefur reglulega lagt fram tillögu um að þjóðin verði spurð álits á því hvort viðræðum skuli haldið áfram. Nú leggur hún til að kosið verði samhliða forsetakosningum í sumar.

Sjálfstæðisflokkurinn samþykkti á landsfundi sínum árið 2010 að gera ætti hlé á aðildarviðræðum og leggja það í dóm þjóðarinnar hvort þeim yrði fram haldið. Í umræðum um tillöguna kom fram að með því fengist skýrt umboð til áframhaldandi viðræðna, samþykkti þjóðin slíka tillögu. Hafni þjóðin henni sé hægt að segja sig frá viðræðunum strax og eyða ekki frekari tíma vina- og frændþjóða í samningana.



**KJÖRKASSI** Stjórnarliðar vilja að þjóðin kjósi um stjórnarskrá samhliða forsetakosningum í sumar. Stjórnarandstaðan vill að þjóðin kjósi um áframhald aðildarviðræðna við ESB við sama tækifæri. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

### Samþykkt landsfundar 2010

Sjálfstæðisflokkurinn varaði við því að hafnar yrðu aðildarviðræður við ESB án þess að ákvörðun um að óska eftir aðild væri tekin á grundvelli breiðrar samstöðu í samfélaginu og án þess að skýr samningsmarkmið lægju fyrir. Ekkert tillit var tekið til þeirra aðvarana og eru aðildarviðræðurnar nú í ógöngum á ábyrgð klofinnar ríkisstjórnar til málsins. Landsfundur ályktar að gera skuli hlé á aðildarviðræðum við Evrópusambandið og þær ekki hafnar að nýju nema það verði samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Fyrir liggur að stjórnarmeirihlutinn hyggst leggja frumvarpsdrög stjórnlagaráðs í þjóðaratkvæði, líklega í sumar, og vinna svo lagafrumvarp upp úr niðurstöðunni.

Heimildarmenn Fréttablaðsins hafa spurt hvort ekki gildi hið sama um Evrópumálin. Með því að spyrja þjóðina beint fáist álit hennar á aðildarviðræðunum sem síðan verði unnið úr. Það geti heldur ekki verið flókið í framsetningu að bæta við einni já/nei spurningu, fyrst á annað borð eigi að útvíkka forsetakosningarnar.

Ljóst er að tillaga þess efnis gæti reynst stjórninni erfiður ljár í þúfu. Það gæti reynst erfitt að skýra af hverju þjóðin sé spurð álits í miðju stjórnarskrárferli, en ekki megi fyrir nokkurn mun gera slíkt hið sama í miðju umsóknarferli. Þá er óvíst hver afstaða einstakra þingmanna VG yrði gagnvart slíkri tillögu. **kolbeinn@frettabladid.is**

„Algjört kjaftæði,“ segir Þór Saari, sem segist hafa leiðrétt brigslyrði um LÍÚ:

# Prófessor stefnir alþingismanni

**DÓMSMÁL** Ragnar Árnason, hagfræðiprófessor við Háskóla Íslands, hefur stefnt Þór Saari, þingmanni Hreyfingarinnar, fyrir dóm vegna meiðyrða. Ragnar krefur Þór um hálfa milljón króna í miskabætur.

Tilefnið er ummæli sem Þór lét falla í samtali við DV þess efnis að Ragnar hefði þegið greiðslur frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna í áratugi.

„Ég missti það út úr mér á harðahlaupum í samtali við blaðamann DV að hann væri búinn að vera á launum hjá LÍÚ í langan tíma. Svo hafði Ragnar nú samband við mig símleiðis og útskýrði fyrir mér að þetta væri rangt og bað mig að leiðrétta þetta,“ segir Þór. Það hafi verið gert en allt hafi komið fyrir ekki.





**RAGNAR ÁRNASON ÞÓR SAARI**

Þór er ósáttur við að Ragnar skuli grípa til þessa úrræðis og telur það setja tjáningarfrelsi hans skorður. „Þetta er búið að kosta mig 250 þúsund nú þegar og mun örugglega kosta mig milljón þegar upp er staðið. Út af einhverju svona algjöru kjaftæði.“

Ragnar vildi ekki tjá sig um málið en vísaði á lögmann sinn, Huldu Árnadóttur. Hún segir að leiðréttingin í DV hafi ekki verið fullnægjandi.

„Ragnar fór þess á leit við hann að hann bæðist opinberlega afsökunar og drægi ummælin til baka en hann var ekki fús til þess og þar af leiðandi var Ragnar nauðbeygður til að höfða þetta mál til að fá ummælin dæmd dauð og ómerk,“ segir Hulda. **- sh**

netto
Kræsingar & kostakjör

# FÁÐU D-VÍTAMÍN ÚR MJÓLKURVÖRUM

**D-vítamín hjálpar þér að vinna kalkið úr mjólkurvörum. Kalk er nauðsynlegt fyrir uppbyggingu vöðva og beina.**

**Að gefnu tilefni bendir Nettó á að neðangreindar mjólkurvörur eru allar D-vítamínbættar.**
















Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**

Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær - Borgarnes - Egilsstaðir

**973,21** **VAR GENGI** íslensku hlutabréfavísitölunnar OMXI6ISK við lokun í gær. Hún hefur hækkað um 7,0% frá áramótum.


## Verður skólinn án bóka?

**Ráðstefna Félags lesblindra á Íslandi**
**Tími: 29. febrúar kl. 13-16:30. Innritun hefst kl. 12:45.**
**Staður: Menntavísindasvið Háskóla Íslands v. Stakkahlíð**

Á ráðstefnunni verður m.a. leitað svara við eftirfarandi spurningum:

- Hvaða stefnu skal marka í rafbókarvæðingu skólakerfisins hérlendis?
- Hvað hefur verið gert í þeim málum hingað til?
- Hvað ber framtíðin í skauti sér?



Aðal fyrirlesari ráðstefnunnar, **Ollie Bray,** miðlar af reynslu sinni í þessum efnum, en hann hefur komið víða við á ferli sínum sem ráðgjafi í þessum málaflokki í Skotlandi.

Ráðstefnan er ætluð aðilum í menntageiranum auk annars áhugafólks um þetta mikilvæga málefni.

Aðgangur er ókeypis og eru allir áhugasamir hvattir til þess að mæta.

Nánari upplýsingar á **www.fli.is**.

**29. febrúar 2012 kl. 13-16.30, allir velkomnir!**


# Arion má eiga 10% hlut í Högum áfram

**FME veitti dótturfélagi Arion banka leyfi í lok síðustu viku til að eiga 10% hlut í Högum. Áður átti bankinn að selja hlutinn fyrir 1. mars. Allt að hundrað fjárfestum öðrum en fagfjárfestum boðið að taka þátt í lokuðu útboði.**

Allt að hundrað aðilum sem teljast ekki fagfjárfestar samkvæmt lögum verður boðið að taka þátt í lokuðu útboði á sölu Eignabjargs ehf., dótturfélags Arion banka, á að lágmarki 10% hlut í Högum. Þá veitti Fjármálaeftirlitið (FME) Eignabjargi, dótturfélagi Arion banka, á föstudag leyfi til að eiga 10% hlut í félaginu. Eftirlitið hafði áður gert félaginu að selja allan hlut sinn í Högum fyrir 1. mars næstkomandi.

Eignabjarg tilkynnti seint á föstudag að félagið myndi selja að minnsta kosti 10% hlut í Högum í lokuðu útboði í þessari viku. Útboðið var ekki hafið í gær og mun því að öllum líkindum standa yfir í dag og á morgun.

Halldór Bjarkar Lúðvíksson, framkvæmdastjóri fjárfestingasviðs Arion banka, segir að þó að FME hafi veitt Eignabjargi leyfi til að eiga áfram hlut í Högum þá muni það á einhverjum tímapunkti selja alla eign sína í félaginu. „Samkvæmt ákvörðun FME var okkur skylt að selja allan hlutinn, eða tæp 20%. En nú hafa þeir veitt okkur heimild til að sitja með ákveðið magn af bréfum í viðskiptum fyrir eigin reikning. FME staðfesti það við okkur í síðustu viku, á föstudag, að þeir myndu draga mörkin við 10%. Ef við færum undir þau mörk í eignarhaldi þá væri þeirra afskiptum að málinu lokið."

Að sögn Halldórs er stjórn Eignabjargs ekki búin að gera það upp við sig um hversu mikið verður selt í útboðinu í þessari viku. Það fari algjörlega eftir áhuga og verðhugmyndum áhugasamra fjárfesta.

Útboðið er lokað og Eignabjarg mun bjóða völdum aðilum að taka þátt í því. Þeir verða fagfjárfestar á borð við lífeyrissjóði og fjárfestingasjóði auk þess sem Eignabjarg mun bjóða völdum fjárfestum sem ekki falla undir þá skilgreiningu að taka þátt. Halldór segir það vera í samræmi við heimild í lögum. „Sú heimild segir að það sé heimilt að bjóða allt að hundrað fjárfestum sem ekki eru með þann stimpil að vera hæfir fjárfestar inn í lokað útboð án þess að gefa út viðbótarupplýsingar og viðauka við útboðslýsinguna."

Eignabjarg er sem stendur stærsti einstaki eigandi Haga með um 20% hlut. **thordur@frettabladid.is**




**HAGAR** Félagið var sett á markað í desember síðastliðnum og hlutabréf þess hafa hækkað um fimmtung í verði síðan þá. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### Hagar í góðum rekstri

Hagar högnuðust um 1,9 milljarða króna frá 1. mars til loka nóvember 2011. Félagið seldi vörur fyrir 49,9 milljarða króna á tímabilinu og átti eigið fé upp á 5,7 milljarða króna í lok þess.

Samkvæmt nýrri skýrslu Samkeppniseftirlitsins eru Hagar, sem reka m.a. Bónus og Hagkaup, með 53% hlutdeild á dagvörumarkaði. Samstæðan er því sú langstærsta innan hans á Íslandi. Þegar horft er einvörðungu til höfuðborgarsvæðisins er markaðshlutdeild Haga um 60%. Félagið hefur staðfesta markaðsráðandi stöðu í skilningi samkeppnislaga.


## Framúrskarandi
lausnir á einum stað

**RÁÐGJÖF**
Hjá Rue de Net starfar samstíga hópur sérfræðinga með áralanga reynslu af rekstri og innleiðingu viðskiptakerfa.

**VIÐSKIPTALAUSNIR**
Bjóðum uppá þrautreyndar viðskiptalausnir, eins og Microsoft Dynamics NAV og LS Retail.

**SAMÞÆTTING**
Við hjálpum þér að fá meira út úr fjárfestingu í viðskiptalausnum með samþættingu við önnur upplýsingakerfi.

**KERFISÖRYGGI**
Við tryggjum hámarks virkni og áreiðanleika viðskiptalausna þinna.



REYNSLA, ÞJÓNUSTA OG PERSÓNULEG RÁÐGJÖF
Rue de Net hefur yfir að ráða samstíga hópi sérfræðinga með áralanga reynslu af rekstri viðskiptakerfa, innleiðingu og samþættingu viðskiptalausna. Við leggjum áherslu á nána og persónulega ráðgjöf þar sem ráðgjafi Rue de Net kemur að verkferlinu frá byrjun til enda, frá sölu til afhendingar vöru, lausnar og þjónustu.

rue de net
www.ruedenet.is

Rue de Net Reykjavík - Vesturgötu 2a, 101 Reykjavík - Sími: 414 5050 - ruedenet@ruedenet.is





**NÝIR MENN Í BRÚNNI** Í gær var tilkynnt að allir stjórnarmenn Olympus hefðu sagt af sér í kjölfar hneykslismála. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Uppgjör hafið hjá ljósmyndarisanum Olympus:

# Stjórnin sagði af sér eftir hneykslismál

**JAPAN, AP** Allir stjórnarmenn í japanska stórfyrirtækinu Olympus hafa sagt af sér og ný forysta hefur tekið við. Vonast er til þess að með því verði hægt að snúa fyrirtækinu til betri vegar eftir hneykslismál síðustu mánaða.

Í lok síðasta árs kom í ljós að menn í efstu stöðum innan fyrirtækisins höfðu um árabil reynt að breiða kerfisbundið yfir gríðarlegt tap á fjárfestingum. Alls tapaði Olympus um 117,7 milljörðum jena, að jafngildi um 180 milljarða króna, með þessum hætti, en tapið var falið fyrir hluthöfum og eftirlitsaðilum.

Fyrr í mánuðinum voru þrír fyrrum stjórnendur Olympus handteknir fyrir að standa á bak við yfirhylminguna, sem kom í ljós eftir rannsókn og yfirlýsingar fyrrum forstjóra. Sá hafði einmitt verið rekinn fyrir að fetta fingur út í vafasamar færslur í reikningum fyrirtækisins. **- þj**

Bandaríska lyfjafyrirtækið Watson í þreifingum um kaup á Actavis:

# Fyrirtækið til sölu fyrir rétt verð

Eigendur samheitalyfjafyrirtækisins Actavis hafa átt í viðræðum við bandaríska lyfjafyrirtækið Watson um kaup á því. DV greindi frá þessu í gær. Ragnhildur Sverrisdóttir, talskona Björgólfs Thors Björgólfssonar stærsta eiganda Actavis, vildi hvorki játa né neita því að viðræður stæðu yfir við Watson. Hún sagði það þó ekkert launungarmál að Actavis væri til sölu ef rétt verð myndi fást fyrir fyrirtækið.

Heimildir Fréttablaðsins herma að þreifingar hafi átt sér stað milli núverandi eigenda og lánardrottna Actavis og Watson um sölu á fyrirtækinu. Takist að selja Actavis mun þorri söluandvirðisins renna til stærstu kröfuhafa Actavis, Deutsche bank, skilanefndar Landsbankans og Standard Bank. Fáist mjög hátt verð fyrir fyrirtækið gætu Björgólfur Thor og lykilstarfsmenn Actavis einnig hagnast vel á sölunni.

Watson er fimmta stærsta lyfjafyrirtæki Bandaríkjanna.

- þsj



**EIGANDI** Björgólfur Thor Björgólfsson er stærsti eigandi Actavis.

Nýr sími frá Nokia kynntur í Barcelona í gær:

# 41 megapixils myndavél

Tæknifyrirtækið Nokia opinberaði í gær snjallsíma með 41 megapixils myndavél á tækniráðstefnu í Barcelona.

Samkvæmt talsmanni Nokia mun síminn búa yfir mörgum tækninýjungum. Þar á meðal er nýstárleg tækni frá Dolby sem breytir stöðluðu tvírása hljóði í víðóma hljóð. Mál málanna er þó myndavél símans sem er með 41 megapixils upplausn. Hún er einnig með linsu frá Carl Zeiss.

Að sögn Nokia getur myndavélin meðtekið gríðarlegt magn upplýsinga og þar af leiðandi er upplausn ljósmyndanna mikil. Tæknin er kölluð PureView og verður hún staðalbúnaður í næstu snjallsímum Nokia.



**NÝI SÍMINN** Síminn skartar linsu frá Carl Zeiss. MYND/NOKIA



**VEL REKIÐ FÉLAG** Þótt Arsenal hafi ekki gengið alveg sem skyldi á leiktíðinni er rekstur félagsins í góðum málum. NORDICPHOTOS/GETTY

Góður rekstur á Arsenal:

## Hagnaðist um 9,3 milljarða

Enska knattspyrnufélagið Arsenal hagnaðist um 41,6 milljónir punda, eða sem nemur tæplega 9,3 milljörðum króna, á seinni helmingi ársins í fyrra. Sala leikmanna skipti sköpum fyrir reksturinn, að því er fram kemur á vef breska ríkisútvarpsins BBC.

Rekstrarafkoman batnaði um 49,5 milljónir punda frá sama tímabili árið á undan en þá tapaði félagið 6,1 milljón punda.

Salan á spænska landsliðsmanninum Cesc Fabregas til Barcelona og Frakkanum Samir Nasri til Manchester City skipti sköpum fyrir félagið á fyrrnefndu tímabili og stóð undir stærstum hluta hagnaðarins.

Tæknigræjur ársins 2011:

## MacBook Air fartölva ársins

**Ritstjórar tæknifréttasíðunnar Engadget völdu MacBook Air fartölvu ársins í árlegu vali sínu á græjum ársins. Snjallsími Samsung, Galaxy Nexus, var valinn sími ársins.**

**Engadget er ein vinsælasta tæknifréttasíða veraldar og hefur hlotið fjölda verðlauna fyrir umfjallanir sínar. Ritstjórum síðunnar er fátt óviðkomandi og var græjunum skipt í 15 flokka.**

**Tæknirisinn Apple sigraði í þremur flokkum. iPad var valin spjaldtölva ársins og iMac tölva ársins. Lesbretti ársins var Kindle Fire frá vefversluninni Amazon. Þá var Xbox 360 kosin leikjatölva ársins og ryksugan Roomba 7000 valin vélmenni ársins.**

**Versta græja ársins var að mati Engadget snjallsíminn Thunderbolt sem framleiddur er af HTC.**


# Hvert stefnir?

Staða og þróun markaða

**Landsbankinn býður til opinnar ráðstefnu um stöðu og þróun innlendra og erlendra markaða, fimmtudaginn 1. mars kl. 8.30 á Hilton Reykjavík Nordica.**

Fjallað verður um yfirstandandi sviptingar á erlendum mörkuðum sem hafa mikil áhrif á íslenskt hagkerfi og endurreisn íslensks atvinnulífs. Einnig verður fjallað um efnahagsstöðugleika á Íslandi og hlutskipti íslenskra fyrirtækja í alþjóðlegum viðskiptum á þessum tímum. Sérstakur gestur ráðstefnunnar er Dr. Martin Feldstein, prófessor við Harvard háskóla, einn kunnasti hagfræðingur Bandaríkjanna.

**Dagskrá:**

08.30 Skráning og morgunverður

09.00 *Ragna Árnadóttir* fundarstjóri setur fundinn

09.10 *Dr. Martin Feldstein,* prófessor við Harvard háskóla
Staða og þróun á erlendum mörkuðum

10.00 *Már Guðmundsson,* bankastjóri Seðlabanka Íslands
Staðan á Íslandi – fjármálastöðugleiki

10.30 *Eggert Benedikt Guðmundsson,* forstjóri HB Granda
Íslenskt fyrirtæki í alþjóðlegum viðskiptum á óvissutímum

10.50 *Theo Hoen,* forstjóri Marels
Hvað þarf til að halda íslenskum fyrirtækjum í landi?

11.10 Pallborðsumræður

Skráðu þig á landsbankinn.is.

**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000

# skoðun

greinar@frettabladid.is

## Kosningabaráttan er hafin:

# Vítisvélin fóðruð

Helgi Hjörvar, formaður efnahags- og viðskiptanefndar, lýsti því yfir í Fréttablaðinu í gær að óhjákvæmilegt væri að ráðast í almenna niðurfellingu á húsnæðisskuldum. Þær aðgerðir eru þó ekki almennari en svo að þær eiga að takmarkast við að lækka skuldir afmarkaðs hóps sem tók verðtryggð lán á árunum 2004 til 2008 um 50 milljarða króna.

Helgi fylgir ekki nýmóðins tískustraumum og sleppir því að tala um peningaprentun sem raunhæfa leið í þessum efnum. Hann lýðskrumar heldur ekki um að erlendu kröfuhafarnir sem töpuðu á áttunda þúsund milljörðum króna á bankahruninu eigi að borga niður skuldir annarra. Helgi gerir sér grein fyrir því að sá kostnaður lendir alltaf á herðum almennings. Hann segir orðrétt að „stór kúfur í skuldum heimilanna er náttúrulega hjá Íbúðalánasjóði og lífeyrissjóðum. Lækkun á þeim skuldum mun enginn borga nema við sjálf“. Til að fjármagna þessa einskiptisaðgerð vill Helgi því innleysa framtíðarskattekjur á frjálsan viðbótarlífeyrissparnað og knýja lífeyrissjóði til að lækka ávöxtun eignarsafns síns um eitt prósent í eitt ár.


SKOÐUN



Þórður Snær Júlíusson
thordur@frettabladid.is


Helgi rökstyður skoðun sína með því að nýfallinn dómur Hæstaréttar í gengislánamálum hafi sett hóp í samfélaginu í betri stöðu en aðra hópa og „því sé rétt að endurdreifa byrðunum“. Þar með er áhrifamaður innan stjórnarflokkanna búinn að stökkva á skuldaafskriftavagninn með fulltrúm annarra stjórnmálaafla. Helgi hefur slegist í för með þingmönnum Hreyfingarinnar, Framsóknarflokks og meira segja Sjálfstæðisflokks, sem eiga í orði að vera mestu varðhundar eignarréttarins á Íslandi, í þeirri vegferð. Þá samþykkti flokksráðsfundur VG ályktun á föstudag um að flokkurinn eigi að hafa „frumkvæði að því að móta leiðir til að draga úr skuldavanda heimila og fyrirtækja. Brýnt er að afnema verðtrygginguog leiðrétta þá okurvaxtabyrði og auknu skuldabyrði sem hún hefur valdið“. Þverpólitísk samstaða virðist því vera að myndast um sértæka eignatilfærslu þar sem eignir allra verða teknar og afhentar sumum.

Á árunum 2004 til 2008 var blásin upp stærsta fasteignabóla Íslandssögunnar. Sumir högnuðust á henni. Aðrir töpuðu. Flestir komu ekki nálægt henni. Engin krafa er uppi um að gera þann hagnað sem myndaðist í bólunni upptækan. Krafan einskorðast við að þjóðnýta tap þeirra sem keyptu sér húsnæði sem tímabundið hefur tapað verðgildi. Það svigrúm sem aðgerðin býr til nýtir sá hópur annaðhvort í neyslu, sem skapar verðbólgu, eða í fjárfestingar. Þar mun hópurinn berjast við aðra fjármagnseigendur sem eru fastir inni í gjaldeyrishöftum um arðvænlegar fjárfestingar á borð við fasteignir eða verðbréf. Virði þeirra eigna mun síðan aukast mjög hratt vegna mikillar eftirspurnar umfram framboð. Á einhverjum tímapunkti mun bólan springa, líkt og eðli bólna er, og virði eignanna falla á ný. Það er því ekki verið að endurdreifa byrðunum. Það er verið að fóðra vítisvél.

Nýlegur afskriftaþorsti stjórnmálamanna er ekki til kominn vegna skyndilegrar réttlætiskenndar. Hann er til kominn vegna þess að rúmt ár er til kosninga og jaðarframboð sem leggja ofuráherslu á skuldaniðurfellingar mælast með tuga prósenta fylgi í skoðanakönnunum. Það er að renna upp fyrir stjórnarflokkunum að krafa um eignatilfærslur muni verða risavaxið kosningamál og því sé þeim nauðsynlegt að vera annaðhvort með slíka niðurfellingu á ferilskránni, eða með loforð um að beita henni tilbúið þegar þjóðin gengur til kosninga.


FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871







## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Atvinnuskapandi

Vigdís Hauksdóttir sinnir fyrirspyrjandahlutverki þingmanna vel. Eins og gengur og gerist er miserfitt að svara spurningum. Nýverið setti Vigdís fram fyrirspurn til allra ráðherra ríkisstjórnarinnar um það hvaða nefndir, verkefnisstjórnir og starfshópar hefðu verið sett á stofn frá alþingiskosningum 2009. Heimildarmaður Fréttablaðsins innan Stjórnarráðsins upplýsti að það tæki einn starfsmann meðalstórs ráðuneytis um það bil viku að svara henni. Stjórnarráðsstarfsmenn þurfa því ekki að óttast verkleysi í bráð.



### Forseti súrrealismans

Ólafur Ragnar Grímsson hefur sem forseti flogið hátt í faðmi útrásarvíkinga, mært þá og lastað nokkru síðar. Það var því hæfilega súrrealískt að sjá afrakstur Ragnars Arnalds og Guðna Ágústssonar í gær og hlusta á þann síðarnefnda. Íslensku þjóðinni er víst stefnt í voða ef á Bessastöðum býr ekki maðurinn sem þeir hafa úthúðað í gegnum tíðina.



### Kafkaískur skilningur

Ólafur Ragnar sagði í gær að hann hefði í nýársávarpi sínu talað eins skýrt og mögulegt væri um það hvort hann hygði á endurkjör. Þjóðin sem hann er í vinnu hjá skildi hins vegar ekkert hvað hann átti við. Fréttamenn reyndu að fá það á hreint en Ólafur Ragnar virti þá hins vegar ekki svars. Embættismennirnir í Réttarhöldum Kafka töldu sig líka tala skýrt, þó þeir væru óskiljanlegir. Myndast hefur skilningsgjá á milli forseta og þjóðar. Gjá sem hann gerði ekki mikið í að brúa í gær.

kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Góðir félagar, Alþýðubandalagsmenn!


Samfélagsmál



Ástráður Haraldsson
hæstaréttarlögmaður


Rithöfundurinn Guðmundur Andri Thorsson (GAT) ritar pistil sinn hér í blaðið í gær. Þar sér hann sérstaka ástæðu til að sneiða að minni aumu persónu. Hann gerir það að vísu án þess að nefna nafnið sem ég fékk frá ömmu minni. Hann telur mig þess ekki verðan. Hann vísar til mín sem „sérlegs lögmanns Alþýðubandalagsins“.

Nú er það svo að það er ekkert nýtt eða óvenjulegt fyrir mig að menn reyni að halda því fram að það sé ekkert að marka það sem mér finnst. Ég sé hvort sem er bara Alþýðubandalagsmaður. Þetta hafa eigendur Íslands sagt um mig alla mína ævi. Þetta er ókei. Ég hef aldrei skammast mín fyrir að vera Alþýðubandalagsmaður. Það sem mér finnst skrýtið er að GAT skuli taka undir þetta. Ég átti ekki von á því úr þessari átt. Tilefni sneiðarinnar er álit sem ég skrifaði ásamt Ásbirni Björnssyni og varðar hæfi Gunnars Andersen til að gegna starfi forstjóra FME. Þetta álit hefur GAT bersýnilega ekki lesið en er þó sérfróður um hæfi Gunnars.

Síðan álitið var skrifað hef ég mátt sitja undir drullumokstri úr sorpmiðlunum. Það truflar mig ekki mjög mikið. Meira að segja hafa lekið „upplýsingar“ sem varða einkamálefni mín. Merkileg tímasetning. Öllu verið snúið á haus og logið upp á mig ávirðingum. Eins og það þurfi nú. Undir þennan söng tekur GAT. Honum sem er svo umhugað um endurreisn Íslands. Það er augljóst að á hans endurreista Íslandi verða lögmennirnir allir sjálfstæðismenn en ekki bara 95% eins og núna.

Þegar ég var lítill drengur og átti heima í Álftamýrinni voru þeir sem höfðu mikið rúmmál en lítið innihald kallaðir pappakassar. Okkur þótti ekki mikið til slíkra manna koma. GAT hefur tekið sér fyrir að kenna okkur minni mönnum góða siði í rökræðunni. Hann hefur sagt (af því að hann er svo góður í fótbolta) að við eigum að taka boltann en ekki manninn. Það var og. Það er stórt orð Hákot. Mér finnst að Guðmundur Andri eigi að biðjast afsökunar. Annars er hann bara pappakassi.


FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Misskilin motta!?

HEILSA



Teitur Guðmundsson
læknir

Nú fögnum við á nýju ári aftur Mottumars svokölluðum sem hefur að markmiði að ýta undir árvekni karla gegn krabbameini og einkennum þess. Þetta er frábært framtak og hefur lukkast í alla staði mjög vel undanfarin ár og hafa karlmenn látið sér vaxa skegg og þannig sýnt stuðning sinn í verki og aukinheldur safnað áheitum til stuðnings Krabbameinsfélaginu í rannsóknir, fræðslu og forvarnir.

Ég fagna heilshugar þessu átaki en á sama tíma finnst mér gæta ákveðins misskilnings á hlutverki þessarar vakningar. Við læknar og heilbrigðisstarfsfólk erum að hvetja karlmenn almennt til að átta sig á krabbameini, ekki eingöngu blöðruhálskirtilsmeini eða eistnakrabba. Hvorugt þessara meina, eins og fram hefur komið í umræðunni, gefur okkur tilefni til að skima með skipulegum hætti eftir þeim.

Landlæknir sá sig knúinn til þess að birta yfirlýsingu vegna fyrirhugaðrar hópleitar karlmanna 50 ára og eldri og gagnrýna slíkt fyrirkomulag með vísan í erlendar leiðbeiningar og álit sérfræðinga hérlendis. Þau eru auk þess gagnrýnisverð að mörgu leyti en mikilvægt er að halda til haga að það er eðli-lega í huga. Til okkar í Heilsuvernd hafa leitað fjöldamargir einstaklingar sem láta sig heilsu sína varða og vilja gjarnan fá skoðun og áhættumat. Það er sérstaklega minnistætt þegar við buðum fyrstir allra í mars 2011 upp á sérstaka skoðun fyrir karlmenn með almennar forvarnir í huga við sannarlega frábærar undirtektir. En við höfum sinnt slíkum skoðunum reglubundið síðan.

Mér er fyrirmunað að skilja hvers vegna ekki er lögð meiri áhersla á þá sjúkdóma sem hægt er með sannanlegum hætti að skima fyrir eins og til dæmis ristilkrabbamein, en Landlæknir hefur gefið út leiðbeiningar um slíka skimun fyrir 10 árum og uppfært síðast árið 2009. Alþjóðlegar leiðbeiningar hafa lítið breyst frá þeim tíma en þær segja til um að greina skuli dulið blóð í hægðum hjá einkennalausum einstaklingum beggja kynja 50 ára og eldri á hverju ári. Það er meira að segja svo að mánuðurinn mars er tileinkaður forvörnum og árvekni gegn krabbameinum í ristli og endaþarmi í Bandaríkjunum, Þýskalandi, Kanada og Ástralíu svo eitthvað sé nefnt.

Það er ljóst að ristilkrabbamein er næst algengasta dánarorsök af völdum krabbameina á Íslandi og þriðja algengasta mein beggja kynja. Það látast að meðaltali fleiri af völdum slíkra meina en af blöðruhálskirtilsmeini og þeir greinast yngri. Þá er einnig

> Mér er fyrirmunað að skilja hvers vegna ekki er lögð meiri áhersla á þá sjúkdóma sem hægt er með sannanlegum hætti að skima fyrir eins og til dæmis ristilkrabbamein, en Landlæknir hefur gefið út leiðbeiningar um slíka skimun fyrir 10 árum og uppfært síðast árið 2009.

Víða í löndum í kringum okkur er boðið upp á skoðanir fyrir karlmenn og sérstaklega með tilliti til þess að gera þá bæði þreifingu á kirtli um endaþarm og einnig að mæla PSA sem er sértækt mæligildi fyrir blöðruhálskirtilinn. Gildið hefur þann ókost að vera ekki eingöngu hækkað hjá þeim sem eru með mein heldur getur bólga eða sýking í kirtlinum valdið slíku, reykingar, offita og svo einnig kynþáttur hafa hér áhrif.

Þetta er vel þekkt og ekkert nýtt sem kemur fram í yfirlýsingu landlæknis, en rétt að ítreka að karlmenn eru hvattir til þess að hitta lækni sinn með eða án einkenna og ræða kosti og galla skimunar og þá það sem niðurstöðurnar kunna að leiða til. Það eru mögulega frekari rannsóknir og jafnvel lyfjameðferð og aðgerðir greinist krabbamein hjá einstaklingnum. Valið að fara í skoðun er einstaklingsbundið en viðkomandi verður að vera vel upplýstur.

Undirritaður hefur um árabil verið einlægur áhugamaður um forvarnir gegn hvers kyns sjúkdómum og hefur reglubundið heilsufarseftirlit verið mér ofar-áhugavert að skoða dánartíðni af völdum ristilkrabbameins í samanburði við þau mein sem skimað er fyrir í dag sem eru legháls, legbolur og brjóstakrabbamein, en fleiri falla fyrir ristil- og endaþarmsmeini. Það er því ljóst að við erum að vissu leyti á villigötum ef við einblínum einvörðungu á karllæg krabbamein í mars.

Nú verðum við að taka höndum saman og ná jafn glæstum árangri í forvörnum gegn ristilkrabbameini og við höfum náð nú þegar með mein kvenna, en dánartíðni hefur farið ört lækkandi þar á undanförnum árum, þökk sé skimun, betri greiningu og meðferð en áður.

Samstarfsverkefni við meltingarlækna á Landspítala var hrint í framkvæmd í fyrravor í leit að ristilkrabbameini þar sem fylgt er í hvívetna leiðbeiningum landlæknis, en greiningarpróf með eftirfylgni hefur verið fáanlegt í öllum apótekum Lyfju á landsvísu síðastliðna mánuði við ágætar undirtektir.

Leit að ristilkrabbameini skiptir máli, þar eru fagaðilar allir sammála. Láttu skoða þig!

AF NETINU

## Geir Jón tók forystu

Geir Jón Þórisson tók klára forystu í baráttunni um sæti annars varaformanns Sjálfstæðisflokksins. Sakaði ónefndan þingmann Vinstri grænna um að hafa stjórnað óeirðum við Alþingishúsið 20. janúar 2009. Hann átti við Álfheiði Ingadóttur. Björn Bjarnason, þáverandi ráðherra, hafði áður sakað hana um að hafa stjórnað aðgerðum um farsíma innan úr húsinu. Þeim mörgu, sem tóku þátt í búsáhaldabyltingunni 2009, er ekki skemmt. En Geir Jón getur ekki sannað fullyrðingu sína, né geta aðrir hafnað henni. Hún er því skothelt innlegg í áróðri til að koma inn hjá flokkshestum, að Geir Jón sé réttur frambjóðandi.

http://jonas.is/

Jónas Kristjánsson

Fíton/SÍA

Munið launahækkunina!

Þann 1. febrúar hækkuðu laun samkvæmt kjarasamningum VR.

Almenn launahækkun er 3,5% en þeir sem fá greitt samkvæmt taxta hækka um 11.000 kr.

Þessi hækkun tekur til launa **frá og með** febrúar og **kemur því til útborgunar 1. mars.**

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS

Virðing
Réttlæti
VR

Barnahúsgögn
Dönsk og umhverfisvottuð
25% afsláttur



Verðdæmi:

| | | |
|---|---|---|
| Lágt rúm* | ~~55.800~~ | 41.850 |
| Hátt rúm* | ~~66.900~~ | 50.175 |
| Fataskápur | ~~61.500~~ | 46.125 |
| Mjó kommóða | ~~29.700~~ | 22.275 |
| Skrifborð m/yfirhillu | ~~34.100~~ | 25.575 |

*Verð án dýnu

Smiðsbúð 6, 210 Garðabæ, Sími 564 5040
www.hirzlan.is
Stofnuð 1993 og hefur aldrei farið á hausinn!

# Ákæruvald Alþingis – ríkissaksóknari

Landsdómur

Valtýr Sigurðsson
hæstaréttarlögmaður og fv. ríkissaksóknari



Í grein sem ég ritaði í Mbl. 18. janúar sl. var vakin athygli á greinum Stefáns Más Stefánssonar prófessors og Ögmundar Jónassonar innanríkisráðherra sem þá höfðu birst í blaðinu.

Stefán Már taldi m. a. að sú ákvörðun Alþingis að greiða atkvæði um hvort mál skyldi höfða á hendur hverjum og einum þeirra fjögurra ráðherra sem þingmannanefndin lagði til að ákærðir yrðu, væri haldin ágöllum. Niðurstaða atkvæðagreiðslunnar hafi því orðið tilviljunarkennd og forsendur sumra þingmanna, sem gengið hafi út frá því að annað hvort yrðu allir ákærðir eða enginn, kynnu að hafa brostið. Niðurstaðan var sú, að veruleg hætta hafi verið á að við meðferð Alþingis á málinu hafi verið vikið í þýðingarmiklum atriðum frá almennum og viðurkenndum reglum um höfðun sakamála. Grein Ögmundar staðfesti að málið hefði tekið eðlisbreytingu þegar niðurstaðan varð sú að aðeins einn skyldi ákærður og að forsendur væru brostnar fyrir ákvörðun hans. Hann myndi því greiða atkvæði með öðrum hætti kæmi málið á ný til kasta Alþingis.

Í niðurlagi greinar minnar var á það bent að undanfarna áratugi hafi verið unnið að því bæði hérlendis og erlendis að styrkja faglega þekkingu og vinnubrögð ákærenda með það fyrir augum að auka réttaröryggi borgaranna. Tilviljunarkenndar niðurstöður við meðferð ákæruvalds sem og ófagleg vinnubrögð væru í andstöðu við þessa þróun og í ósamræmi við reglur um réttláta málsmeðferð sem sérhver sakborningur á að njóta.

Nú liggur fyrir að fleiri þingmenn en Ögmundur, sem áður greiddu atkvæði með því að ákæra Geir H. Haarde, telja að sú ákvörðun hafi ekki verið rétt. Því mætti ætla að ekki væri lengur meirihluti á Alþingi fyrir ákvörðuninni. Sú skoðun er nú almennt viðurkennd að Alþingi geti afturkallað ákæruna. Þetta kom m. a. fram í blaðaviðtali við saksóknara Alþingis í lok janúar sl. Við sama tækifæri lýsti saksóknarinn því hins vegar yfir að í raun hefði ekkert breyst efnislega í málinu sem lyti að líkum á sakfellingu í því. Í Mbl. þann 23. febrúar sl. staðfesti saksóknari Alþingis þetta og benti jafnframt á að það væri talsvert virðingarleysi við vinnu allra ef ákæran yrði afturkölluð á síðasta degi. Að mínu mati snýst málið ekki um virðingu eða virðingarleysi við vinnu einstakra manna sem komið hafa að því heldur fyrst og fremst um grundvallarréttindi sakbornings í málinu og meginreglur um réttláta málsmeðferð í réttarríki.

Ríkissaksóknari er æðsti handhafi ákæruvalds lögum samkvæmt. Hann hefur boðvald yfir öðrum ákærendum og eftirlit með þeim. Í því felst m. a. að hann ber ábyrgð á að samræmis sé gætt við meðferð ákæruvalds og að grundvallarreglur sakamálaréttarfars séu virtar. Markmiðið er m.a. að bæta réttarstöðu sakborninga og styrkja réttaröryggi borgaranna.

Í hefðbundnum sakamálum ákveður ákærandinn einn hvort hann gefur út ákæru eða afturkallar hana. Í máli því sem hér um ræðir var um fjölskipað ákæruvald að ræða. Samþykkt var með naumum meirihluta atkvæða að ákæra í málinu. Formlega séð er sá meirihluti ekki lengur fyrir hendi. Sé raunin sú ber að afturkalla ákæruna. Margt bendir nú til þess að niðurstaða um hvort málið fái réttláta meðferð Alþingis muni ekki ráðast af hlutlægum atriðum. Þetta ætti að vera áhyggjuefni fyrir ríkissaksóknara við meðferð ákæruvalds í málinu. Það hlutverk sitt að gæta almennra grundvallarreglna sakamálaréttarfars, sem m.a. lúta að réttarstöðu sakbornings, ætti ríkissaksóknari að taka fram yfir hlutverk sitt sem saksóknari Alþingis.

Svo virðist sem hið veigamikla eftirlitshlutverk ríkissaksóknara sé ekki fyrir hendi að þessu leyti í umræddu máli og að ákærði hafi engan ríkissaksóknara til að hafa eftirlit með því að umræddar grundvallareglur réttarfars í máli hans séu virtar.

> Það hlutverk sitt að gæta almennra grundvallarreglna sakamálaréttarfars, sem m.a. lúta að réttarstöðu sakbornings, ætti ríkissaksóknari að taka fram yfir hlutverk sitt sem saksóknari Alþingis.

# Ein nakin og annarri nauðgað

Kynferðislegt ofbeldi

Björg Magnúsdóttir
íbúi í 101



Ég gekk fram á kviknakinn kvenmann við Hegningarhúsið á Skólavörðustíg aðfaranótt síðasta sunnudags. Hún var ekki í neinu og pissaði standandi við þá hlið hússins sem stendur við Vegamótastíg. Tveir menn fylgdust grannt með henni þangað til mig og samferðafólk bar að. Við hvöttum hana til þess að klæða sig í föt sem lágu í kringum hana og höfðum annað augað á henni þangað til hún byrjaði að klæða sig.

Ég mætti þessum kvenmanni nokkrum mínútum síðar – þá í fötum – í röð á skemmtistað. Hún var reykjandi, einsömul og í stuttbuxum og hlýrabol. Það var rigning. Á sunnudagsmorgun heyrði ég í fréttum að stúlku hefði verið nauðgað af nokkrum mönnum í húsasundi í miðbæ Reykjavíkur aðfaranótt sunnudags. Ég tengdi þessar tvær konur ósjálfrátt saman, algjörlega ómeðvitað. Mér fannst sem þetta hlyti að vera sama konan – það að fórnarlambið hafi sprangað um nakið á Skólavörðustíg gerði glæpinn ögn skiljanlegri, ekki alveg eins viðbjóðslegan, ómennskan, ófyrirgefanlegan. En þetta var ekki sama konan. Tímasetningarnar passa ekki né heldur ástand konunnar sem kastaði af sér vatni eða það litla af frásögn fórnarlambsins sem komið hefur fram í fjölmiðlum. Auðvitað var þetta ekki sama konan.

Okkur er eðlislægt að leita skýringa, hversu fáránlegar sem þær eru, til þess að reyna að skilja, útskýra og varpa ljósi á ótal þætti lífsins. Ég gerðist sek um það, eins og margir aðrir, að reyna að útskýra ófyrirgefanlegan glæp með því að skella að einhverju leyti skuldinni á fórnarlambið. Hún var of full, of dópuð, of klikkuð, of kynþokkafull, of lítið klædd, of mikið klædd, of einsömul. Hún bauð hættunni heim á einhvern hátt. Sem konan á Skólavörðustíg vissulega gerði með því að vera ótengd við þennan heim, allsber og úti á lífinu.

En það að hún hafi staðið þarna nakin og pissað getur samt ekki útskýrt hvernig nokkrir karlar ákváðu að taka sig saman og troða sér leið inn í líkama kornungrar stúlku á almannafæri, í húsasundi í miðbænum. Ég skil ekki hvernig sú ákvörðun var tekin, eða kannski einmitt ekki tekin. Kannski einmitt framkvæmd í hugsunarleysi, ölæði, virðingarleysi, skilningsleysi, af illsku, ómennsku, fáfræði? Af því að þeir gátu það? Hvernig það er hægt að bera svona litla virðingu fyrir lífinu finnst mér óskiljanlegt. Og einmitt þess vegna reyndi ég samstundis og ómeðvitað að afla skýringa á hegðun fórnarlambsins – sem standast auðvitað ekki skoðun.

Mér finnst ömurlegt að vakna við þær fréttir á sunnudagsmorgni að fyrir fáeinum klukkutímum hafi nokkrir karlar nauðgað 16 ára stúlku, manni hafi verið komið fyrir í skotti á bíl og keyrður upp í Skeifu þar sem hann var laminn eða manneskja verið borin út af heimili sínu fyrir að misþyrma fjölskyldumeðlimum. Sama hversu óþolandi, klikkað eða allsbert fólk er, réttlætir það aldrei árás, misþyrmingu eða hópnauðgun. Ég lærði lexíu um helgina þó ég standi enn skilningslaus gagnvart þeirri árás sem átti sér stað í húsasundi í höfuðborginni.

# Hrunadansinn hafinn á ný

Fjármál

Sighvatur Björgvinsson
fv. ráðherra



Á árunum fyrir hrun, þegar kaupmáttur heimilanna náði hæstum hæðum, skuldsettu íslensk heimili sig samt sem áður langt umfram það sem gerist og gengur. Íslensk heimili voru þá orðin hvað skuldugust á jarðríki miðað við árlegar heimilistekjur. Neyslugleði heimilanna gekk svo langt fram úr tekjum þeirra – enda dæmin mörg.

Fleiri nýir Range Rover jeppar voru á Íslandi en samanlagt í Danmörku og Svíþjóð. Næst flestar pantanir bárust frá Íslandi af öllum löndum heims á nýjustu gerð af Toyota Landcruiser – næst á eftir pöntunum frá Rússlandi. Og allt í skuld!

Öllum má ljóst vera að þó ekkert bankahrun hefði orðið stefndu fjölmörg íslensk heimili í sitt einkahrun. Sextán þúsund heimili voru komin á vanskilaskrá – fyrir hrun!

Nú er bankahrunið að baki og helsta umræðuefni dagana langa er hvað eigi að gera til þess að létta skuldum af heimilunum – og hverjir aðrir eigi að borga skuldir þeirra. Þegar sú umræða stendur sem hæst berast fréttir af því, að á sex síðustu mánuðum ársins 2011 hafi yfirdráttarskuldir heimilanna aukist um 18 þúsund milljónir króna. Yfirdráttarskuldir heimilanna eru nú komnar á svipað stig og undir árslok 2008 – fyrir hrun!

Sumir gætu haldið að þessi skuldaaukning stafaði einvörðungu af þröngri fjárhagsstöðu heimila. Svo er þó ekki. Samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar hefur einkaneyslan aukist umtalsvert – og alla þá neysluaukningu kosta heimilin með dýrustu lántökum sem unnt er að efna til. Aukning yfirdráttarskulda er alfarið ákvörðun heimilanna sjálfra til þess að borga fyrir aukna neyslu sem einnig er ákvörðun heimilanna sjálfra. Á sama tíma er rætt um nauðsyn þess að létta húsnæðisskuldunum af.

Hvað svo sem þeirri umræðu líður og sanngirnissjónarmiðum um þar þá virðist ljóst vera, að hrunadansinn er að hefjast aftur. Enn og aftur eru íslensk heimili farin að ástunda neyslu, sem þau eru ekki borgunarmenn fyrir. Enn og aftur eru íslensk heimili farin að kosta neyslu sína með dýrustu lánum, sem um getur. Ekkert neyðir þau til þess. Og það atferli eitt út af fyrir sig skýrir það, sem sagt er að séu batamerki í íslenskum þjóðarbúskap – hagvöxt síðasta ár.

Íslenska eyðsluklóin virðist ekkert geta lært. Með annarri hendinni teygir hún sig eftir óhagstæðustu lánum sem hugsast getur til þess að kosta neyslu sína. Með hinni hendinni krefur hún samfélagið um að leggja sína í lófa karls, karls svo niðurgreiða megi vexti á húsnæðislánunum og afskrifa skuldir vegna húsnæðis- og bílakaupa. Hvað er fólk eiginlega að hugsa? Ég veit, að fyrir það eitt að benda á þessar staðreyndir fær fólk yfir sig skítkast og níð – en svona er þetta nú samt. Skítkastið ræður ekki bót á því. Segir hins vegar aðra sögu – engu fegurri. Söguna um innræti.

> Enn og aftur eru íslensk heimili farin að kosta neyslu sína með dýrustu lánum, sem um getur. Ekkert neyðir þau til þess.

LYFJA
– Lifið heil

+15% afsláttur af Vectavir og Otrivin

Gildir til 5. mars.




www.lyfja.is

Lægra verð í Lyfju

ÍSLENSKA/SIA.IS/LYF 58533 02/12

# LEIÐ AÐ HRUNI

## REGLUGERÐARÍKIÐ ÞANDIST ÚT

## LAGASAFNIÐ STÆKKAÐI:




Lagasafnið stækkaði á árunum fyrir fjármálakreppuna.
Lóðrétti ásinn hefst við 1 milljón orða. Heimild: althingi.is.

Sagt er að á árunum fyrir fjármálakreppu Vesturlanda hafi „frjálshyggja“ farið um íslenskt þjóðfélag sem eldur í sinu.

**STAÐREYNDIRNAR ERU HINS VEGAR ÞESSAR:**

- Hið opinbera var umsvifameira en fyrr.
- Ríkið hafði aldrei sett jafn mörg lög og reglur.
- Ríkið hafði aldrei rekið jafn fjölmennar og dýrar eftirlitsstofnanir.

---

Andríki
www.andriki.is

# Björt framtíð lífeyriskerfisins?

Lífeyrissjóðir



Hrafn Magnússon
fv. framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra skrifar athyglisverða grein um lífeyriskerfi okkar Íslendinga, sem birtist í fjölmiðlum fyrir nokkru. Í greininni varpar Ögmundur fram þeirri spurningu hvort íslenska hagkerfið rísi undir því að lífeyrissjóðir fjárfesti sextíu til áttatíu milljarða árlega. Einnig hvort líklegt sé að fjárfestingarnar gefi af sér þann arð sem lífeyrissjóðirnir telja sig þurfa til að rísa undir því réttindakerfi sem sjóðirnir hafa skuldbundið sig til að veita.

Í greininni lýsir Ögmundur því yfir að lífeyrissjóðirnir eigi að fjármagna samfélagslega verðug verkefni. Slíkt eigi að gera með milligöngu ríkis og sveitarfélaga, því annars sé „hætt við að þessi góði ásetningur snúist upp í að verða tæki til markaðsvæðingar á þessum sömu innviðum“. Orðrétt segir Ögmundur einnig: „Lífeyrissjóðirnir gætu lánað fjármagn til uppbyggilegra verkefna en á mjög hagstæðum kjörum.“

Ögmundur leggur oft gott til en í þessu máli finnst mér hann sveiflast öfganna á milli. Ljóst er að hann vill augsýnilega að lífeyrissjóðirnir láni ráðstöfunarfé sitt beint til ríkisins og sveitarfélaganna á kjörum sem eru lakari en almennt gerist á markaði. „Lífeyrissjóðakerfið byggir á braski“ var haft eftir Ögmundi í fjölmiðlum fyrir nokkru. Þessi skoðun hans er hins vegar ekki ný af nálinni því oft hefur hann talað um svokallaða „braskvæðingu“ lífeyrissjóðanna.

### Sýndarveruleiki og gjaldeyrishömlur

Ögmundur hefur áhyggjur af stærð íslenska lífeyrissjóðakerfisins og hvort hægt verði að fjárfesta ráðstöfunarfé sjóðanna öllu innanlands. Ég tek að nokkru leyti undir þessa skoðun hans. Við búum í dag við ákveðinn sýndarveruleika vegna hruns fjármálakerfisins í október 2008. Þar á ég við þær gjaldeyrishömlur sem gilda í landinu. Lífeyrissjóðirnir geta ekki fjárfest erlendis sem þeim er nauðsynlegt, þó ekki væri til annars en að dreifa áhættunni í eignasöfnum sínum. Jafnskjótt og heimild fæst til að fjárfesta erlendis munu áhyggjur okkar Ögmundar hverfa eins og dögg fyrir sólu. Við afléttingu gjaldeyrishaftanna ætti að setja í lög að lífeyrissjóðum væri einungis heimilt að fjárfesta innanlands fyrir t.d. 35% af ráðstöfunarfé sjóðanna. Verðum þess minnug að norski Olíusjóðurinn (no. Statens Pensjonsfond) sem er í ríkiseign fjárfestir allt sitt ráðstöfunarfé erlendis og um það eru engar deilur í Noregi.

Okkur er öllum hollt að upplýst sé hvernig aðrar þjóðir haga fjárfestingum varðandi lífeyrissparnað, hvort sem um er að ræða lífeyrissjóðina sjálfa eða sjóði á vegum almannatrygginga, ekki síst þar sem Ögmundur leggur til að nýr svokallaður Auðlindasjóður, sem nú er í burðarliðnum, fái það hlutverk að fjármagna almannatryggingakerfið. Hvernig er þessum málum háttað hjá frændum okkar á Norðurlöndum, sem lengi hafa búið við norræna velferð?

### Hvað gera aðrar Norðurlandaþjóðir?

Lífeyriskerfin hafa þróast með mismunandi hætti á Norðurlöndum. Við Íslendingar bárum gæfu til að setja á stofn lífeyrissjóði fyrir almennt verkafólk á vordögum 1969, en þá var mikil efnahagsleg lægð á Íslandi með tilheyrandi landflótta. Hér á landi var sem sagt ekki stofnaður ríkisrekinn lífeyrissjóður eins og gerðist á Norðurlöndum og má lesa um þá sögulegu ákvörðun í gagnmerkri mastersritgerð Sigurðar E. Guðmundssonar um lífeyrissjóðina 1960-1980.

Hjá öðrum Norðurlandaþjóðum var hins vegar komið á fót ríkisreknum lífeyrissjóðum, en það sem er einkennandi fyrir þá alla er að fjárfestingaheimildir þeirra eru svipaðar þeim sem gilda varðandi heimildir íslensku lífeyrissjóðina. Ef eitthvað er, þá eru þær rýmri, sbr. norska Olíusjóðinn, sem eins og áður segir, fjárfestir einvörðungu erlendis.

Hvað varðar Danmörku, þá hefur hinn ríkisrekni ATP lífeyrissjóður (d. Arbejdsmarkedets Tillægspension) unnið fjölmörg erlend verðlaun fyrir framúrskarandi fjárfestingarárangur og var t.a.m. í vetur valinn besti lífeyrissjóður Evrópu. Þá má ekki gleyma sænsku AP-sjóðunum fimm (e. National Pension Funds), sem eru eiginlega fjárfestingarsjóðir sem styðja vel við almannatryggingakerfið sænska. Þar er nú heldur betur „braskað“ með fjármuni almennings samkvæmt skilgreiningu Ögmundar. Þá má með engu móti gleyma að minnast á PPM (e. Premium Pension Authority) í Svíþjóð, sem er hluti almannatryggingakerfisins en gefur landsmönnum kost á því að fjárfesta 2,5% af launum sínum hjá fjölmörgum verðbréfafyrirtækjum sem bjóða upp á margvíslega fjárfestingakosti.

### Að lána á „hagstæðum kjörum“

Þannig er ljóst að þó ekki væri litið til annarra lífeyrissjóða á Norðurlöndum en til þeirra sem eru ríkisreknir, þá dytti frændum okkar ekki til hugar að þeir sjóðir láni allt ráðstöfunarfé sitt beint til ríkisins og sveitarfélaganna á kjörum sem eru lakari en almennt gerist á markaði eða á „mjög hagstæðum kjörum“ svo vitnað sé aftur orðrétt í umrædda grein Ögmundar. Eins og áður er getið þá hefur lífeyrissjóðum á Íslandi frá hruni verið bannað að fjárfesta erlendis. Þeir hafa því ekki haft tækifæri til að nýta sér kauptækifæri erlendis eins og lífeyrissjóðir annarra landa. Þetta sést m.a. af ávöxtun norska Olíusjóðsins. Ávöxtun norska sjóðsins var neikvæð um 23% árið 2008 en það snérist við á árinu 2009 í takt við þróun hlutabréfamarkaða þegar hún var jákvæð um 26%.

Að lokum þetta. Mér dettur helst í hug að skoðanir Ögmundar séu settar fram til að vekja upp almennar umræður um fjárfestingar lífeyrissjóðanna, miklu frekar heldur en að þær séu teknar af alvarlega, a.m.k. hvað varðar að láta skuldsettan ríkissjóð, hvað þá skuldug sveitarfélög valsa með lífeyrissparnað landsmanna á „hagstæðum kjörum“. Vonandi hef ég rétt fyrir mér í þeim efnum.

# Nýtt hús – til hvers?

Nýr Landspítali



Sigurður Guðmundsson
forseti Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands

Landspítali starfar nú á 17 stöðum í um 100 húsum og sex heilbrigðisdeildir háskólans starfa á 13 stöðum, allt frá Hofsvallagötu að Eirbergi á Landspítalalóð. Um er að ræða stærstu vinnustaði landsins. Á Landspítala vinna um 5.000 manns og við Heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands um 2.500 manns, þar með taldir stúdentar.

Húsnæði spítalans er margt gamalt og úr sér gengið, við hann hefur verið byggt og upp á húsin tjaslað í áranna rás, stundum án mikils samræmis. Meginstarfsemin er einkum í tveimur húsum og auðvelt að sjá óhagræðið af hreppaflutningum veiks fólks húsa á milli. Flestir sjúklingar liggja á tví- eða fjórbýli. Enginn þarf að fara í grafgötur um hve óþægilegt er að þurfa að ræða vandamál sín við slíkar aðstæður við lækna, hjúkrunarfræðinga og annað starfsfólk og ekki síst ættingja og vini. Nógu slæmt er að liggja á spítala, og ekki verður það betra í fjölmenni. Endurteknar spítalasýkingar hafa verið verulegt vandamál með ýmsum og alvarlegum afleiðingum. Ein af ástæðum þess eru fjölbýlin. Hvers virði er að losna við allt þetta fyrir veikt fólk?

> Tími einyrkjans í heilbrigðisþjónustu er liðinn. Henni er nú sinnt af teymum og samstarf og samvinna eru lykilorð.

Tími einyrkjans í heilbrigðisþjónustu er liðinn. Henni er nú sinnt af teymum og samstarf og samvinna eru lykilorð. Samstarfið verður að vera sjálfsagt frá fyrsta ári í skóla, þannig að mikilvægi þess verði mönnum strax ljóst. Skilyrði þess er að koma nemendum heilbrigðisdeilda saman undir eitt þak. Þjónustan verður ætíð að snúast um sjúklinga. Þess vegna þarf að lækka múra milli fag- og sérgreina, það er skilyrði samstarfs. Þess vegna þarf fólk að koma saman og vinna saman að rannsóknum, kennslu og þjónustu. Tækjabúnaður er dýr og því mikið hagræði af samnýtingu. Hún fæst ekki ef starfsemin er áfram dreifð um allar koppagrundir. Þetta eru einungis nokkrar ástæður fyrir því af hverju kominn er tími á nýtt hús, núna.

Að síðustu verður að minna á að sameiningu spítalanna er ekki lokið. Henni lýkur ekki fyrr en starfsemin er öll komin undir sama þak.

# Hókus Pókus

Fjármál



Páll Einarsson
fyrrum bæjarritari í Vestmannaeyjum

Nú nýlega gekk dómur vegna vaxta á gengistryggðum lánum. Varð uppi fótur og fit. Alls kyns sérfræðingar túlkuðu dóminn í fjölmiðlum á þennan og hinn veginn. Beðið var um lögfræðiálit og ýmsir töldu að það þyrfti fleiri dóma til að ná niðurstöðu. Viðskipta- og efnahagsnefnd þingsins fundaði stíft og mun funda stíft áfram, kallandi til sín sérfræðinga og bankamenn til að ræða málin. Ráðherrar tjáðu sig af varfærni, sögðu að dómurinn þýddi ekki endilega hagsbætur fyrir almenning. Og enn var rætt um það hvort bankarnir hefðu efni á að fara eftir niðurstöðu dómsins en þetta var talið munu kosta einhverja tugi milljarða. Mig minnir að svipað ferli hafi farið í gang þegar Hæstiréttur dæmdi gengistryggð lán ólögmæt á sínum tíma.

Sem sagt: Enn einu sinni þorir enginn að taka af skarið heldur er talað út í það óendanlega og ríkisstjórnin passar sig á því að segja og gera ekkert sem gæti ruggað bátnum. Tengt þessu, en þó í öðru samhengi, sagði Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra nýlega að það sé engin hókus pókus aðferð til við að færa niður skuldir heimilanna og efnahagsráðherra segir að ekki megi skapa væntingar sem ekki sé hægt að standa við og að menn eigi að stíga varlega til jarðar.

En það er til hókus pókus aðferð sem hefur verið notuð undanfarna mánuði. Bankarnir hafa þegjandi og hljóðalaust afskrifað 548,5 milljarða hjá fyrirtækjum og auðmönnum, þar af 388 milljarða hjá fjárfestinga- og eignarhaldsfyrirtækjum samkvæmt tölum frá RÚV. Ekki minnist ég þess að nokkur maður hafi tjáð sig um þessi mál áður en afskriftirnar áttu sér stað, eða að beðið hafi verið um nokkurt lögfræðiálit, eða að rætt hafi verið um það hvort bankarnir hefðu efni á þessum afskriftum eða að viðskipta- og efnahagsnefnd þingsins hafi kallað fólk til sín og fundað stíft. Hókus pókus aðferðin felst einfaldlega í því að gera hlutina og tala ekki við nokkurn mann. Og svo er gott að geta beitt bankaleynd til að fela allt subbið.

Hvernig má það vera að allt púðrið í umræðunni fari í afskriftir heimila sem eru „aðeins“ 196,3 milljarðar? Þar af eru 42,6 milljarðar vegna 110% leiðarinnar en hitt aðallega vegna niðurstöðu dómstóla. Allar lausnir sem stjórnmálamenn geta hugsanlega eignað sér hafa sem sagt skilað 42,6 milljörðum, dómstólarnir sáu um hitt! En bankarnir hafa fengið frítt spil með að afskrifa óþægileg mál án nokkurrar umræðu. Bankarnir hafa á þennan hátt falið eigin útlánamistök þar sem lánað var án raunverulegra veða til starfsmanna, vina, kunningja og eigenda.

> Hókus pókus aðferðin felst einfaldlega í því að gera hlutina og tala ekki við nokkurn mann. Og svo er gott að geta beitt bankaleynd til að fela allt subbið.

Þetta er auðvitað galið. En fyrst ríkisstjórnin bar ekki gæfu til að setja leikreglur um afskriftir í upphafi kjörtímabils þá er bráðnauðsynlegt að gera það núna. Ríkisstjórnin þarf aðeins að ákveða leiðina, með lagasetningu ef þarf, og skipa bönkum og lífeyrissjóðum að fara eftir þeirri leið sem valin er. Og ekki hlusta á grátkór banka og lífeyrissjóða enda virðast þeir geta afskrifað þegar það hentar þeim. Fólk á skilið að þessi mál klárist.

# Ritstjóri blæs í orkublöðruna

Orkumál



Guðmundur Hörður Guðmundsson
formaður Landverndar

Ritstjóri Fréttablaðsins fjallaði um stöðu rammaáætlunar í leiðara fyrir skömmu og dró þar ályktanir sem vert er að ræða.

Í fyrsta lagi óttaðist ritstjórinn um afdrif rammaáætlunar vegna afstöðu náttúruverndarhreyfingarinnar. Skilja mátti á ritstjóranum að almenn sátt væri um drög að tillögum um rammaáætlun í samfélaginu og að óánægju gætti einungis í röðum náttúruverndarhreyfingarinnar og þingmanna VG. Því fer fjarri. Samtök ferðaþjónustunnar, sveitarfélög og Verndarsjóður villtra laxa eru meðal þeirra fjölmörgu sem gera athugasemdir við tillögurnar og vilja fækka svæðum í orkunýtingarflokki.

Í öðru lagi skrifar ritstjórinn að „aðeins“ um fjórðungur virkjanlegrar orku á landinu fari í nýtingarflokk samkvæmt tillögunum og að það þætti einhverjum umtalsverður sigur náttúruverndar.

Tillögurnar gera ráð fyrir virkjunum sem munu framleiða 13.234 gígawattstundir. Það er orka sem jafnast á við rétt tæpar þrjár Kárahnjúkavirkjanir og aflað verður með fjölda virkjana, t.d. inni á miðju hálendi. Það þarf fjörugt ímyndunarafl til að túlka það sem sigur náttúruverndar.

Fullyrðingar ritstjórans um að þetta sé fjórðungur virkjanlegrar orku í landinu standast heldur ekki skoðun. Í nýlegri skýrslu um orkustefnu fyrir Ísland kemur fram að við séum nú þegar búin með meira en helminginn af þeirri orku sem sýnist nýtanleg. Tillögur í drögum að rammaáætlun fara því nærri því að klára alla orkukosti sem eftir eru í landinu, ekki nema að ritstjórinn sjái fyrir sér virkjanir í Trölladyngju, Skjálfandafljóti, Hveravöllum og fleiri svæðum með mikið og óumdeilt verndargildi.

Í þriðja lagi skrifar ritstjórinn að uppbygging stóriðju sé eitt af tækifærum okkar til atvinnuuppbyggingar og hagvaxtar og að ákvörðun um að virkja ekki meira væri ákvörðun um að afþakka hagvöxt. Nú er það svo að hagvöxtur er hvorki algildur né óumdeildur mælikvarði á árangur. Líklega studdi Orkuveita Reykjavíkur að miklum hagvexti á þeim árum sem fyrirtækinu var stýrt nærri gjaldþroti með óábyrgum fjárfestingum, þ.á m. í virkjanaframkvæmdum fyrir stóriðju. Almenningur hefur fengið að greiða fyrir þau hagvaxtaráhrif með miklum hækkunum orkuverðs og meðfylgjandi verðbólguáhrifum á fasteignalán.

Um áhrif stóriðju á atvinnuuppbyggingu má einnig deila. Þannig minnti Jón Sigurðsson, forstjóri Össurar, á það á nýafstöðnu Viðskiptaþingi að gæta þyrfti að því að risavaxin verkefni, t.d. í orkufrekum iðnaði, gerðu ekki illt verra með ruðningsáhrifum. Þá hefur Finnbogi Jónsson, núverandi framkvæmdastjóri Framtakssjóðs Íslands, sagt að störf í stóriðju séu þau dýrustu í heimi. Skapa mætti mun fleiri störf við nýsköpun fyrir sama fé.

Fjölmiðlar leika lykilhlutverk í samfélaginu með því að upplýsa almenning, vera vettvangur þjóðfélagsumræðu og veita aðhald. Í rannsóknarskýrslu Alþingis segir að íslenskir fjölmiðlar hafi ekki náð að rækja það hlutverk í aðdraganda bankahrunsins, þeir hafi þvert á móti átt stóran hlut í því hve umræða um fjármálafyrirtækin var bæði umfangsmikil og lofsamleg. Fjölmiðlar tóku þannig virkan þátt í að blása upp bankabólu þar til hún sprakk. Ætla þeir líka að blása í orkubóluna af sama ákafa?



**Stuðningshópur kvenna** sem fengið hafa krabbamein í eggjastokka heldur rabbfund í húsi Krabbameinsfélagsins að Skógarhlíð 8 í Reykjavík morgun klukkan 17. Konur sem hafa fengið krabbamein í eggjastokka eru hvattar til að mæta. Nánar á www.krabb.is.

# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Snorri Snorrason** snorris@365.is 512 5457


**FLOTTUR**



teg 810857 - frábært snið í C,D skálum á kr. 4.600,- buxur í stíl á kr. 1.995,-

Misty - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is
Opið frá 10-18 virka daga.
10-14 laugardaga

Vertu vinur

Eirberg



Verð: 9.750 kr.

H2O heilsukoddinn Mediflow

• Minnkar verki í hálsi og eykur svefngæði • Fylltur með vatni eftir þörfum hvers og eins

Opið kl. 9 - 18 • laugardaga kl. 11 - 16 • Stórhöfða 25 • 569 3100 • eirberg.is

**Heilsuhótel íslands**

næstu námskeið upplýsingar inn á
www.heilsuhotel.is
og í síma 512 8040
heilsuhotel@heilsuhotel

praxis
... þegar þú vilt þægindi

**Vatteraðir jakkar**





Fást í 5 litum, lime, svörtu, rauðu, kongabláu og fjólubláu

Erum einnig með gott úrval af bómullarbolum og mikið úrval að vinnufatnaði kíkið á praxis.is

Boníto ehf. • Praxis
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2878 • www.praxis.is • soo.dk
Opið mán. – fös. kl. 11–17. Lau. 11–14


Niðurstöður rannsókna eru á eina lund þegar kemur að líkamsrækt eldri borgara.

# Dans er öflugt vopn gegn elliglöpum



Fjölmargar rannsóknir hafa leitt í ljós að fátt virkar betur til að fresta elliglöpum en að dansa reglulega. Lizy Steinsdóttir danskennari segist ekki í neinum vafa um að það sé rétt. „Ég er alveg viss um að dansinn hjálpar fólki að viðhalda minninu,“ segir Lizy sem meðal annars kennir dans hjá Félagi eldri borgara. „Þú þarft að hugsa og hreyfa þig um leið og ég held að sú samhæfing hjálpi til við að halda heilanum í þjálfun.“

Frægasta rannsóknin var gerð af the National Institute of Aging í Bandaríkjunum árið 2003. Þá var fylgst með 500 manns, 75 ára og eldri, í fimm ár og fylgst með þróun elliglapa. Niðurstöður hennar urðu meðal annars þær að þeir sem stunduðu dans reglulega

;FRAMHALD | 2




Stuðnings stöngin

**LÉTTU ÞÉR LÍFIÐ**

Yfir 5000 notendur á Íslandi síðan 1999

Stuðningsstöngin er hjálpar- og öryggistæki sem auðveldar fólki að vera virkt og athafnasamt við daglegt líf án þess að þurfa að reiða sig á aðra. Margir Iðjuþjálfarar, sjúkraþjálfarar og læknar hafa mælt með stuðningsstöngunum fyrir sína skjólstæðinga.

- Auðveld í uppsetningu.
- Engar skrúfur eða boltar.
- Tjakkast milli lofts og gólfs.
- Hægt að nota við hallandi loft, 0–45° timbur/gifsloft.

Vilji
vilji.is
...léttir þér lífið
Sími 856 3451 • www.vilji.is

- Margir aukahlutir í boði.
- Falleg og nútímanleg hönnun.
- Passar allstaðar og tekur lítið pláss.
- Stillanleg frá 225–307 cm lofthæð, togátak allt að 205 kg.



Stuðningsstangirnar hafa fengið verðlaun fyrir notagildi, öryggi og hönnun á alþjóðlegum hjálpartækjasýningum í USA.

**Á föstudag** voru afhent verðlaun til vinnustaða og grunnskóla sem sigruðu í sínum flokkum í vinnustaða- og grunnskólakeppni Lífshlaupsins sem stóð yfir frá 1. til 21. febrúar. Einstaklingskeppni Lífshlaupsins er í fullum gangi. Skráning á www.lifshlaupid.is.



Framhald af forsíðu

væru 76 prósentum ólíklegri til að þjást af elliglöpum en þeir sem ekki dönsuðu. Athygli vakti að golf, tennis, sund og hjólreiðar virtust engin áhrif hafa á þróun elliglapa. Seinni tíma rannsóknir styrkja enn þessar niðurstöður; ekkert jafnast á við dansinn þegar kemur að því að hægja á elliglöpum. „Það er samt ekki eini plúsinn við dansinn,“ segir Lizy. „Hann hjálpar fólki með jafnvægið og ég vil meina að fólk sem dansar reglulega sé til dæmis mun betur sett í hálku eins og búin er að vera í vetur, heldur en hinir. Auk þess er svo mikil gleði í dansinum, músíkin, hreyfingin og félagsskapurinn haldast í hendur við að létta fólki lundina.“

Lizy kennir tveimur hópum eldri borgara í Garðabæ línudans auk þess að kenna tveimur hópum línudans og einum hóp samkvæmisdans hjá félaginu í Reykjavík. Hún segir námskeiðin njóta mikilla vinsælda. „Þeir sem byrja að mæta halda því áfram ár eftir ár,“ segir hún. „Það dettur út einn og einn vegna þess að heilsan bilar, en annars hættir fólk yfirleitt ekki þegar það er komið á bragðið.“

Í fyrrnefndri könnun kom í ljós að það sem hjálpaði mest í baráttunni við elliglöpin, fyrir utan dansinn, voru lestur og að leysa krossgátur en áhrif þeirrar iðju komust þó ekki í námunda við jákvæð áhrif þess að dansa.

*fridrikab@frettabladid.is*



Lizy Steinsdóttir danskennari segist ekki í vafa um að dansinn hjálpi fólki að viðhalda minninu, auk þess sem hann hafi ýmsa aðra kosti. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Offita og D-vítamín

**Flestar þjóðir hafa áhyggjur af D-vítamínskorti sem hefur aukist mikið á undanfarið.**

Ný alþjóðleg rannsókn sem birt var í American Journal of Epidemiology sýnir samhengi á milli D-vítamínsskorts og offitu. Áður hafði þessari staðhæfingu verið varpað fram án rannsókna. Þessi nýja rannsókn staðfestir að þarna er samhengi á milli. Þeir sem auka inntöku á D-vítamíni gætu í leiðinni fækkað aukakílóum. Rannsóknin sýndi auk þess að ungt fólk sem skortir D-vítamín getur átt á hættu að verða of feitt síðar á ævinni. Allir ættu því að vera meðvitaðir um eðlilegan dagskammt D-vítamíns.

Umræðan um D-vítamínskort hefur verið töluverð hér á landi undanfarið. Það er ekki að ástæðulausu því margt bendir til þess að Íslendinga skorti þetta vítamín í ríkum mæli. Umræðan er þó ekki bundin við Ísland því hún hefur verið háværr um allan heim. D-vítamínskortur hefur aukist til muna með almennri notkun á sólvarnarkremum, jafnvel í sólríkum löndum.



Áhyggjuefni er hversu margir þjást af D-vítamínsskorti.

Nú er talað um D-vítamíntöflur sem sólskin í boxi og kannski er það réttmætt. Í skammdeginu hér á landi er meiri þörf fyrir vítamín en á suðlægari slóðum. Sagt er að fólk sem skortir D-vítamín fái oftar kvef en þeir sem taka það daglega. Þeir hafi einnig lélegra ónæmiskerfi.

Feitur fiskur er ríkur af D-vítamíni. Íslendingar voru mun duglegri að borða fisk og taka inn lýsi á árum áður. Fiskur ætti að vera á borðum að minnsta kosti tvisvar í viku.

## Hollur mangó-drykkur



Hægt er að útbúa margs konar drykki sér til heilsubótar. Hér er hollur og góður drykkur sem hentar vel með mat eða sem svaladrykkur á milli mála. Börn kunna líka vel að meta þennan drykk. Hann passar auk þess vel með sterkum mat.

2 þroskaðir mangó-ávextir
2 dl hreinn appelsínusafi
2 dl hrein jógúrt
4 tsk. sykur (má sleppa)

*Skrælið mangóið og skerið það í bita. Setjið í skál eða góða könnu og bætið öðrum hráefnum saman við. Mixið með töfrasprota eða setjið allt í blandara. Hellið í glas með ísmolum. Þessi uppskrift passar í fjögur glös.*



















ENDURSKOÐUN
&BÓKHALD
**Kynningarblað** Launavinnsla, reikningsskil, skattaskil, viðskiptaráðgjöf , sérfræðiráðgjöf, löggilding.

# Fyrirtæki án landamæra

**Ernst & Young hefur frá árinu 2002 starfað við einstaklega góðan orðstír á Íslandi. Fyrirtækið er hluti af alþjóðlegri samsteypu sem þykir vera leiðandi á sviði endurskoðunar, skatta, viðskipta og ráðgafaþjónustu um allan heim.**

Ernst & Young hóf starfsemi á Íslandi árið 2002. Þrátt fyrir að vera yngsta fyrirtækið í hópi fjögurra stærstu endurskoðunarfyrirtækja á Íslandi hefur félagið vaxið mikið á undanförnum árum. Grundvöllur fyrir vexti fyrirtækisins er meðal annars aðgangur að þeirri sérþekkingu sem Ernst & Young býr yfir um allan heim.

„Það er gríðarlega mikilvægt fyrir okkur að hafa aðgang að þessari sérþekkingu. Þess vegna höfum við fengið til starfa sérfræðinga erlendis frá í lengri eða skemmri tíma og höfum við einnig sent starfsfólk út til að sinna ýmsum störfum og kynnast starfseminni erlendis. Mikill hreyfanleiki og samvinna er á milli fyrirtækja og starfsmanna innan Ernst & Young. Andrúmsloftið er þannig að allir leggjast á eitt um að þjónusta viðskiptavininn hvar sem er í heiminum,“ segir Margrét Pétursdóttir forstöðumaður endurskoðunarsviðs.

Margrét segir Ernst & Young því leggja mikla áherslu á að vera án landamæra. „Segja má að við séum sjálfstætt starfandi fyrirtæki sem á í öflugu samstarfi við fjölda aðila í gegnum 152.000 starfsmenn og búum því yfir gríðarlegri þekkingu,“ upplýsir hún og segir áherslu lagða á gæði í allri þeirri þjónustu sem fyrirtækið veiti viðskiptavinum sínum. „Við mætum þeim með heiðarleika og samvinnu sem er undirstaða þess að byggja upp traust viðskiptasambönd.“

Starfsemi fyrirtækisins má skipta niður í fjögur meginsvið, það er skattasvið, ráðgjafasvið, viðskiptaráðgjöf og endurskoðunarsvið sem er það svið sem hefur stækkað mest á undanförnum árum en að sögn Margrétar hefur Ernst & Young á Íslandi vaxið ásmegin, stækkað og styrkst og orðið sýnilegra á íslenskum markaði. Fyrirtæki eru í auknum mæli farin að skipta um þjónustuaðila sem var nánast óþekkt áður fyrr. Að sama skapi fara endurskoðendur meira á milli endurskoðunarfyrirtækja en áður. Niðurstaðan er sú að Ernst & Young hefur fengið til starfa meira af fagfólki með ólíkan bakgrunn, þar af fjölda löggiltra endurskoðenda og er þannig betur í stakk búið til þess að taka að sér ný og spennandi verkefni.

Margrét getur þess að eins hafi mikill vöxtur orðið á ráðgjafasviði og viðskiptaráðgjöf Ernst & Young undafarin ár í kjölfar hrunsins og aukinnar eftirspurnar eftir þeirri þjónustu sem sviðin veita. Sú þjónusta gengur út á áreiðanleikakannanir, aðstoð við kaup og sölu á fyrirtækjum, verðmöt, fjárhagslega endurskipulagningu og ýmsa rannsóknavinnu meðal annars við þrotabú. Sviðið hefur þróað sérhæfðar lausnir þar sem á stuttum tíma er farið í gegnum gögn þrotabús og skrifuð skýrsla fyrir skiptastjóra þar sem dregin eru fram atriði sem vekja athygli. Slík vinna hefur oft margborgað sig fyrir þrotabúin. Forstöðumaður viðskiptaráðgjafarsviðs er Guðjón Norðfjörð.

Margrét getur þess að Ernst & Young haldi úti fjölskylduvænni starfsmannastefnu og ríki almenn ánægja með hana meðal starfsmanna. „Það hefur dregið úr því að starfsfólk hjá okkur þurfi að vinna langa vinnudaga sem bitnaði á einkalífinu, en auðvitað koma samt álagstímar. Okkar stefna er sú að fólk geti sinnt fjölskyldu og áhugamálum utan vinnu. Mönnunin er þannig að fólk getur unnið skaplegan vinnutíma enda má álag hvorki koma niður á lífsgæðum né á gæðum þeirrar vinnu sem það innir af hendi.“

„Það er margt að gerast hjá okkur og spennandi tímar fram undan,“ segir Margrét að lokum.



Ernst & Young er sjálfstætt starfandi fyrirtæki sem á í öflugu samstarfi við fjölda aðila í gegnum 152.000 starfsmenn. MYND/STEFÁN

## ÞJÓNUSTA OKKAR

**ENDURSKOÐUNARSVIÐ:**
- Endurskoðun og könnun reikningsskila.
- Uppgjör og alþjóðlegir reikningsskilastaðlar (IFRS).
- Aðrar staðfestingar endurskoðenda.

**RÁÐGJAFARSVIÐ:**
- Innri endurskoðun og ráðgjöf um áhættu og eftirlit.
- Innra eftirlit upplýsingakerfa, öryggisúttektir og prófanir.
- Ráðgjöf um virðisaukandi aðgerðir.

**SKATTASVIÐ:**
- Skattaráðgjöf og skipulagning fyrir einstaklinga og fyrirtæki.
- Skattaréttur.
- Félagaréttur.
- Skattalegar áreiðanleikakannanir.
- Bókhald, launaútreikningar og framtalsgerð.

**VIÐSKIPTARÁÐGJÖF:**
- Áreiðanleikakannanir.
- Verðmöt.
- Fjárhagsleg endurskipulagning.
- Kaup og sala fyrirtækja.
- Ýmis rannsóknarvinna.



Margrét Pétursdóttir forstöðurmaður endurskoðunarsviðs sem er í örum vexti.

ERNST & YOUNG
Quality In Everything We Do



Bókhald kom til sögunnar til að bændur gætu haft yfirsýn yfir fjölda búfjár og magn uppskeru.

# Töldu kindur og mældu uppskeru

**Menn hafa fært bókhald um eignir sínar, tekjur og útgjöld allt frá því í Mesópótamíu fyrir 7.000 árum. Með tilkomu hlutafélaga og fjárfesta varð bókhaldið flóknara og endurskoðendur komu til sögunnar.**

Bókhald hefur fylgt mannkyninu um þúsundir ára. Elstu bókhaldsgögn sem fornleifafræðingar hafa fundið eru 7.000 ára gömul og fundust við uppgröft þar sem hið forna menningarríki Mesópótamía stóð. Strax þá var fólk farið að færa bókhald yfir eignir sínar sem aðallega samanstóðu af búfénaði og uppskeru.

Í upphafi þjónuðu bókhaldsfærslur eingöngu því hlutverki að veita eiganda búfjár og akra yfirsýn yfir eignir sínar, aukningu þeirra eða minnkun. Enginn annar fékk að líta bókhaldið augum. Málið flæktist þegar umsvif fólks urðu meiri og fleiri en einn eigandi eða fjárfestir kom við sögu. Fyrstu bókhaldsgögnin á því formi sem við þekkjum í dag eru talin hafa þróast á Ítalíu á fjórtándu öld þegar verslunarumsvif ríkra kaupmanna jukust og þeir fengu fleiri í lið með sér til að fjármagna verslunarleiðangra til fjarlægra landa. Þessir fjárfestar vildu að sjálfsögðu geta fylgst með því sem fór um hendur kaupmannsins, bæði innkomu og útgjöldum.



Reiknivélarnar voru ekki flóknar til að byrja með.

Með tilkomu hlutafélaga flæktist málið enn og þá varð til það tvöfalda kerfi sem við þekkjum í dag, það er að segja annars vegar rekstrarreikningar og hins vegar efnahagsreikningar.

Um leið varð til þörfin fyrir að láta utanaðkomandi aðila yfirfara reikningana reglulega, svo ekki væri hætta á að sá sem þá færði hagræddi þeim, og þar með varð starf endurskoðandans til.

# Vakta stendur vaktina fyrir þig

Vakta er þjónustumiðuð og nútímaleg fjármálaþjónusta sem hefur verið starfrækt frá 2010. Félagið er á Suðurlandsbraut 18 og heldur úti vefsíðunni www.vakta.is.

Vakta sérhæfir sig í úthýsingu þess hluta fyrirtækjarekstrar sem jafnan kallar á hvað mest umstang, s.s. færslu bókhalds, uppgjör virðisaukaskatts, launaútreikninga, skil á staðgreiðslu skatta og launatengdum gjöldum. Þannig stendur Vakta vaktina fyrir viðskiptavini sína í hinu síbreytilega skatta- og lagaumhverfi. Vakta býður einnig alhliða innheimtuþjónustu sem spannar allan innheimtuferilinn allt frá útgáfu reikninga til lögfræðiinnheimtu. Þjónustuframboði Vakta má þannig skipta í tvennt, fjármálavakt og innheimtuvakt.



Vakta er með starfsemi á Suðurlandsbraut 18.

### Fjármálavaktin

Fjármálavaktin stendur vaktina gagnvart skattyfirvöldum, stéttarfélögum, lífeyrissjóðum eða öðrum aðilum, auk þess að annast útreikning launa, VSK uppgjör og færslu bókhalds fyrir viðskiptavini Vakta. Hver þjónustusamningur er klæðskerasmíðaður að þörfum hvers viðskiptavinar með hagkvæmni og aðhald í rekstri að leiðarljósi. Vakta tekur einnig að sér ársreikningagerð og skattskil einstaklinga og fyrirtækja.

### Innheimtuvaktin

Innheimtuvaktin er innheimtuþjónusta sem spannar allan innheimtuferilinn. Innheimtuvaktin annast gerð sölureikninga, póstlagningu, milliinnheimtu og lögfræðiinnheimtu og er að kostnaðarlausu fyrir viðskiptavini Vakta ef valin er þjónustulína sem spannar allan þjónustuferilinn.

Mörg fyrirtæki hafa nýtt sér kosti úthýsingar á fjármálaþjónustu og hefur færst í aukana að Vakta sjái um heildarlausnir fyrir fyrirtæki, ekki eingöngu hefðbundna bókhalds- eða innheimtuþjónustu heldur einnig um greiðslu reikninga, móttöku pósts, samskipti við viðskiptavini og fleira.

### Öflugt teymi sérfræðinga

Á bak við Vakta er öflugt teymi sérfræðinga. Fyrirtækið er í nánu samstarfi við Nordik lögfræðiþjónustu um skatta- og lögfræðiráðgjöf auk þess að hafa úr að ráða löggiltum endurskoðendum og öðru sérhæfðu starfsfólki. Hver viðskiptavinur vinnur í samstarfi við þjónustufulltrúa sinn hjá Vakta sem sér um að halda utan um gögn, skipuleggja verkferla og minna á það sem skiptir máli. Á heimasíðu Vakta er síðan þjónustuvefur þar sem viðskiptavinir geta fengið aðgang að fjárhagsskýrslum og gögnum er varða reksturinn og eru þannig aðgengileg þeim hvar og hvenær sem er.

Félagið er staðsett á Suðurlandsbraut 18 í Reykjavík. Nánari upplýsingar um Vakta er að finna á heimasíðu þess, www.vakta.is, en einnig veitir Ásta Friðriksdóttir framkvæmdastjóri upplýsingar í síma 522 5220.

Vakta
FJÁRMÁLAÞJÓNUSTA

## VISSIR ÞÚ ...

**... að** Luca Pacioli skrifaði fyrstu bókina um tvöfalt bókhald árið 1494. Hann er oft nefndur faðir bókhaldsins.

**... að** Robert Duvall leitaði ráða hjá endurskoðanda sínum um hvort hann ætti að taka á sig fjárhagsáhættu með tilheyrandi streitu í einkalífinu með því að framleiða, leika í og fjármagna handrit sitt að kvikmyndinni The Apostle. Myndin vann til ótal verðlauna og Duvall tilnefndur besti leikarinn til Óskarsverðlauna 1998.

**... að** kostnaðartölur eru nefndar í Biblíunni? Í Lúkasarguðspjalli, kapítula 14:28 segir: „Segjum að einn ykkar vilji byggja turn. Mun hann ekki fyrst setjast niður og áætla kostnað til að sjá hvort hann hafi næg fjárráð til að ljúka við smíðina?“



**... að** í Ríkisháskólanum í Ohio er frægðarhöll bókhaldsins?

**... að** fyrstu próf í endurskoðun voru haldin í New York árið 1896?

**... að** fyrsti leikarinn til að leika Sherlock Holmes var endurskoðandi á umboðsskrifstofu í bíóbransanum? Sú snögga breyting á starfsferli er enn talin ein af óleystu ráðgátunum í sögu spæjara.

## MUNKURINN SEM KENNDI BÓKHALD




**Luca Pacioli** (1447-1517), sem kallaðist Fransiskumunkurinn flakkandi, var þekktur stærðfræðingur á sinni tíð. Hann var samtímamaður Kristófers Kólumbusar og vinur og samverkamaður Leonardos da Vinci.

Frægasta verk hans „Summa de Arithmetica, Geometrica, Propotioni et Proportionalite“, sem gefið var út árið 1494, innihélt kaflann „Particularis de Computis et Scripturis“ (Nákvæmar lýsingar á bókhaldi og skráningu) sem útskýrði bókhaldskerfið sem feneyskir kaupmenn notuðu á þeim tíma.

Ritið var prentað og þýtt á önnur tungumál, dreifðist um alla Evrópu og hafði afgerandi áhrif á þróun bókhalds og uppgjöra í mörg ár.



Brynhildur Björnsdóttir og Svava Huld Þórðardóttir segja það skipta máli fyrir lítil fyrirtæki að geta gengið að rekstrarupplýsingum vísum um hver mánaðamót. MYND/GVA

# Bókhald á mannamáli

**Hagsýn heldur utan um bókhald lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Allar upplýsingar eru unnar mánaðarlega svo hægt sé að fylgjast með sveiflum í rekstrinum.**

Við matreiðum upplýsingarnar svo allir skilji þær og reynum að forðast að nota flókin fjármálahugtök,“ útskýrir Brynhildur S. Björnsdóttir, annar eigandi bókhaldsþjónustunnar Hagsýn. „Við vinnum einnig upplýsingarnar mánaðarlega. Atvinnurekandinn sér því allar sveiflur í rekstrinum og getur byggt reksturinn á þeim. Upplýsingarnar eru fyrir fyrirtækið sjálft, ekki bara skattinn,“ bætir hún við.

Brynhildur stofnaði Hagsýn ásamt Svövu Huld Þórðardóttur fyrir tveimur árum en þær sáu þörf fyrir sveigjanlega bókhaldsþjónustu fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki, einyrkja og nýsköpunarfyrirtæki. „Atvinnuumhverfið í dag er mikið breytt. Margir fara af stað í kreppu í að selja það sem þeir eru að skapa, hvort sem það er hugvit eða vara. Við sáum gat á markaðnum fyrir þennan hóp sem ekki er kominn á það stig að ráða sérhæfðan fjármálastjóra og skortir kannski þekkingu á þessu sviði, áhuga og tíma. Við Svava erum báðar sérhæfðar í stjórnun og stefnumótun og ákváðum að samnýta okkar þekkingu.“

Brynhildur segir það skipta lítil fyrirtæki miklu máli að geta gengið að rekstrarupplýsingum vísum um hver mánaðamót. Þá útbúi Hagsýn myndrænt rekstraryfirlit annan hvern mánuð sem fyrirtækin geti nýtt sér sem stjórnborð.

„Þau fyrirtæki sem þurfa á fjárfestum að halda þurfa til dæmis að geta sýnt fram á yfirlit yfir reksturinn og þá liggur þetta alltaf tilbúið hjá okkur. Eins greiðsludreifum við álaginu yfir árið svo fyrirtækin þurfa ekki að eiga við þunga greiðslupósta tvisvar á ári.“

En hvernig fyrirtæki nýta sér þjónustu Hagsýn?

„Flóran er fjölbreytt og íslenskt atvinnulíf samanstendur ekki bara af stórum fyrirtækjum í dag. Viðskiptavinir okkar eru að stærstum hluta lítil og meðalstór fyrirtæki en einnig einyrkjar. Margir eru í skapandi greinum eða að markaðssetja hugvit, sérfræðingar, fræðimenn, tæknifyrirtæki eða nýsköpunarfyrirtæki. Hópurinn er bjartsýnn miðað við aðstæður í dag og gaman að vinna með þeim. Það er greinilega þörf á þessari þjónustu og frekar að aukast hjá okkur frekar en hitt.“

www.hagsyn.is

Hugarró og yfirsýn í fjármálum

Hagsýn býður...

**... bókhaldsáskrift þar sem**
- Kostnaði er dreift jafnt yfir árið
- Ársreikningur er unninn á 2ja mánaða fresti
- Myndrænt rekstaryfirlit er unnið á 2ja mánaða fresti
- Bókhaldið nýtist sem kompás rekstursins

Hagsýn er...

**... fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki sem vilja**
- Einbeita sér betur að því sem þau eru best í
- Fá reglulegar upplýsingar um reksturinn til að ná yfirsýn
- Umhyggju og alúð í fjármálaþjónustu
- Fjármálaþjónustu á mannamáli!

Á **hagsyn.is** má kynna sér þjónustu okkar betur og skoða umsagnir frá samstarfsaðilum okkar og viðskiptavinum

Hagsýn

Klapparstíg 16 | 101 Reykjavík | 571 0090 | hagsyn.is



## HVAÐ ÞARF TIL AÐ VERÐA LÖGGILTUR ENDURSKOÐANDI?

**Í lögum** um endurskoðendur nr. 79/2008 er eftirfarandi skilgreining á endurskoðanda: „Sá sem hefur þekkingu til að gefa hlutlaust og áreiðanlegt álit á reikningsskilum og öðrum fjárhagsupplýsingum, hefur löggildingu til starfa við endurskoðun og fullnægir að öðru leyti skilyrðum laga þessara."

Samkvæmt Félagi löggiltra endurskoðenda þarf einstaklingur sem vill hljóta löggildingu sem endurskoðandi að hafa lokið meistaranámi í endurskoðun og reikningsskilum, hann verður að hafa lokið þriggja ára starfsþjálfun við endurskoðun og hann þarf að hafa staðist sérstakt löggildingarpróf.

Til að öðlast löggildingu til endurskoðunarstarfa þarf viðkomandi að fullnægja eftirtöldum skilyrðum:

1. Eiga lögheimili hér á landi, eða vera ríkisborgari aðildarríkis að Evrópska efnahagssvæðinu, aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og Færeyja.
2. Vera lögráða og hafa haft forræði á búi sínu síðastliðin þrjú ár.
3. Hafa óflekkað mannorð, svo sem áskilið er til kjörgengis til Alþingis.
4. Hafa lokið meistaranámi í endurskoðun og reikningsskilum sem viðurkennt er af endurskoðendaráði.
5. Hafa staðist sérstakt próf.
6. Hafa starfað að lágmarki í þrjú ár undir handleiðslu endurskoðanda við endurskoðun ársreikninga og annarra reikningsskila hjá endurskoðunarfyrirtæki.
7. Hafa starfsábyrgðartryggingu.



Skattur leynist í flestu sem við leggjum út fyrir og óumflýjanlegt að fylla út skattframtalið einu sinni á ári, þótt margir nýti sér þjónustu endurskoðenda til að sjá um skattamál sín.

# Dauði og skattar

**Skattframtalið kemur gjarnan upp í hugann þegar tal berst að endurskoðun. Skattar eru samofnir tilveru okkar frá nánast vöggu til dauða og hafa orðið ritfærum að yrkisefni.**

Þau nöpru spakmæli að ekkert sé öruggt í þessari veraldarboru annað en dauðinn sjálfur og blessaðir skattarnir fela í sér forlagatrú um óhjákvæmileika dauðans og þann stóra og nær vonlausa vanda að sleppa við skattbyrði samfélagsins ævina út.

Ýmsir nafnkunnir rithöfundar hafa viðhaft þessi frægu og títtnefndu ummæli. Fyrstur þeirra var enski höfundurinn Daniel Defoe í The Political History of the Devil, árið 1762, en þar skrifaði hann að „hægara væri að trúa á jafn fullvísa hluti og dauðann og skattinn".

Bandaríski rithöfundurinn Benjamin Franklin notaði sömu orðskviðu í bréfi til Jean-Baptiste Leroy árið 1789, en á þann hátt sem nútímamaðurinn þekkir betur í dag.

Bréfið var endurprentað í ritsafni Benjamins Franklin, 1817. Í því skrifar hann: „Í þessum heimi er ekki hægt að telja neitt víst nema dauðann og skattinn."

Bandaríska blaðakonan og rithöfundurinn Margaret Mitchell kom með aðra nálgun á þessi fleygu spakmæli í skáldsögunni Á hverfanda hveli árið 1936, en sú mikla örlagasaga var kvikmynduð 1939 og hlaut tíföld Óskarsverðlaun. Í henni skrifaði Mitchell: „Dauði, skattar og barnsfæðingar! Það er aldrei góður né hentugur tími fyrir neitt af því."







NÝTT FÉLAG
á traustum grunni

BDO ehf. er nýtt endurskoðunarfyrirtæki sem veitir alhliða þjónustu á sviði endurskoðunar og ráðgjafar.

BDO ehf. er aðili að alþjóðlegu neti sérfræðifyrirtækja sem öll starfa undir merkjum BDO.

www.bdo.is
BDO ehf. | Köllunarklettsvegi 1 | 104 Reykjavík | Sími: 531 1111

100
BDO


## BRANDARAR UM ENDURSKOÐENDUR

**Endurskoðandi gengur** fram á betlara, sem situr við götuna, á leið sinni til vinnu einn morguninn. „Máttu missa smá klink?" spyr betlarinn kurteislega. „Hvers vegna ætti ég að gefa þér peninga?" spyr endurskoðandinn. „Af því að ég er blankur," segir betlarinn þolinmóður. „Ég á enga peninga og ekkert að borða." „Ég skil," segir endurskoðandinn. „Og hvernig er sú staða miðað við stöðuna á sama tíma í fyrra?"



Tveir endurskoðendur fara í kirkjugarðinn til að heimsækja gröf látins kollega. Þeir leita og leita en finna hvergi legsteininn hans. Loks snýr annar þeirra sér að hinum og segir: „Kannski hann hafi sett hann á nafn konunnar sinnar."

ÞRIÐJUDAGUR 28. FEBRÚAR 2012

# HJÓLKOPPAR &FELGUR

**Kynningarblað** Nýjar og notaðar felgur, Vefverslanir, Umfelgunarþjónusta, Dekkjasala, Fylgihlutir, Fróðleikur


NORDICPHOTOS/GETTY



*Pólyhúðum og blásum felgur og aðra málmhluti, vönduð og góð vinna*

*11 ára reynsla*




*Ryðfrí, ál, blikk og almenn sérsmíði*

*Brekkutröð 1 - 220 Hafnarfjörður - Sími 565 1944 - Fax 555 1945*
*hagstal@simnet.is*

HAGSTÁL EHF

# Umboðssala fyrir felgur

Dekkjasalan ehf. Dalshrauni 16 í Hafnarfirði fagnar um þessar mundir tveggja ára starfsafmæli sínu. Aðalstarfsemi fyrirtækisins er umboðssala með dekk og felgur. Dekkjasalan heldur úti öflugri heimasíðu, www.dekkjasalan.is, þar sem hægt er að skoða allar vörur sem eru í umboðssölu.

Dekkjasalan, að Dalshrauni 16 í Hafnarfirði, býður upp á þá þjónustu að fólk sem á dekk og eða felgur getur komið með vöruna í fyrirtækið þar sem gerður er umboðssölusamningur. Dekkjasalan auglýsir svo vöruna, selur og leggur andvirðið að frádregnum sölulaunum inn á reikning viðkomandi.

Valdimar Sigurjónsson, eigandi fyrirtækisins, segir að verulega hafi komið á óvart hversu mikil þörf væri á umboðssölu fyrir felgur. „Í byrjun fór þetta rólega af stað enda aðaláherslan lögð á dekk. Þegar í ljós kom hversu mikil þörf væri á skipulögðum markaði fyrir felgur þá var ákveðið að auka við þá þjónustu og núna eru um tvö þúsund felgur á skrá hjá okkur, ásamt því að fylgihlutir eins og hjólkoppar, felgumiðjur og fleira er farið að tínast til," segir Valdimar en þess má geta að töluvert úrval er af stökum felgum sem er hugsað fyrir þá sem skemmt hafa eina úr ganginum.



„Þegar við sáum umfangið í felgunum þá gerðum við samninga við alla helstu birgja í innflutningi á dekkjum og getum boðið upp á mikið úrval af nýjum dekkjum á samkeppnishæfu verði og að sjálfsögðu er úrvalið mikið í notuðu dekkjunum. Einnig er töluvert til af dekkjum á felgum, ballanserað og klárt til undirsetningar," segir hann.

Kostirnir við að kaupa felgurnar hjá Dekkjasölunni eru að þar eru felgur yfirfarnar og gengið úr skugga um að þær séu í lagi og þær passi. Einnig er boðið upp á að fólk geti mátað og sjái þannig hvernig heildarpakkinn lítur út áður en af kaupum verður.

„Mikið er um að fólk sé að versla sín á milli á netinu eða í smáauglýsingum með felgur. Þessi kaup eru vandasöm og geta leitt af sér mörg vandamál og aukakostnað," segir Valdimar og bendir á að til að mynda sé ekki nóg að huga eingöngu að gatadeilingu heldur geti stærð felgunnar, breidd, offset, backspace, felguboltar, miðjugat og fleira skipt lykilatriði til að felgur af einum bíl passi á annan.

„Fyrir utan þau tæknilegu atriði sem máli skipta þá er oft ekki allt sem sýnist, felgur sem útlitslega líta vel út geta verið skakkar eða gallaðar. Komið hefur fyrir að felgur sem við höfum neitað að taka í umboðssölu vegna skekkju, dúkka síðan upp í smáauglýsingum þar sem ekki er tekið fram að þær séu gallaðar eða í raun ónýtar," segir Valdimar.

> **Núna eru um tvö þúsund felgur á skrá hjá okkur.**

Eins og áður sagði eru allar felgur á Dekkjasölunni sem koma í umboðssölu yfirfarnar og þær sem ekki standast það nálarauga eru ekki teknar í sölu. Ef eitthvað sleppur í gegnum nálaraugað er sjö daga skilafrestur og er það aðallega hugsað þegar felgur eru sendar út á land eða eru ekki settar undir á staðnum.

Allar vörur á heimasíðunni eru staðsettar í vöruhúsi fyrirtækisins að Dalshrauni 16 í Hafnarfirði þar sem hægt er að nálgast þær ásamt því að fyrirtækið býður upp á að koma vörum til flutningsfyrirtækja til sendinga á landsbyggðina kaupendum að kostnaðarlausu.

Dekkjasalan er opin frá klukkan 8 til 18 virka daga, til klukkan 21 þriðjudaga og fimmtudaga og frá klukkan 10 til 16 laugardaga.

Sjá www.dekkjasalan.is



Valdimar Sigurjónsson er stofnandi og eigandi Dekkjasölunnar. Hann bendir á heimasíðu fyrirtækisins, www.dekkjasalan.is. Þar eru myndir af felgunum sem eru í umboðssölu ásamt helstu tæknilegu upplýsingum og verði. MYND/

## 25 ÁRA FORNBÍLAR

**Samkvæmt reglum** þurfa bílar að ná 25 ára aldri til að teljast fornbílar. Það þýðir að bílar af árgerðinni 1986 eru nú formlega komnir í þennan virðulega flokk. Fornbílaklúbbur hefur verið starfandi hér á landi frá árinu 1977 og félagar innan hans eru flestir duglegir að hittast. Yfir eitt þúsund manns eru skráðir félagsmenn. Klúbburinn er á Facebook og þar getur fólk auglýst eftir hlutum í bíla sína eða selt en auk þess er virk heimasíða www.fornbill.is. Sýningar Fornbílaklúbbsins hafa ávallt vakið mikla athygli.




## KONUR Á MÓTORHJÓLUM

**Áhugi kvenna** á mótorhjólaakstri hefur aukist mikið hér á landi. Konurnar eru á öllum aldri og margar þeirra hittast reglulega yfir sumartímann og hjóla saman um landið. Starfsemi klúbbanna er þó virk allt árið þar sem konurnar hittast einu sinni í mánuði og sumar oftar. Tvö félög mótorhjólakvenna eru starfandi í Reykjavík, Skutlurnar og Harley Davidson skvísurnar sem flestar eru eiginkonur karla í Harley Davidson klúbbnum. Þær kalla sig Mafíu Dóru frænku eða MDF.

Skutlurnar hafa verið starfandi frá árinu 2005 en félagið var stofnað af Ásthildi Einarsdóttur. 36 konur eru skráðar í félagið.

Konur eru einnig virkar á landsbyggðinni, á Akureyri og í Keflavík. Á síðasta ári opnaði mótorhjólasafn á Akureyri. Hugmyndin með safninu er að varðveita 100 ára sögu mótorhjóla á Íslandi.

Gott er að hafa í huga fyrir þá sem vilja eignast mótorhjól að hlífðarfatnaður er nauðsynlegur öllum þeim sem ferðast um á bifhjóli. Samkvæmt vef Umferðarstofu þarf hlífðarfatnaðurinn að vera slitsterkur og inni í fatnaðinum eða innan undir honum þurfa að vera svokallaðar brynjur sem draga úr höggi og alvarlegum meiðslum. Stígvél fyrir mótorhjólaakstur þurfa að vera með stífum ökkla til að minnka líkur á ökklabroti. Hlífðarbúnaður skal vera merktur samkvæmt stöðlum um öryggi.




Tvö félög mótorhjólakvenna eru starfandi í Reykjavík og jafn mörg á landsbyggðinni.


Duftlökkum



felgur, stuðara o.fl.

- Verndar gegn tæringu
- Auðveldar þrif
- Mikið úrval lita

Pólýhúðun
Powder coating
Smiðjuvegi 3 - 200 Kópavogur - Sími 544 5700

www.polyhudun.is


Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 | Umsjónarmenn auglýsinga: Ívar Örn Hansson ivarorn@365.is s. 512 54429. | Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.



Lexus sýnir hugmyndabílinn LF-LC á blaðamannafundi á bílasýningunni í Chicago fyrr í mánuðinum. NORDICPHOTOS/AFP

## HUGMYNDABÍLAR VÖKTU HRIFNINGU

Mikið var um dýrðir á hinni árlegu bílasýningu í Chicago sem fór fram fyrir skemmstu. Venju samkvæmt vöktu mesta athygli hugmyndabílar og ný módel sem voru frumsýnd við það tækifæri.

Bílasýningin í Chicago er sú stærsta sinnar tegundar í Norður-Ameríku og hefur verið haldin við góðan orðstír í meira en öld. Sýningin lagðist af á árunum 1943 til 1950 þegar aukin framleiðsla á skriðdrekum og herbílum í seinni heimsstyrjöldinni varð til þess að áhugi á bílum dvínaði. Eftir að sýningin var endurvakin með krafti hefur hún átt vinsældum að fagna allar götur síðan.



Upprunalegur Chevrolet Corvette frá 1953 ásamt nýju 60 ára afmælisútgáfunni, Corvette 427 blæjubíl. NORDICPHOTOS/AFP

# Stjanað við felgurnar

**Felgur.is hefur selt landsmönnum traustar og flottar álfelgur undanfarin tólf ár. Úrvalið er ríkulegt og hægt er að máta felgur á netinu en líka að fá gamlar felgur eins og nýjar.**

„Við seljum álfelgur frá 26 aðilum í Þýskalandi og á Ítalíu, með öllum þeim stimplum og vottunum sem krafist er í vestrænum þjóðfélögum,“ upplýsir Tinna María Magnúsdóttir verslunarstjóri Felgur.is.

Hún segir viðskiptavini fá góðan aðgang að myndum verslunarinnar og að á heimasíðunni geti þeir prófað að setja mismunandi álfelgur undir bílinn sinn í þar til gerðum „mátunarklefa“.

„Þar sem úrvalið er mjög ríkulegt og margar felgur koma til greina á sama bíl er nauðsynlegt að geta leiðbeint viðskiptavinum svo þeir fái réttar felgur á bíla sína,“ útskýrir Tinna María.

Felgur.is rekur einnig verkstæði með besta fáanlega vélbúnaði til að gera við gamlar felgur, hvort sem þær eru brotnar, beyglaðar, kantaðar eða jafnvel miðjuskakkar.

„Þá tökum við að okkur að pólý-húða felgur og gera eins og nýjar á ný, og höfum áratuga reynslu í breikkun felga. Við sinnum einnig læsingum eins og Maglock, Bedlock og MT-Lock,“ segir Tinna María.

Nýjasta varan í verslun Felgur.is er bílljós af öllum gerðum.

„Við erum með framljós, afturljós, vinnuljós og nánast öll ljós á bílinn; LED og Xenon, sem eru einnig með E-merktum stimplum fyrir Evrópu. Hægt er að skoða þetta allt á www.felgur.is og fá leiðbeiningar um val á álfelgum og öðrum vörum. Þá er ekki úr vegi að taka spreybrúsa af afar góðum og umhverfisvænum felguhreinsi til að stjana við felgurnar, en leigubílstjórar sækja meðal annars mikið í þessa vöru hjá okkur,“ segir Tinna.

Tekið er vel á móti viðskiptavinum í höfuðstöðvum Felgur.is á Axarhöfða 16, 110 Reykjavík. GPS-hnit: 64° 7,492‘N, 21° 49,077‘W (IS0N93: 362.769, 405.498). Sími er 567 3322.



Hér má sjá Tinnu Maríu Magnúsdóttur, verslunarstjóra Felgur.is, með glæsilega álfelgu í fanginu, en sjón er sannarlega sögu ríkari þegar kemur að ótrúlegu úrvali álfelga í versluninni. MYND/GVA

# Gæði og gott úrval

**N1 er landsins umsvifamesti innflutnings- og söluaðili á felgum og býður vandaða umfelgunarþjónustu. Arnar Tryggvason, sölustjóri N1 Fellsmúla 24, veit allt um málið.**

„Við bjóðum felgur og dekk í miklu úrvali frá leiðandi framleiðendum á heimsvísu og fyrir allar gerðir bifreiða,“ segir Arnar og nefnir helstu vörumerkin til sögunnar.

„Mest erum við að selja á tilboðsverði vandaðar og fallegar felgur frá LF Work fyrir flestar gerðir japanskra og kóreskra bifreiða,“ upplýsir hann. „Svo erum við með fjögur merki frá All Car í Þýskalandi; hágæða AEZ Exclusive felgur fyrir fólksbíla og jeppa; Jafn flottar en ódýrari Dezent felgur fyrir fólksbíla og jepplinga; lífsstílsmerkið Dotz sem hentar fólks- og sportbílum, óbreyttum jeppum – þessar felgur eru stílaðar inn á ungt fólk; að ógleymdum ódýrum felgum fyrir fólksbíla frá Enzo sem eru kjörnar fyrir þá sem kjósa einfaldleikann.“

Þá segir Arnar N1 selja felgur frá Rimstock í Bretlandi, jeppafelgur frá Ultra og jeppaálfelgur frá Allight Wheels. Hann minnir á að handhafar N1 kortsins njóti sérstakra kjara og fái afslátt af öllum felgum. „Nema LF Work sem eru á sérstöku tilboði um þessar mundir.“

Ellefu verkstæði eru rekin á vegum N1 víðs vegar um landið og þar af átta hjólbarðaverkstæði; sex á höfuðborgarsvæðinu, eitt í Reykjanesbæ og annað á Akranesi sem öll hafa hlotið hina eftirsóttu Michelin-gæðavottun fyrir að fylgja vinnureglum og fyrir góða umgengni og þjónustu. Á þeim starfa reyndir menn sem leggja sig fram við að veita faglega þjónustu með fullkomnum tækjabúnaði, að sögn Arnars. „Allir staðirnir bjóða umfelgun og flestir eru með sérstakar vélar fyrir álfelgur og fínni felgur,“ bendir hann á og bætir við að á mörgum þeirra bjóðist hjólbarða- og smurþjónusta og almenn viðgerðaþjónusta.

Hægt er að kynna sér betur vörur og þjónustu N1 á heimasíðunni n1.is og dekkin og tengdar vörur á N1 vefsíðunni dekk.is. sem Arnar segir í stöðugri þróun og vexti. „Þar má til dæmis fletta upp dekkjamynstri ásamt myndum og upplýsingum um verð og sölustaði með því að skrá í dekkjastærð. Ef stærðin er ekki á hreinu má sækja hana á vef Bifreiðaskrár með því að leita eftir bílnúmerinu.“



Arnar minnir á að handhafar viðskiptakorta frá N1 njóti sérstakra kjara og fái meðal annars afslátt af felgum. MYND/GVA








## VOLVO AMAZON Í 50 ÁR

**Um þessar** mundir er hálf öld síðan Volvo Amazon langbakurinn var fyrst kynntur til sögunnar á bílasýningu í Stokkhólmi.

Volvo Amazon bílarnir voru framleiddir árin 1956 til 1970. Tæplega 667.320 eintök voru gerð í ýmsum útgáfum og þar á meðal fólksbílar og sportlegar útgáfur. Síðasti Amazon sem byggður var er með framleiðslunúmerið 73 220. Hann var keyrður beint af færibandinu inn í Volvo-bílasafnið í Gautaborg og er þar enn til sýnis.

Nánar á www.fib.is




## FYRSTI FJÖLDAFRAMLEIDDI BÍLLINN

**Í gegnum** tíðina hafa verið deildar meiningar um hver sé fyrsti fjöldaframleiddi bíllinn en margir eignað Curved Dash Oldsmobile þann heiður.

Oldsmobile var fyrst framleiddur árið 1901 bílasmiðnum Ransome Eli Olds (1864-1950) en Oldsmobile varð síðar hluti af General Motors.

Fyrsti bíllinn sem framleiddur var á færibandi var hins vegar Model T frá Ford, árið 1908. Model T seldist í milljónum eintaka og var lengi vel langmest seldi bíll í heimi.

Aðrir bílar sem þykja einnig koma til greina koma eru Benz Velo (1894) og Duryea Motor Wagon (1893) sem voru fyrstu bílarnir sem voru staðlaðir. Fyrir tíma þeirra var sérhver bíll sérsmíðaður og sérhannaður.

## HVER FANN UPP HJÓLIÐ?

**Hjólið er** ein af merkustu vélauppfinningum sögunnar. Frá tímum iðnbyltingarinnar hafa nánast allar vélar byggt á hjólum í einhverri mynd, hvort sem það eru fíngerð úr, farartæki, flugvélamótorar eða tölvudrif.

Fyrsta hjólið sem vitað er um er hjól leirkerasmiðs í Mesópótamíu 3500 árum fyrir Krist, en það sást á fornum steintöflum. Fyrsta hjólið á fararskjóta er talið hafa verið á stríðskerrum Mesópóta 3200 árum fyrir Krist. Hjól með teinum sáust svo fyrst undir egypskum stríðsvögnum um árið 2000 fyrir Krist og hjól virðast hafa þróast í Evrópu án áhrifa frá Mið-Austurlöndum um 1400 fyrir Krist. Þróun hjóla undir farartæki var þó sáralítil í vestrænum samfélögum þar til í upphafi 20. aldar.



## GLÆSILEG BÍLASÝNING

**Talið er** að hundruð þúsunda gesta hafi streymt á bílasýninguna í Washington sem var haldin fyrir skemmstu. Á fimmta tug bílaframleiðenda kynntu þar 700 gerðir bifreiða til sögunnar og þar af var stór hluti nýir bílar til að skoða og reynsluaka.

Bílasýningin í Washington hefur verið haldin við miklar vinsældir um áratuga skeið. Að þessu sinni gripu skipuleggjendurnir til þess ráðs að lengja hana um helming og ekki virtist veita af því fullt var út að dyrum þá tíu daga meðan á henni stóð.

Á meðal bíla sem voru sýndir er þessi Audi R8 Spyder sem vakti verulega lukku fyrir fallegar línur.






VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT INNIHELDUR 2 SPORT 2 SPORT+ 2 SPORT 3 2 SPORT 4 2 SPORT 5 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



Hluti af þeim endurskoðendum sem starfa hjá Íslenskum endurskoðendum. Nöfn í stafrófsröð eru: Björn Björgvinsson, Guðmundur Óskarsson, Hreggviður Þorsteinsson, Jón Örn Gunnlaugsson, Magnús Benediktsson, Ómar Kristjánsson, Sturla Jónsson og Sveinbjörn Sveinbjörnsson. MYND/GVA

# Íslenskir endurskoðendur sameina krafta sína

Íslenskir endurskoðendur annast endurskoðun reikningsskila og staðfestingu fjárhagsupplýsinga, jafnt fyrir lítil, meðalstór og stór fyrirtæki. Einnig hefur félagið hug á að spila stórt hlutverk í endurmenntun endurskoðenda og framþróun fagstéttarinnar hér á landi.

Fyrirtækið Íslenskir endurskoðendur var stofnað í ársbyrjun 2011 og er í dag orðið fimmta stærsta endurskoðunarfyrirtæki landsins eftir því sem næst verður komist ef metið er í fjölda starfandi löggiltra endurskoðenda. Tólf endurskoðendur sem áður störfuðu sem einyrkjar eða á smáum endurskoðunarfyrirtækjum tóku höndum saman um að sameinast í öflugu fyrirtæki.

Sturla Jónsson framkvæmdastjóri segir að höfuðstöðvar séu að Suðurlandsbraut 18 en starfsstöðvar eru einnig í Garðabæ, Hafnarfirði, Akureyri og á Ísafirði. „Fyrirtækið er enn ungt að árum en hefur vaxið hratt. Upphaflega hugmyndin að stofnun þessa félags var að sameina endurskoðendur sem höfðu starfað einir eða á litlum stofum. Flestir eru þetta endurskoðendur með langa reynslu í faginu. Tilgangurinn var ekki síst að mæta auknum kröfum sem gerðar eru til okkar í dag með tilkomu nýrra laga um endurskoðendur sem samþykkt voru árið 2008. Með lögunum voru innleiddir alþjóðlegir endurskoðunarstaðlar hér á landi sem gera auknar kröfur til endurskoðunar reikningsskila en áður hefur tíðkast auk aukinna krafna um gæðaeftirlit innan fagstéttarinnar,“ segir Sturla.

## Sameinaðir kraftar

„Með stofnun Íslenskra endurskoðenda var mögulegt að bakka menn upp og styðja við þessar faglegu kröfur sem hafa verið að aukast. Við erum meira farnir að vinna eftir alþjóðlegum stöðlum. Við lítum svo á að með stofnun félagsins séum við raunverulegur valkostur við endurskoðun við hlið stóru alþjóðlegu endurskoðunarfyrirtækja sem starfa hér. Slíkir valkostir hafa verið takmarkaðir, t.d. fyrir minni og meðalstór fyrirtæki. Nafnið okkar, Íslenskir endurskoðendur, gefur fólki hugmynd með hvaða hætti við staðsetjum okkur á þessum markaði. Við erum net lítilla og óháðra endurskoðunarfyrirtækja sem koma saman undir þessu nafni og sameinum krafta okkar,“ segir Sturla enn fremur.

Höfuðstöðvar fyrirtækisins eru á Suðurlandsbraut 18 en Sturla segir að endurskoðendurnir hafi ekki allir sameinast undir einu þaki enn þá. „Frekari sameiningar eru í farvatninu til að styrkja fyrirtækið enn frekar. Viðskiptavinir snúa sér beint til höfuðstöðvanna en á heimasíðunni www.isend.is er hægt að fræðast meira um starfsemina og þá endurskoðendur sem starfa undir þessu nafni.“

## Endurmenntun

Íslenskir endurskoðendur halda reglulega námskeið fyrir endurskoðendur. Sturla segir að það hafi verið enn einn tilgangurinn með stofnun félagsins að spila stórt hlutverk í endurmenntun endurskoðenda. „Það eru gerðar miklar kröfur til endurskoðenda um endurmenntun og það hefur stundum reynst mörgum endurskoðendum, t.d. þeim sem starfa inni á fyrirtækjum, erfitt að uppfylla þessar endurmenntunarkröfur. Þeir hafa ekki haft sama aðgang að námskeiðshaldi og faglegu efni og hinir sem starfa hjá alþjóðlegum keðjum. Markmið okkar félags er að veita endurmenntun fyrir þennan hóp og standa fyrir opnum námskeiðum. Þau námskeið sem við höfum þegar haldið hafa verið vel sótt og greinilega er þörfin til staðar. Við höfum jafnframt gengið fram fyrir skjöldu í notkun á endurskoðunarhugbúnaði sem margir einyrkjar eru að byrja að nota og höfum við aðstoðað þá við innleiðinguna. Áhersla okkar liggur töluvert í að sinna þessum hópi endurskoðenda enda hefur okkur fundist blóðið renna til skyldunnar að styðja við þennan hóp stéttarinnar,“ greinir Sturla frá.



Sturla Jónsson, framkvæmdastjóri Íslenskra endurskoðenda, í höfuðstöðvum félagsins á Suðurlandsbraut 18.

## Nýir endurskoðendur

Sturla segir að engin mörk séu á því hversu lítil eða stór fyrirtæki geti leitað til Íslenskra endurskoðenda. „Við sinnum litlum fjármálafyrirtækjum, stéttarfélögum, lífeyrissjóðum, sveitarfélögum auk annars konar fyrirtækja, lítilla sem þeirra stærri. Sameinaðir erum við sterkari heldur en þegar hver og einn er að starfa í sínu horni. Meðalaldur er í hærra lagi en þeir sem sjá fyrir sér starfslok geta með þessu sameinaða verkefni flutt stofuna sína inn í félagið. Margir einyrkjar sem huga að starfslokum finna fyrir því að enginn er til staðar til að taka við rekstrinum. Þeir hafa veigrað fyrir sér að taka að sér nema í endurskoðun þannig að nýir endurskoðendur koma að langmestu leyti frá stærstu stofunum. Með Íslenskum endurskoðendum verður til vettvangur fyrir að taka að sér nema eða vera viðskiptatækifæri fyrir yngri endurskoðendur, þessir yngri geta þá tekið við keflinu af þeim eldri.“

## Þekking og reynsla

Íslenskir endurskoðendur leggja ríka áherslu á að uppfylla faglegar kröfur. „Við viljum vera faglegir í vinnubrögðum. Krafan er mikil um framþróun og við stöndumst hana. Þessi góði hópur hefur stórt tengslanet á bak við sig og menn eru stórhuga um að fyrirtækið muni vaxa og dafna þegar fram í sækir. Við byggjum á góðum grunni með mikilli þekkingu og reynslu. Það er mat okkar að Íslenskir endurskoðendur séu raunhæfur valkostur til mótvægis við þessa stóru,“ segir Sturla Jónsson framkvæmdastjóri.

## PONZI SVIKAMYLLAN

**Ein þekktasta** svikamylla í heimi endurskoðunar og bókhalds er að öllum líkindum Ponzi svikamyllan. Hún lýsir sér þannig að fjárfestum er greidd ávöxtun með þeirra eigin fé frekar en að fé þeirra sé notað í fjárfestingar sem skili svo arði sem hægt er að deila út til fjárfesta.

Nafnið kemur frá Bandaríkjamanninum Charles Ponzi sem varð landsþekktur í kringum 1920 fyrir að ná miklum fjármunum af fjárfestum með því að lofa þeim hárri ávöxtun. Hann hagnaðist á mismun á virði frímerkja á milli landa. Charles Ponzi var langt frá því að vera upphafsmaður þessarar tegundar fjársvika. Sem dæmi má nefna að slík svikamylla var tilgreind í skáldsögunni Little Dorrit eftir Charles Dickens frá árinu 1857. Umfang og fjölmiðlaumfjöllun í kringum svik Ponzis voru hins vegar slík að honum hlaust sá vafasami heiður að vera eignað nafnið á svikunum.

Til eru mýmörg dæmi um Ponzi svik í gegnum tíðina. Fjöldi þeirra stórjókst þó á níunda áratugnum og hafa svikin verið stunduð af fjölmörgum óprúttnum æ síðan.

Stærsta og þekktasta Ponzi svikamyllan uppgötvaðist árið 2008 þegar Bernard Madoff viðurkenndi fyrir sonum sínum að öll hans viðskipti byggðust á lygum. Hann var handtekinn og kærður fyrir fjársvik. Svikin gengu út á að í stað þess að í stað þess að bjóða grunsamlega háa ávöxtun, þá bauð hann 12 prósenta örugga ávöxtun. Einnig hélt hann sjóðnum sínum lokuðum nema fyrir „sérvalda“ sem gerði sjóðinn enn meira spennandi. Svik Madoffs komust upp þegar markaðir í Bandaríkjunum lækkuðu skart og fólk byrjaði að taka höfuðstólinn sinn út úr sjóðnum hans. Heildarsvik Madoffs hafa verið metin á milli 12 og 21 milljarð Bandaríkjadala og var hann dæmdur í 150 ára fangelsi þann 29 júní 2009.


Bernard L. Madoff.


Charles Ponzi.








Bækur Johns Grisham seljast í milljónum eintaka. Hann grætur það sennilega ekki að hafa hætt við endurskoðunina.


Tom Cruise var stjarnan í hinni geysivinsælu kvikmynd The Firm sem gerð var eftir sögu Grishams.


Kenny G útskrifaðist sem endurskoðandi með hæstu einkunn í sínum árgangi. Hann starfaði þó aldrei við fagið, enda eftirsóttur saxófónleikari frá unga aldri.

# Hættu í endurskoðun og slógu í gegn

**Heimsfrægar stórstjörnur eru ekki það fyrsta sem fólki dettur í hug þegar talað er um endurskoðendur. Það kemur því kannski ýmsum á óvart að rithöfundurinn John Grisham og tónlistarmaðurinn Kenny G lærðu báðir endurskoðun í háskóla.**

Endurskoðun þykir ekki glamúrus starfsgrein og staðalímyndin af endurskoðanda er fölur, hljóðlátur maður með gleraugu og þunnt hár sem lætur lítið fyrir sér fara. Tveir af hundrað best launuðu listamönnum Bandaríkjanna, John Grisham rithöfundur og Kenny G saxófónleikari, eiga það þó sameiginlegt að hafa í upphafi ferils síns lagt endurskoðun fyrir sig.

Allir vita að John Grisham var lögfræðingur áður en hann lagði fyrir sig ritstörf og varð einn söluhæsti höfundur heims. Mun færri vita hins vegar að áður en hann fór í lögfræðinám lauk hann BS-prófi í endurskoðun frá fylkisháskólanum í Mississippi. Þetta var árið 1977 en Grisham fann sig ekki í endurskoðuninni og innritaðist í laganám stuttu seinna. Í upphafi ætlaði hann að verða skattalögfræðingur en skipti yfir í sakamálin og hóf störf sem slíkur 1983. Frásögn tólf ára fórnarlambs nauðgunar í réttarsalnum varð kveikjan að fyrstu skáldsögu hans, A Time to Kill, sem kom út 1989. Önnur bók hans, The Firm, kom út 1991 og seldist í sjö milljónum eintaka, auk þess sem eftir henni var gerð vinsæl kvikmynd.

Saxófónleikarinn víðfrægi Kenny G hafði líka hug á því að gerast endurskoðandi og útskrifaðist sem slíkur frá Háskólanum í Washington með hæstu einkunn. Þá þegar var hann þó orðinn atvinnumaður í spilamennskunni og praktíseraði aldrei sem endurskoðandi. Hann sló hressilega í gegn með fjórðu sólóplötu sinni, Duotones, árið 1986 og hefur síðan selt 48 milljónir eintaka af plötum sínum, fengið Grammy-verðlaun og spilað með flestum frægustu músíköntum samtímans.

Nú nýverið kom hann fram í myndbandi við lag Katy Perry, Last Friday Night, og í október síðastliðnum mætti hann í sjónvarpsþáttinn Saturday Night Live til þess að spila með framúrstefnurokkbandinu Foster the People í laginu Houdini.

## NÁMSMÖGULEIKAR

**Boðið er** upp á meistaranám í reikningsskilum og endurskoðun sem lýkur með prófgráðunni Master of Accounting and Auditing (MAcc) í Háskóla Íslands og Háskólanum í Reykjavík. Meistaranámið er fjögurra missera. Hægt er að velja um að taka meistaranám í reikningsskilum og endurskoðun sem 90 eininga nám eða 120 eininga nám hjá HÍ. Nemendur á báðum brautum taka sömu 15 skyldunámskeið, nemendur sem skráðir eru í 120 eininga námið skrifa að auki 30 eininga meistaraprófsritgerð.

Námið hjá **Háskólanum í Reykjavík** er 120 ECTS einingar og tekur tvö ár (fjórar annir) ef miðað er við fullt nám. Gert er ráð fyrir fjórum námskeiðum á önn í fullu námi.

Námið hentar vel einstaklingum sem hafa hug á því að vinna við fjármál, reikningshald, reikningsskil og/eða endurskoðun í fyrirtækjum eða stofnunum þar sem sérþekking á svið reikningsskila og endurskoðunar er skilyrði fyrir starfi.

Náminu er ætlað að mæta mikilli þörf á sérþekkingu á reikningsskila- og endurskoðunarsviði.

Atvinnumöguleikar: Uppbygging námsins miðar að því að búa nemendur undir að sinna krefjandi og flóknum störfum á sviði reikningsskila og endurskoðunar en krafan um slíka menntun hefur aukist mikið hjá fyrirtækjum sem m.a. hafa skráð hlutabréf og/eða skuldabréf á verðbréfamarkaði.


Háskóli Íslands.

# KPMG vill tryggja öllum viðskiptavinum sínum jafn góða þjónustu

**Uppgjörs- og bókhaldssvið KPMG sinnir margs konar þjónustu sem nýtist fyrirtækjum af öllum stærðum og gerðum líkt og í bókhaldi, uppgjörum, gerð ársreikninga, skattskilum og launavinnslu. Á sviðinu vinnur reynslumikið og vel þjálfað starfsfólk bæði í Reykjavík og á landsbyggðinni.**

KPMG er umsvifamikið fyrirtæki þar sem starfa um 230 manns á ellefu skrifstofum og starfsstöðvum vítt og breitt um landið. Starfsemin skiptist í þrjú meginsvið, endurskoðunarsvið, skatta- og lögfræðisvið og fyrirtækjasvið.



„Okkar helsti kostur er sá að við höfum yfir að ráða fjölda sérfræðinga sem við getum leitað til eftir því af hvaða toga verkefnið er," segir Eyvindur Albertsson, löggiltur endurskoðandi hjá uppgjörs- og bókhaldssviði KPMG. MYND/VALLI

## Tryggja minni fyrirtækjum góða þjónustu

„Uppgjörs- og bókhaldssviðið er hluti af endurskoðunarsviðinu. Þar þjónustum við minni og meðalstóra aðila sem ekki óska eftir endurskoðun ársreikninga," segir Eyvindur Albertsson löggiltur endurskoðandi hjá uppgjörs- og bókhaldssviði KPMG. Sviðið var sett á laggirnar fyrir nokkrum árum til að tryggja að minni og meðalstór fyrirtæki fengju jafn góða þjónustu og stærri fyrirtækin. „Það hafði áður komið fyrir að minni fyrirtækin fengju ekki nægjanlega góða þjónustu og því vildum við breyta," segir Eyvindur.

Hátt í þrjátíu manns vinna á uppgjörs- og bókhaldssviðinu í Borgartúni en auk þess eru fleiri starfsmenn á starfsstöðvum úti á landi.

„Þessi þjónusta hefur mælst mjög vel fyrir hjá viðskiptavinum okkar," segir Eyvindur og bendir á nauðsyn þess að styðja við fyrirtæki í vexti. „Maður veit aldrei hvenær þessi litlu fyrirtæki verða að stórum viðskiptavinum og því nauðsynlegt að veita þeim góða þjónustu meðan þau vaxa og dafna."

## Bókhald frá a til ö

Uppgjörs- og bókhaldssvið KPMG sinnir margs konar þjónustu, svo sem bókhaldi, uppgjörum, gerð ársreikninga, skattskilum og launavinnslu.

„Við bjóðum upp á alla almenna bókhaldsþjónustu í dk fjárhagsbókhaldi en höfum jafnframt þekkingu á öðrum bókhaldskerfum sem eru á markaðnum á borð við Navision, Axapta, TOK, TOK+, Stólpa og Ópusallt," segir Eyvindur .

Þegar bókhald hvers virðisaukaskattstímabils hefur verið fært og afstemmt útbúa starfsmenn sviðsins virðisaukaskattsskýrslu fyrir tímabilið sé viðskiptavinurinn í virðisaukaskattskyldum rekstri. „Þá sjáum við um að senda skýrsluna í rafrænu formi til skattstjóra og viðskiptavinurinn getur greitt hana í heimabanka sínum," útskýrir Eyvindur og bendir á að sum fyrirtæki kjósi að fá bókara frá KPMG til að koma til sín og vinna í þeirra eigin tölvukerfum. „Sú þjónusta okkar hefur mælst mjög vel fyrir."

## Vistun dk bókhaldskerfis

„Í samvinnu við dk hugbúnað ehf. bjóðum við vistun dk bókhaldskerfis. Bókhaldskerfið er þá vistað hjá dk hugbúnaði ehf. sem sér um að ávallt sé unnið á nýjustu útgáfu kerfisins auk daglegrar afritatöku sem er afar mikilvægt," segir Eyvindur. Hann bendir á að viðskiptavinir KPMG geti þannig fært sölureikninga hjá sér ásamt innborgunum viðskiptavina og haft daglega yfirlit yfir viðskiptafærslur.

„Við hjá KPMG færum fjárhagsbókhaldið á skrifstofu okkar eða hjá viðkomandi viðskiptavini. Sífellt fleiri nýta sér að fá starfsmann frá KPMG til sín enda hefur það sýnt sig að vera hagkvæmt og auk þess fylgja því þægindi að þurfa ekki að flytja gögn á milli húsa." Viðskiptavinurinn hefur því beinan aðgang í bókhaldskerfið og yfirsýn um rekstur og stöðu félagsins á hverjum tíma.

„Auk færslu bókhalds tökum við að okkur að útbúa og senda út sölureikninga fyrir viðskiptavini," tekur Eyvindur fram.

## Gerð ársreikninga

Uppgjörs- og bókhaldssvið býður viðskiptavinum sínum faglega og ekki síst áreiðanlega þjónustu við gerð ársreikninga og árshlutareikninga hvort sem viðskiptavinurinn færir bókhald sitt sjálfur eða það fært hjá KPMG.

„Við getum tekið við rafrænum færslum til uppgjörs úr öllum helstu bókhaldskerfum sem eru á markaðnum," segir Eyvindur.

## Skattframtöl fyrir einstaklinga og fyrirtæki

„Við önnumst gerð skattframtala, bæði fyrir einstaklinga og fyrirtæki," segir Eyvindur og bendir á að á uppgjörs- og bókhaldssviði starfi löggiltir endurskoðendur og sérfræðingar á sviði skattamála. „Þá störfum við einnig í náinni samvinnu við skatta- og lögfræðisvið KPMG," segir hann.

Einnig er veitt skattaleg ráðgjöf á sviðinu. „Þá tökum við að okkur að svara kærum og fyrirspurnum skattyfirvalda ef þess er óskað."





**„Á uppgjörs- og bókhaldssviði KPMG þjónustum við minni og meðalstóra aðila sem ekki óska eftir endurskoðun ársreikninga. Sviðið var sett á laggirnar til að tryggja að þessi fyrirtæki fengju jafn góða þjónustu og stærri fyrirtækin.**





Á uppgjörs- og bókhaldssviði KPMG starfar vel þjálfað og reynslumikið starfsfólk.

## Launaútreikningur er oft flókinn

Eyvindur segir æ algengara að bæði stórir og smáir rekstraraðilar fái utanaðkomandi aðila til að sjá um launaútreikninga hvort sem er að hluta til eða öllu leyti. „Ástæðan er meðal annars að launaútreikningur er oft flókinn og ekki síður sú launaleynd sem oft er krafist að viðhöfð sé í fyrirtækjum," segir Eyvindur en uppgjörs- og bókhaldssvið KPMG annast launavinnslur fyrir rekstraraðila og félög.

„Við færum launabókhald, sendum launamönnum launaseðla á pappír eða í rafrænu formi, útbúum skilagreinar til lífeyrissjóða, stéttarfélaga og skattyfirvalda," segir hann en í árslok eru útbúnir launamiðar og þeir sendir skattyfirvöldum og launþegum ef þess er óskað. „Ef viðskiptavinurinn færir sjálfur fjárhagsbókhald sitt sendum við honum dagbókarskrá yfir launavinnslur, annaðhvort til innsláttar eða í rafrænu formi til innlestrar."

## Mikil sérfræðikunnátta á einum stað

„Við finnum fyrir því að margir hræðast stór fyrirtæki á borð við KPMG. Það er hins vegar alger óþarfi. Okkar helsti kostur er sá að við höfum yfir að ráða fjölda sérfræðinga sem við getum leitað til eftir því af hvaða toga verkefnið er," segir Eyvindur. Á uppgjörs- og bókhaldssviði KPMG starfar vel þjálfað reynslumikið starfsfólk, meðal annarra löggiltir endurskoðendur, viðurkenndir bókarar og starfsfólk sem er með mikla reynslu af uppgjörum og hefur yfirsýn yfir flestar tegundir atvinnurekstrar í landinu. „Þá teljum við okkur einnig mjög samkeppnisfæra í verði í þessum geira," segir Eyvindur og bendir að lokum á heimasíðu KPMG www.kpmg.is fyrir þá sem vilja kynna sér starfsemi fyrirtækisins nánar.




# Fólkið í landinu les Fréttablaðið

Ný fjölmiðlakönnun Capacent Gallup staðfestir vinsældir Fréttablaðsins enn einu sinni. Til dæmis lesa 70% íbúa höfuðborgarsvæðisins milli átján og fimmtugs að meðaltali hvert tölublað Fréttablaðsins - næstum þrefalt fleiri en lesa það dagblað sem kemur næst á eftir.

Við erum stolt af þessum glæsilega árangri og munum halda áfram að miðla skemmtilegu og upplýsandi efni, hlusta á raddir lesenda og vera líflegur vettvangur fyrir skoðanaskipti.

| 18-49 ára | Höfuðbsv. | Landið allt | 12-80 ára | Höfuðbsv. | Landið allt |
|---|---|---|---|---|---|
| Fréttablaðið | 70% | 57,5% | Fréttablaðið | 73,0% | 59,4% |
| Morgunblaðið | 25% | 26,8% | Morgunblaðið | 32,1% | 33,1% |
| DV | 13,1% | 11,6% | DV | 13,3% | 12,2% |
| Fréttatíminn | 48,4% | 35,9% | Fréttatíminn | 54,8% | 40,8% |
| Finnur.is | 30,2% | 22,6% | Finnur.is | 38,8% | 29,5% |
| Monitor | 25,3% | 22,5% | Monitor | 25,5% | 23,7% |
| Viðskiptablaðið | 7,6% | 7,6% | Viðskiptablaðið | 10,2% | 9,1% |

Prentmiðlakönnun Capacent Gallup. Október til desember 2011, meðallestur á tölublað.




**Allt sem þú þarft...**

Snyrtileg 3. herb íbúð til leigu. Góð umgengni og reykleysi skilyrði. Uppl. í síma 840 0076.

### Íbúðir til leigu

Glæsilegar, nýjar 2ja. og 3ja. herb. íbúðir verða til útleigu mjög fljótlega í Norðlingaholti. Flestum íbúðum fylgir stæði í sameiginlegri bílageymslu. Áhugasamir leigjendur senda nafn og símanr. á netfangið: ao@husid.is Öllum fyrirspurnum svarað.

## Húsnæði óskast

Erlent par með 4mánaða gamallt barn óska eftir 2. herb. íbúð frá 1.mars. s. 553 0520 eða 697 9582.

## Geymsluhúsnæði

### www.geymslaeitt.is

Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

### www.buslodageymsla.is

Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

### Geymslur.com

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

## Gisting

Íbúðir í Barcelona, gisting eða langtímaleiga. starplus.is.

Allir í vetrarskíðafrí á Dalvík, góð gistiaðstaða! S:865 8391, www.vegamot.net og vegamot@vegamot.net.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

### Járniðnaðarmenn

**Vantar duglegan áhugasmana mann í smíðar og viðgerðir á vélbúnaði. Mest við skip. Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Umsóknir sendist á thjonusta@365.is Merkt: Járniðnaðarmenn**

### Veitingahúsið Hornið

Óska eftir að ráða Pizzubakara í 70% starf. Aðeins vanur Pizzubakari kemur til greina. Sendið ferilskrá með mynd á hornid@hornid.is

Starfsfólk óskast á veitingahúsið Durum, Laugavegi 42. Full vinna og hlutastarf í boði. Íslenskukunnátta skilyrði. Upplýsingar í síma 777-3905 eða á staðnum á milli 14 og 18.

### Aðstoðarkokkur í eldhús

Óskum eftir vönum manni í eldhús, unnið er á kokkavöktum. Áhugasamir sendið umsókn á info@portid.is

Skipsstjóra vantar á Papeyjarferjuna Gísla í Papey á komandi sumri. Viðkomandi þarf einnig að hafa tilskilin réttindi sem vélavörður. Nánari uppl. gefnar í s. 866 1353 eða 478 8119 Papeyjarferðir ehf. Djúpavogi.

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar




**Opið hús fyrir slagþola og aðstandendur þeirra fram á vor:**

**REYKJAVÍK: Alla þriðjudaga frá kl.13-15 í Síðumúla 6.**

**AKUREYRI: Annan þriðjudag hvers mánaðar frá kl.18-19 í Greifanum.**

**Kaffi á könnunni! Erum á Grensásdeild og veitum upplýsingar um félagið alla fimmtudaga frá kl.14-16.**

## Einkamál

### MyPurpleRabbit.com

Djörf stefnumót, heit samskipti. Einstaklingar, pör, hjón. Íslenskt viðmót.




FONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## Fasteignir

### FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

### Brekkubyggð 61 –Garðabæ

**3ja herbergja íbúð með sérinngangi**

**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17.00-18.00**




92,0 fm íbúð með sérinngangi og glæsilegu útsýni á góðum og grónum stað í Garðabæ. Stór sér lóð fylgir íbúðinni. Íbúðin skiptist í forstofu, þvottaherbergi innaf forstofu, hol, 2 svefnherbergi, rúmgóða stofu, eldhús og flísalagt baðherbergi. Útsýni út á sjóinn, að Snæfellsjökli, yfir borgina og víðar. **Verð 23,9 millj.**

**ÍBÚÐIN VERÐUR TIL SÝNIS Í DAG. VERIÐ VELKOMIN.**




Þriðjudag. 28.febrúar

# Njálsgata 38

**frá kl. 17:00-18:00** 101 Reykjavík

70 m² einbýli
Mikið endurnýjað á síðustu árum
Frábær staðsetning
Sérlega falleg eign



Nánari upplýsingar veitir
**Ólafur Finnbogason**
sími: 822 2307
olafur@miklaborg.is

Verð: **26,7 millj.**

FASTEIGNASALAN MIKLABORG 569 7000 Síðumúli 13 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

### Fasteignasala Mosfellsbæjar

KJARNA - ÞVERHOLTI 2
• 270 MOSFELLSBÆ
• SÍMI: 586 8080
• FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

### Dimmuhvarf 1 - 203 Kópavogur








**Opið hús í dag þriðjudag frá kl. 17:00 til 18:00**

Mjög glæsilegt einbýlishús með innbyggðum bílskúr við Dimmuhvarf 1 í Kópavogi. Húsið stendur á 1.544 m2 fallegri lóð með glæsilegu útsýni við Elliðavatn. Einbýlishúsið er 207,9 m2 og bílskúrinn 55,1 m2. Eignin skiptist í: Forstofu, baðherbergi, þvottahús, húsbóndaherbergi/koníakstofu, tvö barnaherbergi, hjónah. með fataherbergi og baðherbergi, eldhús, borðstofu og stofu. Bílskúrinn er 55,1 m2 með geymslu. Þetta er stórglæsilegt hús með glæsilegu útsýni. Mjög fallegar sérsmíðaðar innréttingar og gólfefni. Mikil lofthæð með fallegri lýsingu og incubus kerfi . **Eignin er laus til afhendingar strax. V. 79,5 m.**

Konukvöld
Létt Bylgjunnar
í Smáralind 1. mars
LÉTT BYLGJAN 96,7
Smáralind

## Atvinna

### Vegna aukinna umsvifa leitar AGR að öflugum gagnagrunns sérfræðingi. Við leitum að einstaklingi sem getur unnið sjálfstætt og er skapandi í hugsun.

**Við bjóðum**
- Krefjandi og fjölbreytt verkefni
- Frábær starfsandi með öflugum hópi sérfræðinga
- Tækifæri í ört vaxandi fyrirtæki

**Starfssvið**
- Umsjón með gagnagrunni AGR Innkaupa
- Hugbúnaðargerð með áherslu á gagnagrunnsenda
- Tækniley umsjón með innleiðingum á kerfinu

**Hæfniskröfur**
- Háskólapróf í tölvunarfræði eða sambærileg menntun
- Þekking og reynsla af Microsoft SQL æskileg
- Reynsla af forritun í .NET og C# kostur
- Góð enskukunnátta
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Ábyrgð, frumkvæði og metnaður í starfi

Umsóknarfrestur er til 5. mars, en umsóknir má senda á job@agr.is

*AGR er alþjóðlegt hugbúnaðarfyrirtæki sem hefur frá stofnun árið 1997, þróað eigin lausnir til hagræðingar í rekstri aðfangakeðjunnar. Meðal lausna okkar er innkaupa- og birgðastýringarkerfið AGR Innkaup, en það er í notkun hjá fjölda innlendra og erlendra fyrirtækja.*

AGR

## Tilkynningar

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

### Tillaga að breyttu deiliskipulagi Suðurhafnar vegna Óseyrarbrautar 17

Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 14. febrúar 2012 að auglýsa tillögu að breytingunni í samræmi við 43. grein skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin felst í að byggingarreitur er stækkaður til norð-vesturs og nýtingarhlutfall hækkað í 0.5.

**Tillaga að breyttu deiliskipulagi á Iðnaðar-/þjónustu og verslunarsvæði við Flatahraun vegna Flatahrauns 7.**

Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 7. febrúar 2012 að auglýsa tillögu að breytingunni í samræmi við 43. grein skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin felst í að lóð Flatahrauns 7 er stækkuð og gerður nýr byggingarreitur fyrir allt að 750 m2 nýbyggingu.

Deiliskipulögin verða til sýnis hjá skipulags- og byggingarsviði Norðurhellu 2, frá 28. febrúar til 11. apríl 2012. Hægt er að skoða deiliskipulagstillögurnar á forsíðu vefs Hafnarfjarðarbæjar www.hafnarfjordur.is Nánari upplýsingar eru veittar á skipulags- og byggingarsviði.

Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingarnar og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarbæjar, eigi síðar en 11. apríl 2012. Þeir sem eigi gera athugasemdir við breytinguna innan tilskilins frests, teljast samþykkir henni.

Skipulags-og byggingarsvið Hafnarfjarðar.

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**OLOF PALME,** forsætisráðherra Svíþjóðar (1927-1986) lést þennan dag af skotsári.
*„Lýðræði er spurning um mannlega reisn og mannleg reisn er pólitískt frelsi.“*

MATS WIBE LUND LJÓSMYNDARI: ER SJÖTÍU OG FIMM ÁRA Í DAG

# IÐJA MÍN ER LYKILL AÐ ÓTAL SKEMMTILEGUM KYNNUM

„Það sem ég er að fást við er mér ástríða og ánægjan ein,“ segir afmælisbarn dagsins, ljósmyndarinn Mats Wibe Lund, um dagleg viðfangsefni sín. Þau snúast meðal annars um að skanna gamlar myndir sem hann tók á filmur inn á vefinn mats.is. „Vefurinn er í raun mín dagbók. Þegar ég fer yfir myndirnar rifjast margt upp því iðja mín er lykill að ótal skemmtilegum kynnum,“ segir hann. Hann tekur líka fram að myndir hans séu til ókeypis afnota fyrir allt námsfólk, frá leikskólabörnum upp í doktorsnema.

Mats fæddist í Ósló fyrir 75 árum og ólst upp rétt við mekka skíðaíþróttarinnar á Holmenkollen. Á vetrarólympíuleikunum 1952 kveðst hann hafa verið þar í „sauðargærufrakka“ með armband að vísa gestum til sætis á áhorfendasvæðinu. Nú 60 árum síðar ætlar hann sjálfur að vera gestur á sama svæði sunnudaginn 11. mars. „Ég horfi mikið á norska sjónvarpið til að gleyma ekki móðurmálinu og þegar ég fylgdist með keppni á Holmenkollen fyrir fáum vikum fékk ég smávegis fyrir hjartað því mér fannst ég þekkja sum trén meðfram gönguskíðabrautinni. Ég var þarna öllum stundum. Um leið og ég kom úr skólanum batt ég á mig skíðin og fór að renna mér. Það var mjög gott að alast upp þarna, mér fannst ég í raun aldrei vera borgarbarn.“

Árbæjarhverfið í Reykjavík hefur verið heimasveit Mats frá því hann flutti búferlum til Íslands 1996, ásamt konu sinni Arndísi Ellertsdóttur sem hann hitti í Ósló við hjúkrunarnám. En hann var búinn að koma 25 sinnum til Íslands áður en hann flutti. Hvað kom til?

„Það er löng saga. Ég átti víðförla frænku sem var ljósmyndari og yfir frásögnum hennar af Íslandi var ævintýraljómi. Sumarið 1953 var norski arkitektinn Håkon Christie fyrirliði norskra stúdenta við fornleifauppgröft í Skálholti. Þó ég væri bara menntaskólastrákur fékk ég leyfi hans og Kristjáns Eldjárns þjóðminjavarðar til að taka þátt og seldi frímerkjasafnið mitt fyrir farinu. Það var sterk upplifun að sigla upp að landinu á fallegu júníkvöldi og sjá jökulinn rísa úr sæ.“



**MATS WIBE LUND LJÓSMYNDARI** „Það var sterk upplifun að sigla upp að landinu á björtu júníkvöldi og sjá jökulinn rísa úr sæ,“ rifjar hann upp um fyrstu komu sína til Íslands.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Að loknu stúdentsprófi fór Mats að læra ljósmyndun í Frakklandi. „Ég var sendur á vegum flughersins til Versala og var þar í skóla í gömlu hesthúsi Lúðvíks konungs. Síðar var ég í háskóla í Köln í tvö ár og þegar því námi lauk vorið 1962 kom ég til Íslands að vinna í Sólarfilmu.“ Næstu ár kveðst Mats hafa starfað jöfnum höndum sem blaðamaður og ljósmyndari fyrir norska fjölmiðla. „Ég skrifaði um 1000 greinar um íslensk málefni í norsk blöð en árið 1974 lagði ég blaðamennsku á hilluna til að sinna ljósmyndun í fullu starfi.“

Myndir Mats af íslenskum sveitabæjum hanga uppi á fjölmörgum heimilum landsins. „Átthagamyndatökur eru mínar ær og kýr,“ segir hann glaðlega og kveðst hafa sýnt 820 myndir á slóðum Vestur-Íslendinga á síðasta ári, eftir óskum þaðan. „Það var mikið spekúlerað í bæjum og eyðibýlum sem ég á myndir af en líka spurt um eyðibýli sem ég á eftir að mynda og jafnvel finna út hvar voru því skriflegar heimildir hafa brenglast í tímans rás. Nú er ég búinn að fá mér Garminkort til að merkja inn á það sem eftir er að mynda. Ég hef svo gaman af að gera vel við fólk,“ segir Mats og bætir við í lokin fullur gáska: „Ef þú hefur verið í vafa um hvort ég væri með fullu viti þá veistu svarið núna!“

**gun@frettabladid.is**




†

*Faðir okkar,*

**Brynjólfur Valgeir Vilhjálmsson**
vélstjóri,
Austurbrún 2,

lést á hjúkrunarheimilinu Eir 16. febrúar. Jarðsungið verður frá Fossvogskapellu þriðjudaginn 28. febrúar kl 15.00.

**Ingimar Brynjólfsson**
**Haraldur Brynjólfsson**



†

*Ástkær móðir okkar,*

**Baldvina Gunnlaugsdóttir**
Eiðsvallagötu 26, Akureyri,

lést á dvalarheimilinu Hlíð 21. febrúar.
Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 2. mars kl. 13.30.

**Fyrir hönd ástvina,**
**Anton Sölvason**
**Margrét Kristín Sölvadóttir**
**Gunnlaugur Sölvason**
**María Jakobína Sölvadóttir**
**Egill Sölvason**
**Guðfinna Sölvadóttir**



†

*Útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Steindórs Arasonar**
frá Ísafirði, síðast til heimilis að Skipalóni 24, Hafnarfirði,

verður gerð frá Hafnarfjarðarkirkju fimmtudaginn 1. mars kl. 15.00. Þakkir sendum við starfsfólki á 4. hæð Sólvangs fyrir góða og alúðlega umönnun.

**Þórdís Þorláksdóttir**
**Þóra Steindórsdóttir**
**Ari Steindórsson** **Lára Grétarsdóttir**
**Guðlaug Steindórsdóttir** **Sævar Örn Guðmundsson**
**Alda Áskelsdóttir** **Sigurður Óli Gestsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær móðir okkar,*

**Sólveig Sigurðardóttir**
frá Gvendareyjum,

lést á Heilbrigðisstofnun Vesturlands í Stykkishólmi fimmtudaginn 23. febrúar.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**
**Magdalena Kristinsdóttir**
**Sigrún Kristinsdóttir**
**Sesselja Kristinsdóttir**



†

*Elsku mamma mín og tengdamamma,*

**Valdís Guðrún Þorkelsdóttir (Vallý)**
Bollagörðum 57, Seltjarnarnesi,
áður Fornhaga 22, Reykjavík,

sem lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni 20. febrúar, verður jarðsungin frá Neskirkju fimmtudaginn 1. mars kl. 13.00.

**Guðrún V. Haraldsdóttir** **Guðlaugur H. Jörundsson**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**



†

*Móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Pálmey Ó. Kristjánsdóttir**
frá Látrum í Aðalvík,

lést sunnudaginn 19. febrúar. Útförin hefur farið fram í kyrrþey. Sérstakar þakkir til starfsfólks Hrafnistu í Boðaþingi fyrir ljúft og hlýlegt viðmót og frábæra umönnun.

**Bára Hannesdóttir** **Gunnar Jakobsson**
**Hanna Pálmey Gunnarsdóttir** **Ragnar Oddsson**
**María Kristín Gunnarsdóttir** **Smári Baldursson**
**Þórunn Margrét Gunnarsdóttir** **Bolli Ófeigsson**
**og langömmubörn.**



†

*Okkar ástkæri,*

**Þórður Ólafsson**
sérfræðingur hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum í Washington D.C.,

verður jarðsunginn frá Víðistaðakirkju föstudaginn 2. mars kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

**Lára Alexandersdóttir**
**Gígja Þórðardóttir** **Páll Liljar Guðmundsson**
**Orri Þórðarson**
**Silja Þórðardóttir** **Jóhann Gunnar Jónsson**
**Sölvi, Lára og Laufey afabörn.**




# ELDHEITUR MARS

## HLÁTUR, SPENNA OG HÆFILEIKAR Í NÝJUM VERÐLAUNAÞÁTTUM




Þættir sem færðu Kate Winslet Emmy og Golden Globe verðlaunin.
HEFST 7. MARS




Æsispennandi verðlaunaþáttur frá framleiðendum 24.
HEFST 4. MARS




Idol stjarnan Katharine McPhee í þáttum frá Steven Spielberg.
HEFST 5. MARS




Spennandi keppni milli íslenskra hönnuða um starf hjá 66°NORÐUR.
HEFST 21. MARS

Stöð 2, Stöð 2 Bíó og Stöð 2 Extra

**243 KR.**
**Á DAG**

KAUPTU ÁSKRIFT Á STOD2.IS

VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR.

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** uss, **6.** í röð, **8.** skammst., **9.** atvikast, **11.** tveir eins, **12.** smáu, **14.** suð, **16.** tónlistarmaður, **17.** skaut, **18.** stansa, **20.** bókstafur, **21.** þraut.

**LÓÐRÉTT**
**1.** ofsi, **3.** umhverfis, **4.** skáldsaga, **5.** pumpun, **7.** möttull, **10.** skammstöfun, **13.** þunnur vökvi, **15.** litur, **16.** hugfólginn, **19.** tvíhljóði.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** suss, **6.** rs, **8.** möo, **9.** ske, **11.** gg, **12.** litlu, **14.** kvabb, **16.** kk, **17.** pól, **18.** æja, **20.** ká, **21.** raun.
**LÓÐRÉTT: 1.** ærsl, **3.** um, **4.** sögubók, **5.** sog, **7.** skikkja, **10.** etv, **13.** lap, **15.** blár, **16.** kær, **19.** au.






# Sleppt og haldið

**BAKÞANKAR**
**Magnús Þorlákur Lúðvíksson**



Maður einn er á leið á áfangastað og má engan tíma missa. Eftir stutta för kemur hann að gatnamótum þar sem hann þarf að velja á milli tveggja vega. Annar liggur í vestur og hinn í austur en báðir hlykkjast þeir með tíð og tíma til norðurs í átt að áfangastaðnum. Maðurinn er ekki kunnugur vegunum, lætur kylfu ráða kasti og fer í vestur. Nokkrum tímum síðar er hann kominn á áfangastað en hann er seinn og verður því pirraður. Nú gæti maðurinn eftir þetta langa ferðalag bölsótast út í vegvalið. Þær skammir eiga þó aðeins rétt á sér ef hinn vegurinn var styttri. Hafi hann verið lengri getur maðurinn skammast út í það eitt að hafa ekki lagt fyrr af stað.

**SÉ** vilji til þess að meta gæði ákvörðunar þar sem einn valkostur af mörgum var valinn, ber nefnilega að líta til fleira en einungis hinna sjáanlegu afleiðinga. Það þarf einnig að líta til þess hvaða afleiðingar aðrar mögulegar ákvarðanir hefðu haft. Þess vegna lítum við þá öðrum augum sem slasa annan við sjálfsvörn en þá sem beita ofbeldi af tilefnislausu.

**AÐ** líta til allra mögulegra valkosta og afleiðinga er sérstaklega mikilvægt þegar meta skal frammistöðu stjórnenda. Þess vegna er það miður hve sjaldan þeirri nálgun er beitt í þjóðmálaumræðunni. Það er kannski ekki hægt að gera þá kröfu til stjórnmálamanna að þeir fjalli á þennan veg um málefni en fjölmiðlar, álitsgjafar og kjósendur ættu að gera það. Forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar hreykja sér af því að hafa komið hagvexti af stað á ný. Gott og vel en þar með er umræðunni um árangur stjórnarinnar ekki lokið. Sú spurning stendur eftir hvort annað stjórnarsamstarf hefði náð betri, verri eða sama árangri. Það er vitaskuld ekki auðvelt að svara því en það hlýtur að vera mælikvarðinn sem skipta á kjósendur máli. Svona í ljósi þess að engin meiri háttar ytri áföll hafa dunið hér eftir hrun má til dæmis leiða að því líkur að hagvöxtur hefði einnig glæðst undir annars konar ríkisstjórnarsamstarfi. Enda ákvarðanir stjórnvalda ekki upphaf og endir umsvifa í hagkerfinu.

**AÐ** sama skapi er það ekki sérlega djúp umræða þegar rætt er um skattastefnu ríkisstjórnarinnar eingöngu út frá beinum áhrifum hennar: þeim að fleiri krónur eru teknar úr vösum skattborgara. Það þarf einnig að líta til þess niðurskurðar ríkisútgjalda sem leggjast hefði þurft í án skattahækkana eða þá þess aukavaxtakostnaðar sem enn meiri hallarekstur ríkisins hefði haft í för með sér. Þótt gagnrýni á skattastefnu ríkisstjórnarinnar eigi að nokkru leyti rétt á sér þá missir hún marks þegar ekki er minnst á afleiðingar hinna valkostanna í stöðunni. Það verður nefnilega ekki sleppt og haldið, allra síst í stjórnmálum.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Overli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott






# Gói og Baunagrasið

## Leikhúsglaðningur fyrir alla fjölskylduna!

Einn Gói, þrjár baunir og margfaldur Þröstur Leó verða að heilu ævintýri. Risinn, gamla konan, sjálfspilandi harpan, hænan sem verpir gulleggjum og allir þorpsbúarnir mæta til leiks á litla sviði Borgarleikhússins.

| | | |
|---|---|---|
| sun 4/3 | kl. 13:00 | örfá sæti |
| sun 4/3 | kl. 14:30 | örfá sæti |
| sun 11/3 | kl. 13:00 | UPPSELT |
| sun 11/3 | kl. 14:30 | UPPSELT |
| sun 18/3 | kl. 13:00 | örfá sæti |
| sun 18/3 | kl. 14:30 | örfá sæti |
| sun 25/3 | kl. 13:00 örfá sæti | |
| sun 1/4 | kl. 13:00 | |
| sun15/4 | kl. 13:00 | |
| sun 22/4 | kl. 13:00 | |
| lau 28/4 | kl. 13:00 | |

BAUNAGRASIÐ

Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is

Borgarleikhúsið

# menning

menning@frettabladid.is



**SÍÐUSTU FORVÖÐ** eru að skoða málverkasýningu Eddu Heiðrúnar Backman sem hefur staðið yfir í Þjóðmenningarhúsinu frá því í desember. Verkin, sem eru olíu- og vatnslitaverk, málaði Edda Heiðrún með munninum, en á þeim er spóinn í aðalhlutverki. Sýningin verður opin í dag og á morgun.

## Hættuleg ástleitni

Tónlist ★★★★☆

**Simone Kermes og Sinfóníuhljómsveit Íslands**

Barokktónlist í Hörpu fimmtudagskvöldið 23. febrúar.

Ný, framsækin tónlist hefur ekki alltaf haft góða ímynd meðal almennings. Sjálfsagt hefur stundum verið ástæða fyrir því. En gamla tónlistin, barokkið, hefur líka oft á tíðum haft illt orð á sér. Með barokktónlist er átt við Bach, Handel, Telemann, Vivaldi og fleiri. Ég fylgdist nýlega með umræðuþræði á Facebook þar sem einn hélt því fram að barokktónlist væri aðallega skraut og prjál. Ég held að hann hafi séð fyrir sér gamlan karl með illa lyktandi hárkollu að plokka sembal. Og bosmamiklar konur í krínólíni að dansa menúett.

Þannig var barokktónlistin ekki á tónleikum Sinfóníunnar á fimmtudagskvöldið. Ónei. Nema kannski hljóðfæratónlistin. Strengjaleikurinn í fyrstu verkum efnisskrárinnar var í daufari kantinum. Kannski spilaði taugaóstyrkur einhverja rullu, því sumar einleiksstrófur voru óhreinar. Ítalski fiðluleikarinn Isabella Longo lék bæði einleik og stjórnaði. Glímuskjálfti gerði vart við sig hjá henni í fyrstu töktunum.

En svo lagaðist það. Ég held samt að hljóðfæratónlist, þ.e. konsertar eftir Corelli, Vivaldi og Tartini, hafi verið full fyrirferðarmikil á dagskránni. Aðalmálið var söngkonan. Maður hefði viljað heyra oftar í henni.

Ég var næstum því búinn að skrifa „maður hefði viljað heyra MEIRA í henni", en það hefði ekki verið sannleikanum samkvæmt! Rödd Simone Kermes var stórfengleg, björt og hrein. Söngtæknin var aðdáunarverð. Það er langt síðan ég hef heyrt jafn áreynslulausan söng. Alls konar hlaup komu óaðfinnanlega út.

Svo var Kermes bara svo skemmtileg! Túlkunin var lífleg og kraftmikil. Tónlistin var svo lifandi í meðförum hennar að það var einfaldlega frábært. Líka rólegu lögin. Ég nefni sérstaklega Gelido en ogni vena úr Farnace eftir Vivaldi. Sú aría var hástemmd og fögur. Veikir tónar voru ofurmjúkir, en samt unaðslega tærir.

Sumt var drepfyndið. Maður skellti upp úr í aríu úr La verita in cimento eftir sama tónskáld. Þar sýndi söngkonan nokkrum spilandi hljóðfæraleikurum allt að því hættulega ástleitni. Það var í takt við það sem söngurinn fjallaði um. Einn hljóðfæraleikarinn roðnaði svo mikið að hann varð eins og veggurinn fyrir aftan hann. Það hefur varla verið leikaraskapur.

Þetta var rokk og ról!

Jónas Sen



**SIMONE KERMES** Rödd hennar er stórfengleg, björt og hrein segir í dómi Jónasar Sen.

**Niðurstaða:** Barokktónleikar með Simone Kermes voru stórskemmtilegir, túlkunin lifandi og kraftmikil.

## Bergþór kynnir óperusmelli

**Bergþór Pálsson söngvari ætlar að að halda námskeið hjá Endurmenntun Háskóla Íslands annað kvöld. Þar er ætlunin að veita þátttakendum innsýn í heim óperunnar. Bergþór mun leika nokkra af þekktustu óperusmellum allra tíma, kynna efni þeirra og einnig hvaða hlutverk og raddgerðir koma við sögu.**

Námskeiðið er einkum hugsað fyrir þá sem lítið hafa kynnt sér yndisveröld óperunnar, en eru forvitnir og langar að fá svolitla innsýn í hana, að því er fram kemur í tilkynningu. Námskeiðið er haldið í húsnæði Endurmenntunar að Dunhaga 7 í Reykjavík og hefst klukkan 20.15. Hægt er að skrá sig á endurmenntun.is en einnig má skrá sig á staðnum.



**BERGÞÓR PÁLSSON** Kynnir yndisheim óperunnar hjá Endurmenntun HÍ annað kvöld.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Þriðjudagur 28. febrúar 2012**

### → Tónlist

**20.30** ASA tríó spilar á síðasta kvöldi Jazztónleikaraðarinnar á KEX Hostel, Skúlagötu 28. Aðgangur er ókeypis.

**20.30** Sólstafir, ein umtalaðasta rokksveit landsins, spilar á tónleikaröðinni Kaffi, kökur & rokk & ról í Edrúhöllinni, Efstaleiti 7. Plata hljómsveitarinnar, Svartir sandar, var víða valin ein af bestu plötum síðasta árs. Aðgangseyrir er kr. 500 og hægt verður að fá kaffi og kökur í massavís.

### → Fyrirlestrar

**12.05** Ágústa Kristófersdóttir fagstjóri sýninga við Þjóðminjasafn Íslands mun fjalla um Hjálmar R. Bárðarson ljósmyndara og sýningu á svarthvítum ljósmyndum hans sem nú stendur yfir í safninu. Fyrirlesturinn er hluti af röðinni Fræðslufyrirlestrar Þjóðminjasafns Íslands. Aðgangur er ókeypis og allir eru velkomnir.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**



*Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu. Verð miðast við 6 gíra beinskiptan 115 hestafla 1,6 TDCi dísil, 4 eða 5 dyra. Tilboð gilda í febrúar 2012.

# HLJÓÐUNUM ÚTHÝST Í KVÖLD

**Leikhús listamanna stendur fyrir þöglu kvöldi í Þjóðleikhúskjallaranum í kvöld klukkan 21. Þar flytja ólíkir listamenn gjörninga í algjörri þögn.**

„Þarna verða söngatriði án söngs, upplestrar án raddar og þar fram eftir götunum," segir Snorri Ásmundsson, sem er einn af mörgum ólíkum listamönnum sem standa að baki þöglu kvöldi í Þjóðleikhúsinu í kvöld. Það verður ekki einungis hljóðlaust á sviðinu, því engin hljóð verða heldur leyfð frá áhorfendum og ráðstafanir gerðar á barnum, svo ekki þurfi að nota orð til að panta sér veitingar. Einnig verður stranglega bannað að tala saman á salernum.

„Þarna verða gjörningar eftir nokkra listamenn. Við fylgjum þeirri reglu að hver listamaður hefur sitt verk og hinir eru skyldugir til að leika í þeim," segir Snorri. „Þetta er samt nokkuð frjálst og laust í reipunum. Það er spuni í þessu og allt getur gerst. Það sem við gerum verður aldrei endurtekið."

> Við fylgjum þeirri reglu að hver listamaður hefur sitt verk og hinir eru skyldugir til að leika í þeim.
>
> SNORRI ÁSMUNDSSON LISTAMAÐUR

Leikhús listamanna stofnuðu þau Snorri, Ásdís Sif Gunnarsdóttir, Ragnar Kjartansson, Ingibjörg Magnadóttir og fleiri listamenn árið 2004, en á þeim tíma fluttu þau reglulega gjörninga í Klink og Bank. Nú hafa fleiri listamenn bæst í hópinn og af breiðari sviðum listarinnar. Auk þeirra fjögurra tilheyra hópnum Margrét Bjarnadóttir, Saga Sigurðardóttir, Ragnar Bragason, Rakel McMahon, Kristín Anna Valtýsdóttir, Símon Birgisson, Ástrós Elísdóttir og tilfallandi gestir. Kynnir er Ármann Reynisson, sem Snorri segir ómissandi í hópinn, enda skapi hann sérstaka stemningu þegar hann kynnir gjörningana.



**LEIKHÚS LISTAMANNA** Listamenn af ýmsum sviðum verða með þögla gjörninga í Leikhúsi listamanna í Þjóðleikhúskjallaranum klukkan 21 í kvöld. MYND/INGVAR HÖGNI RAGNARSSON

Í fyrra var Leikhús listamanna með sex sýningar yfir árið, en í ár verða sýningarnar færri hér á landi, til að skapa rými fyrir fyrirætlanir hópsins um að fara út í heim með sýningar sínar. Íbúar Þýskalands, Ítalíu og Belgíu munu meðal annars eiga von á heimsókn frá honum í sumar.

holmfridur@frettabladid.is


Hádegistónleikar í Fríkirkjunni

alla miðvikudaga í vetur frá kl. 12:15 til 12:45

ENGINN AÐGANGSEYRIR ALLIR VELKOMNIR

Listrænn stjórnandi Gerrit Schuil

LJÁÐU OKKUR EYRA



FRÍKIRKJAN Í REYKJAVÍK




Ford
Nýtt tákn um gæði

Sá langflottasti...

**Nýttu þér hlaupárstilboðið í dag . . .**

Titanium er flottasta gerðin af Ford Mondeo. Nú fæst hún á sérstöku hlaupárstilboði. Með tilboðinu færðu flottustu gerðina á aðeins **4.310.000 kr.*** Nýir og betri samningar við framleiðandann gera þér kleift að fá Ford Titanium á lækkuðu verði. Ekki missa af þessu tilboði. Nýttu tækifærið. Komdu í Brimborg.

*Ef þú telur þig ekki hafa not fyrir ríkulegan umframbúnað Ford Mondeo Titanium bjóðum við hjá Brimborg líka Ford Mondeo Trend á hlaupárstilboði frá aðeins* ***3.990.000 kr.*** *Vertu í hópi þeirra bestu. Veldu Ford Mondeo.*

*Hönnun Ford er heilsteypt og tekur mið af þörfum nútímafjölskyldunnar. Vertu öruggur innan um þá sem standa þér næst. Nýttu þér hlaupárstilboðið og settu þann gamla upp í nýjan og glæsilegan Ford Mondeo. Veldu Ford. Komdu í Brimborg í dag*

*Kauptu bara góða og sparneytna bíla. Skoðaðu ford.is. Kauptu Ford.*

Hlaupárstilboð
Opið 9-17

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Ertu að leita upplýsinga?
www.suzuki.is

SUZUKI Way of Life!

# Traustur ferðafélagi



## Það er gott að njóta öryggis í vetrarfærðinni á fjórhjóladrifnum Suzuki.



**SUZUKI GRAND VITARA**
**Mest seldi jeppinn á Íslandi s.l. 3 ár**
Alvöru jeppi með hátt og lágt drif. Með öflugur og sparneytinni 2,4L vél sem gerir góðan bíl enn betri. Skynsamleg kaup, hagkvæmur rekstur.
**Grand Vitara Premium+**
2,4L 169 hö, beinskiptur kr. **5.350 þús.**
2,4L 169 hö, sjálfskiptur kr. **5.650 þús.**



**NÝR SUZUKI SWIFT 4x4**
**Stærri , rúmbetri og með einstaklega sparneytinni 94 hestafla vél.**
Verð kr. **3.150 þús.**
Meðaleyðsla 5,5L/100 Km.



**SX4 SPORTJEPPLINGURINN**
Sparneytin vél, ný innrétting, aukinn búnaður og síðast en ekki síst hagstætt verð.
Með 1,6L vél. Verð kr. **3.690 þús.**
Meðaleyðsla 7,6L/100 km, sjálfskiptur

# Komdu og reynsluaktu

FYRIR SKYNSAMT FÓLK

SUZUKI

TRAUST UMBOÐ Í YFIR 40 ÁR

SUZUKI BÍLAR HF · SKEIFUNNI 17 · SÍMI 568 5100 · WWW.SUZUKI.IS

Hugtök Markaðsráðgjöf, jan 2012

# sport

sport@frettabladid.is



**SIF ATLADÓTTIR** hefur þurft að draga sig úr íslenska kvennalandsliðinu í knattspyrnu fyrir Algarve-mótið. Sif er meidd. Í hennar stað hefur verið valin Anna María Baldursdóttir, leikmaður Stjörnunnar. Mótið fer fram 29. febrúar til 7. mars.



**KOBE BRYANT** Það er ekki algengt að leikmenn meiðist í Stjörnuleiknum. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Átök í Stjörnuleik NBA:

## Kobe meiddist í Stjörnuleiknum

**KÖRFUBOLTI** Kobe Bryant, aðalstjarna NBA liðsins LA Lakers, er með brákað nef eftir viðskipti sín við Dwayne Wade, leikmann Miami Heat, í Stjörnuleiknum í Orlando. Forráðamenn Lakers greindu frá því að Bryant færi í skoðun hjá háls-, nef- og eyrnalækni í dag. Fréttavefurinn Yahoo Sports greinir frá því að Bryant hafi einnig fengið vægan heilahristing.

Samkvæmt nýjum reglum NBA-deildarinnar þarf Bryant að fara í ítarlega rannsókn áður en NBA-deildin gefur honum heimild til að leika á ný.

The Salt Lake Tribune greinir frá því að Bryant hafi ekki farið í viðtöl eftir leikinn vegna verkja í höfði sem hann fékk í leiknum eftir höggið frá Wade. **- seth**

Oscar Carlén enn meiddur:

## Fór í sjöttu hnéaðgerðina

**HANDBOLTI Sænski handboltakappinn Oscar Carlén verður frá keppni næsta árið eftir að hann þurfti að gangast undir enn einu aðgerðina vegna þrálátra hnémeiðsla. Carlén er á mála hjá Hamburg í Þýskalandi.**

**Carlén hefur þrívegis slitið krossband í hné og hefur farið í sex hnéaðgerðir. Hann greindi frá því einnig í samtali við þýska fjölmiðla að hann hafi alls þrettán sinnum verið svæfður á ævinni. „Ég var líka mjög óheppinn í æsku,“ sagði hann.**

**Aðgerðin gekk vel en svo gæti farið að hann þurfi að leggja skóna á hilluna, ef endurhæfingin gengur ekki eftir óskum. „Þetta hafa verið mjög erfiðir mánuðir en mér hefur aldrei liðið verr en á þriðjudaginn. Þá lá fyrir að fara í aðgerð sem myndi hafa úrslitaáhrif á minn íþróttaferil.“ - esá**

# Viljum endurvekja U-23 lið Íslands

**Ísland hefur ekki átt U-21 eða U-23 lið kvenna síðan árið 2006. Sigurður Ragnar Eyjólfsson landsliðsþjálfari segir mikilvægt að finna fleiri verkefni fyrir þennan aldurshóp. Breytt landslið hélt utan til Algarve í gær.**



**SIGURÐUR RAGNAR** Segir að það sé of stórt stökk fyrir leikmenn sem ganga upp úr U-19 landsliðinu að fara beint í A-landsliðið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**FÓTBOLTI** Ísland hefur á morgun leik á Algarve-æfingamótinu í Portúgal og mætir geysisterku liði Þýskalands í fyrsta leik. Ísland komst alla leið í úrslitaleikinn á þessu móti í fyrra en tapaði þá fyrir Bandaríkjunum. Landsliðsþjálfarinn Sigurður Ragnar Eyjólfsson segir að liðið sé veikara í ár en í fyrra.

„Það hefur verið mikið um forföll og meiðsli og það munu því nýir leikmenn fá tækifæri nú,“ sagði Sigurður Ragnar í gær en þá var hann staddur með hópnum á flugvellinum í Manchester, á leið til Portúgals.

„Við munum nýta þessa keppni til að skoða leikmenn og er stefnan sett á að allir fái að spila eitthvað. Við spilum svo mikilvægan leik gegn Belgíu í undankeppni EM 2013 í apríl og við þurfum að gera okkur grein fyrir því hvaða leikmenn við ætlum að nota í þann leik,“ segir Sigurður Ragnar.

### Ekki U-21 eða U-23 síðan 2006

Alls eru sex leikmenn sem voru með í síðasta landsliðsverkefni nú fjarverandi auk þess sem þær Margrét Lára Viðarsdóttir og Sara Björk Gunnarsdóttir verða notaðar sparlega að ósk félagsliða þeirra. Mótið mun því nýtast vel til að gefa öðrum leikmönnum tækifæri til að kynnast því að spila með landsliðinu í stórum leikjum.

Knattspyrnusambandið hefur ekki starfrækt U-21 eða U-23 landslið kvenna síðan 2006 og hefur það mikið að segja um þá leikmenn sem eru að ganga upp í A-landsliðið nú. Flestir þeirra eiga aðeins leiki að baki með U-17 og U-19 ára landsliðum Íslands og segir Sigurður Ragnar að þaðan sé stökkið upp í A-landsliðið nokkuð stórt.

„Þegar ég tók við A-landsliðinu árið 2007 voru flestir leikmenn með reynslu úr U-21 og U-23 landsliðum,“ segir Sigurður Ragnar sem segist vilja endurvekja landslið fyrir þennan aldurshóp.

### UEFA ekki með keppni

„Það eru mjög góðar líkur á því að við séum búin að finna leik fyrir U-23 landslið á þessu ári en það er þó ekki 100 prósent staðfest enn. Ég og þjálfarar yngri landsliðanna erum sammála um að það sé mikilvægt að hafa U-23 landslið til að undirbúa leikmenn fyrir A-landsliðið. Vandamálið er hins vegar það að UEFA [Knattspyrnusamband Evrópu] er ekki með alþjóðlega keppni fyrir þennan aldurshóp og því erfiðara að finna verkefni,“ segir hann.

> Þegar ég tók við A-landsliðinu árið 2007 voru flestir leikmenn með reynslu úr U-21 og U-23 landsliðum.
>
> SIGURÐUR RAGNAR EYJÓLFSSON
> LANDSLIÐSÞJÁLFARI KVENNA

„Svo er þetta auðvitað alltaf spurning um fjármagn. En flestar bestu þjóðirnar eru með U-23 lið og við erum að reyna að koma þessu aftur af stað hjá okkur. Vonandi gengur það eftir.“

Árið 2004 var Norðurlandamót U-21 liða kvenna haldið hér á landi og margir af lykilmönnum íslenska landsliðsins í dag spiluðu í því móti. „Norðurlandamótið var haldið til 2006 en síðan var því hætt. Það var reynt að byrja aftur og sumar þessara þjóða hafa verið að spila æfingaleiki og búa til æfingamót. En það hefur ekki gengið til fulls að endurvekja mótið.“

### Engin fædd 1989 með landsleik

Hann segir margt benda til þess að skortur á verkefnum fyrir rúmlega tvítugar knattspyrnukonur hafi haft sitt að segja. „Til dæmis á enginn leikmaður fæddur 1989 að baki A-landsleik. Þar höfum við misst út stóran hóp.“

Sigurður Ragnar tekur þó fram að A-landsliðið hafi fengið mikið að gera á þeim árum sem hann hefur stýrt liðinu. „Við höfum spilað jafn marga leiki á þessum fimm árum og síðustu níu ár á undan. Leikmenn læra alltaf best af því að spila með A-landsliðinu og þess vegna er Algarve-mótið svona mikilvægt. Í þessu móti munum við ekki alltaf stilla upp okkar besta liði heldur gefa leikmönnum tækifæri til að sjá hvernig þær spjara sig,“ segir hann.

„Við munum engu að síður fara í hvern leik með það markmið að vinna. Við ætlum að halda áfram að bæta okkur og venjast því að spila við bestu liðin og ná góðum úrslitum gegn þeim.“ **eirikur@frettabladid.is**

### Landsliðshópurinn

| | |
|---|---|
| **Markverðir** | |
| Þóra B. Helgadóttir | 81 landsleikur |
| Guðbjörg Gunnarsdóttir | 19 |
| **Aðrir leikmenn** | |
| Katrín Jónsdóttir | 111 landsleikir |
| Margét Lára Viðarsdóttir | 77 |
| Dóra María Lárusdóttir | 71 |
| Hólmfríður Magnúsdóttir | 64 |
| Sara Björk Gunnarsdóttir | 43 |
| Katrín Ómarsdóttir | 39 |
| Rakel Hönnudóttir | 33 |
| Guðný B. Óðinsdóttir | 28 |
| Greta Mjöll Samúelsdóttir | 24 |
| Hallbera Guðný Gísladóttir | 23 |
| Fanndís Friðriksdóttir | 21 |
| Harpa Þorsteinsdóttir | 16 |
| Þórunn Helga Jónsdóttir | 7 |
| Thelma Björk Einarsdóttir | 6 |
| Mist Edvardsdóttir | 3 |
| Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir | 1 |
| Anna María Baldursdóttir | - |
| Elísa Viðarsdóttir | - |
| Katrín Ásbjörnsdóttir | - |



Ásgeir Örn Hallgrímsson og Róbert Gunnarsson á leið til Paris Handball:

# Félagið er að fara að spýta í lófana

**HANDBOLTI** Landsliðsmennirnir Ásgeir Örn Hallgrímsson og Róbert Gunnarsson hafa báðir samþykkt að ganga í raðir franska félagsins Paris Handball næsta vetur.

„Þetta kom fyrst upp á EM og svo var framhald á þessu eftir EM og nú er allt klappað og klárt,“ sagði Ásgeir Örn en hann hefur leikið með Hannover-Burgdorf síðustu ár á meðan Róbert hefur verið að leika með Rhein-Neckar Löwen.

„Ég er að gera tveir plús einn samning en ég held að Robbi sé með þriggja ára samning. Það er margt heillandi við að fara þangað. Það á að spýta í lófana hjá félaginu. Við komum þrír núna og svo koma þrír í viðbót að ári. Það standa sterkir menn á bak við félagið sem ætla að eyða peningum. Það er líka gaman að prófa að búa í París og læra nýtt tungumál. Ég er spenntur fyrir nýju ævintýri.“

Tvö lið falla úr frönsku deildinni og eru fjögur lið í þeirri baráttu. Paris Handball er eitt þeirra og situr í næstneðsta sæti í dag.

„Það væri ekkert spes ef liðið fellur. Maður vonar það besta en ef ekki þá tökum við þann slag með liðinu næsta vetur.“

Það er verið að moka peningum í knattspyrnuliðið Paris St. Germain og það á einnig að gera handboltaliðið að einu því besta.

„Ég er mjög ánægður með minn samning. Þessi samningur er á pari við það sem menn eru að fá í Þýskalandi. Ég er ekki að gera lélegri samning,“ sagði Ásgeir aðspurður um hvort það væru einhver ofurlaun hjá liðinu.

Hannover-Burgdorf vildi halda Ásgeiri og bauð honum samning sem hann hafnaði. **- hbg**



**PARÍS BÍÐUR Í OFVÆNI** Ásgeir og Róbert munu spila handbolta í París næsta vetur.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**RYAN GIGGS** Hefur átt ótrúlegan feril.
NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Sir Alex Ferguson:

## Giggs og Scholes eru bestir

**FÓTBOLTI** Sir Alex Ferguson, knattspyrnustjóri Manchester United, segir að þeir Paul Scholes og Ryan Giggs séu í sérflokki af öllum þeim leikmönnum sem hafi klæðst rauðu treyju félagsins.

Báðir skoruðu í 2-1 sigri United á Norwich um helgina en Giggs skoraði sigurmark leiksins í uppbótartíma. Giggs var þar að auki að spila sinn 900. leik með Manchester United.

„Ég held að Ryan hafi átt skilið að skora sigurmarkið með síðustu spyrnu leiksins, sérstaklega miðað við þann feril sem hann hefur átt,“ sagði Ferguson eftir leikinn.

„Ég var nú reyndar búinn að gleyma því að Scholesy skoraði fyrsta markið,“ sagði hann í léttum dúr. „Hann og Giggs eru bestu leikmennirnir sem félagið hefur nokkru sinni átt.“ **- esá**

Carlos Tevez:

## Spilar kannski með City í dag

**FÓTBOLTI Samkvæmt enskum fjölmiðlum er mögulegt að Carlos Tevez muni spila í búningi Manchester City þegar að varalið félagsins mætir Preston í dag.**

**Leikurinn átti upphaflega að fara fram á miðvikudaginn en hefur nú verið færður fram um einn sólarhring. Hann mun fara fram fyrir luktum dyrum.**

**Tevez sneri nýverið aftur til Englands eftir þriggja mánaða útlegð í heimalandi sínu, Argentínu. Hann hefur ekkert spilað síðan í september er hann neitaði að koma inn á sem varamaður í leik með liðinu í Meistaradeildinni.**

**Hann hefur nú beðist afsökunar á öllu saman og vill nú spila með liðinu á nýjan leik. Talið er ólíklegt að hann muni spila með City gegn Bolton um næstu helgi en hann gæti komið við sögu þegar að liðið mætir Gylfa Þór Sigurðssyni og félögum í Swansea þann 10. mars. - esá**


Borgarleikhúsið

Borgarleikhúsið er samstarfsaðili Símaskrárinnar 2012



Má bjóða þér í leikhús?

**Viltu upplifa einstaka leiksýningu og taka þátt í að búa til nýja Símaskrá?**

Í Símaskránni 2012 verða leiklistin og þjóðin í forgrunni og við viljum fá þig í lið með okkur við að búa til nýja Símaskrá.

Af því tilefni bjóða **Já** og **Borgarleikhúsið** í leikhús **3. mars kl. 14** þar sem tvíeykið Hundur í óskilum fer í gegnum Sögu þjóðar í tali og tónum á meðan áhorfendur eru myndaðir.

★★★★★ „Langt er síðan ég hef orðið vitni að öðru eins fýreverkeri af fyndni og andríki.“ JVJ, DV

**Saga þjóðar** 3. mars kl. 14



**Hvar & hvenær?**
Borgarleikhúsinu, laugardaginn 3. mars kl. 14.

**Hvað fæ ég marga miða?**
Tveir miðar eru í boði fyrir hvern sem skráir sig.

**Hvernig skrái ég mig?**
Hægt er að skrá sig á **já.is** eða senda tölvupóst á **leikhus@ja.is** með upplýsingum um nafn og kennitölu þína og þess sem þú vilt bjóða. Einnig er hægt að skrá sig hjá miðasölu Borgarleikhússins í síma **568 8000.**

**Hvernig veit ég hvort ég fæ miða?**
Þar sem einungis 550 miðar eru í boði þá getum við því miður ekki tryggt öllum sem skrá sig þátttöku. Ef þú dast í lukkupottinn og ert á leiðinni í leikhús þá sendum við þér tölvupóst með nánari upplýsingum.

118 | Gulu síðurnar | Já.is | Stjörnur.is | Símaskrá | Já í símann | i.já.is

já — er svarið

## > Stöð 2 kl. 20.35

### Two and a Half Men

***Ashton Kutcher mætir til leiks í Two and a Half Men á Stöð 2 en níunda þáttaröð þessa vinsæla gamanþáttar hefur göngu sína í kvöld. Charlie Sheen var sparkað og Kutcher er hér kominn í aðalhlutverkið. Hann leikur milljónamæring sem stendur í skilnaði og kaupir hús Charlies en leyfir feðgunum Alan og Jake að búa þar áfram.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ HÓLMFRÍÐUR SIGURÐARDÓTTIR HLUSTAR

# *Silla er hin íslenska Nigella*

Ég heiti Hólmfríður og ég er kvöldnartari. Það bregst varla í mínum hversdagslegu athöfnum að þegar kvölda tekur gangi ég fram í eldhús, opni ísskápinn eins og í leiðslu og sæki þangað eitthvað gott til að maula. Ef ég er heppin luma ég á frönskum ostum (ég er með beint samband við meginlandið og fæ fyllt á birgðirnar reglulega). Annars er það ristað brauð með smjöri og brauðosti (það má aldrei skorta á mitt heimili, aldrei!)

Alla vega. Það var á einni af þessum stundum sem ég kynntist fyrst útvarpsþáttunum Matur er fyrir öllu, sem eru endurfluttir upp úr klukkan ellefu á þriðjudagskvöldum á Rás 1. Þeir eru unaðslegir. Ég veit að þáttarstjórnandinn, Sigurlaug Jónasdóttir, er meistarakokkur og það skín í gegn að hún veit hvað hún syngur. Þættirnir eru fullir af athyglisverðum fróðleik um mat, tónlistin er valin af kostgæfni og Sigurlaug kann þá list að velja skemmtilega viðmælendur með lystaukandi sögur að segja.



Það er augljóst að næsta skref hjá RÚV verður að gera sjónvarpsútgáfu af þáttunum, því Sigurlaug er ekki bara bráðskemmtileg með lokkandi rödd. Hún lítur líka út eins og Nigella sjálf.

Í kvöld upp úr 23 verður þátturinn frá því á síðasta laugardag endurfluttur. Hlustið og njótið, eins og ég.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Á Búsúkíslóðum **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Fyrr og nú **14.00** Fréttir **14.03** Sker **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Laufdalaheimilið **15.25** Málstofan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Í heyranda hljóði **21.20** Tríó **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Lestur Passíusálma **22.16** Fimm fjórðu **23.05** Matur er fyrir öllu **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**16.00 Íslenski boltinn** (e)

**16.40 Leiðarljós** (Guiding Light)

**17.20 Tóti og Patti** (47:52)

**17.31 Þakbúarnir**

**17.43 Skúli skelfir** (9:52)

**17.55 Hið mikla Bé** (7:20)

**18.20 Táknmálsfréttir**

**18.30 Nýgræðingar** (Scrubs) Gamanþáttaröð um lækninn J.D. Dorian og ótrúlegar uppákomur sem hann lendir í.

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Kastljós**

**20.00 360 gráður** Íþrótta- og mannlífsþáttur þar sem skyggnst er inn í íþróttalíf landsmanna og rifjuð upp gömul atvik úr íþróttasögunni.

**20.35 Krabbinn** (10:13) (The Big C)

**21.05 Fum og fát** (Panique au village)

**21.10 Djöflaeyjan**

**22.00 Tíufréttir**

**22.15 Veðurfréttir**

**22.20 Dulnefni: Hunter** (5:6) (Kodenavn Hunter) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**23.20 Aðþrengdar eiginkonur** (9:23) (Desperate Housewives VIII) (e)

**00.05 Kastljós** (e)

**00.30 Fréttir**

**00.40 Dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**08.00 Dirty Rotten Scoundrels**

**10.00 Little Nicky**

**12.00 Algjör Sveppi og leitin að Villa**

**14.00 Dirty Rotten Scoundrels**

**16.00 Little Nicky**

**18.00 Algjör Sveppi og leitin að Villa**

**20.00 Hot Tub Time Machine**

**22.00 Ultimate Avengers**

**00.00 Bourne Identity**

**02.00 The Chumscrubber**

**04.00 Ultimate Avengers**

**06.00 Year One**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** (3:23)

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 Doctors** (108:175)

**10.15 The Middle** (2:24)

**10.40 Wonder Years** (12:23)

**11.10 Matarást með Rikku** (2:10)

**11.40 Ljósvakavíkingar - Stöð 2** (3:5) Ný og vönduð heimildamynd í 5 hlutum. Tilefni myndarinnar er aldarfjórðungsafmæli Stöðvar 2.

**12.10 Two and a Half Men** (5:22)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Frasier** (8:24)

**13.25 The X Factor** (9:26)

**14.55 Sjáðu**

**15.25 iCarly** (11:25)

**15.50 Barnatími Stöðvar 2**

**17.05 Bold and the Beautiful**

**17.30 Nágrannar**

**17.55 The Simpsons**

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.11 Veður**

**19.20 Malcolm In The Middle** (10:22)

**19.45 Til Death** (15:18)

**20.10 Modern Family** (13:24)

**20.35 Two and a Half Men** (1:24)

**21.00 Chuck** (24:24)

**21.45 Burn Notice** (8:20)

**22.30 Community** (21:25)

**22.55 The Daily Show: Global Edition**

**23.20 New Girl** (2:24)

**23.45 Kalli Berndsen - Í nýju ljósi** (8:10)

**00.10 Grey's Anatomy** (15:24)

**00.55 Gossip Girl** (4:24)

**01.40 Pushing Daisies** (3:13)

**02.25 Big Love** (4:9)

**03.20 Full of It**

**04.50 Chuck** (24:24)

**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

## 2 SPORT *besta sætið*

**16.10 Vináttulandsleikur** Útsending frá vináttulandsleik Japan og Íslands.

**17.55 Spænsku mörkin**

**18.30 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu** Skyggnst á bakvið tjöldin hjá liðunum sem leika í Meistaradeild Evrópu.

**19.00 NBA All Star Game** Útsending frá stjörnuleiknum í NBA þar sem úrvalslið austur- og vesturdeildar mætast.

**20.50 Man. Utd. - Ajax** Útsending frá leik í 32 liða úrslitum Evrópudeildarinnar.

**22.35 Evrópudeildarmörkin** Öll mörkin og bestu tilþrifin í síðustu leikjum.

**23.25 Cage Contenter 12**

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**14.25 WBA - Sunderland**

**16.15 QPR - Fulham**

**18.05 Premier League Review 2011/12** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.

**19.00 Arsenal - Tottenham**

**20.50 Norwich - Man. Utd.**

**22.40 Football League Show** Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.

**23.10 Chelsea - Bolton**

## 2 EXTRA

**19.10 The Doctors** (58:175)

**19.50 Bones** (20:22)

**20.35 Better Of Ted** (9:13)

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.50 The Block** (9:9)

**23.00 The Glades** (9:13)

**23.45 Twin Peaks** (10:22)

**00.35 Malcolm In The Middle** (10:22)

**01.00 Til Death** (15:18)

**01.25 Bones** (20:22)

**02.10 The Doctors** (58:175)

**02.50 Íslenski listinn**

**03.15 Sjáðu**

**03.40 Fréttir Stöðvar 2**

**04.30 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.45 Pepsi MAX tónlist**

**15.00 Minute To Win It** (e)

**15.45 90210** (7:22) (e)

**16.35 Dynasty** (4:22)

**17.20 Dr. Phil**

**18.05 Live To Dance** (8:8) (e)

**18.55 America's Funniest Home Videos** (20:50) (e)

**19.20 Everybody Loves Raymond** (3:24).

**19.45 Will & Grace** (14:27) (e)

**20.10 Matarklúbburinn** (3:8) Hrefna Rósa heimsækir Soffíu Gísladóttur sem er ein af fjölmörgum matarbloggurum landsins. Soffía bakar ljúffenga pizzu og Hrefna kennir áhorfendum að útbúa gómsætan kjúklingaborgara.

**20.35 Innlit/útlit** (3:8) Það eru þær Sesselja Thorberg og Bergrún Íris Sævarsdóttir leggja áherslu á spennandi hönnun, húsráð og sniðugar lausnir fyrir heimilið með áherslu á notagildi. Stúlkurnar kíkja til Kötlu í Volcano Design, skoða piparsveinaíbúð sjómanns ásamt föstum liðum.

**21.05 The Good Wife** (5:22)

**21.55 Prime Suspect** (6:13)

**22.45 Jimmy Kimmel**

**23.30 CSI** (8:22) (e)

**00.20 The Good Wife** (5:22) (e)

**01.10 Flashpoint** (8:13) (e)

**02.00 Everybody Loves Raymond** (3:24) (e)

**02.25 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.10** World Golf Championship 2012 (1:5) **13.10** Golfing World **14.00** World Golf Championship 2012 (2:5)**18.00** Golfing World **18.50** PGA Tour - Highlights (8:45) **19.45** Chevron World Challenge (4:4) **22.00** Golfing World **22.50** **US** Open 2002 - Official Film **23.50** ESPN America

## N4

**18.00** Að norðan **18.30** Tveir gestir **21.00** Bæjarstjórnarfundur

## BBC entertainment

**06.35** Keeping Up Appearances **08.40** Dalziel and Pascoe **10.20** Come Dine With Me **11.10** EastEnders **11.40** Michael McIntyre's Comedy Roadshow **12.25** Keeping Up Appearances **14.30** My Family **15.35** QI **16.35** Top Gear **17.30** Michael McIntyre's Comedy Roadshow **18.15** Come Dine With Me **19.05** QI **20.05** Lee Evans Live from the West End **21.00** The Graham Norton Show **21.45** Nighty Night **22.45** Live at the Apollo **23.30** Keeping Up Appearances **01.00** My Family **01.30** Dalziel and Pascoe

## DR 1

**11.10** Horisont **11.35** Lykke **12.35** Aftenshowet **13.30** Nye hvide verden **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Maggies nye liv **15.00** Mira og Marie **15.05** Benjamin Bjørn **15.20** Timmy-tid **15.30** Lille Nørd **16.00** Lægerne **16.50** DR Update - nyheder og vejr **17.00** Skattejægerne **17.30** TV Avisen med Sport **18.05** Aftenshowet **19.00** Hammerslag **19.30** Hjælp, vi skal føde **20.00** TV Avisen **20.25** Kontant **21.00** SportNyt **21.05** Johan Falk. De fredløse **22.40** En chance til **23.10** Clement Søndag **23.50** OBS

## NRK 1

**12.05** Førkveld **12.45** Verdensarven **13.00** NRK nyheter **13.05** Salt & Pepper **13.35** Norge rundt **14.00** NRK nyheter **14.10** Jessica Fletcher **15.00** NRK nyheter **15.10** Ei iskald verd **16.00** NRK nyheter **16.10** Dyreklinikken **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Tegnspråknytt **17.00** Førkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.45** Ut i naturen **19.15** Folk **19.45** Extra-trekning **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.40** Sherlock **22.10** Kveldsnytt **22.25** Ei verd av kart **22.55** Wallander

## svt1

**09.00** Fråga doktorn **09.45** Sverige! **10.15** Livet på Laerkevej **11.00** Drömmen om landet **12.00** Skavlan **13.00** På drift genom öknen **13.05** Flickan från tredje raden **14.30** X-Games **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.30** Min stad **15.45** Jonathan Ross show **16.30** Sverige idag **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport **19.00** Mot Alla Odds **20.00** Veckans brott **21.00** Hübinette **21.30** Dox **22.30** Elizabeth

## iNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Græðlingur **21.30** Svartar tungur

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 97,7** X-ið | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 91,9** Kaninn | **FM 95,7**FM957 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,2** Útvarp Latibær | **FM 105,5** Útvarp Boðun |




Eirberg

## Betra loft

### Air-O-Swiss rakatæki

- Bætir rakastig
- Hreinsar ryk og grófar agnir úr loftinu
- Bakteríuvörn í vatnstanki
- Auðvelt í notkun og umhirðu
- Hljóðlátt



### Airfree lofthreinsitæki




- Eyðir frjókornum og öðrum ofnæmisvöldum
- Vinnur gegn myglusveppi og ólykt
- Eyðir bakteríum og vírusum
- Hljóðlaust og sjálfhreinsandi
- Hæð aðeins 27 cm

## Stuðningshlífar

BAUERFEIND®

- Veita góðan stuðning
- Vandaður vefnaður
- Góð öndun
- Einstök hönnun
- Viðurkennd gæði
- Fjölbreytt úrval



### Æfingavörur

Bjóðum gott úrval af Sissel æfinga- og heilsuvörum.

- Æfinga- og yogadýnur
- Boltar
- Jafnvægisbretti
- Nuddrúllur
- Hita- og kælibakstar

sissel®



### Nálastungudýnan



- Eykur blóðflæði
- Minnkar vöðvabólgur
- Dregur úr höfuð-, háls- og bakverkjum
- Veitir slökun og bætir svefn
- Notkun 10-20 mínútur í senn

## Betri líðan

Opið virka daga kl. 9 - 18 og á laugardögum kl. 11 - 16 • Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is

## BESTI BITINN



*„Take away"-tilboðið á Krua thai: Massaman kjúklingur með djúpsteiktum rækjum. Eða þá humarpítsan á Saffran.*

Hafsteinn Ezekíel Hafsteinsson, rekstrarstjóri hjá Jack and Jones.

# Leikur á móti Joely Richardson í London

„Þetta er ægilegt drama," segir leikarinn Guðmundur Ingi Þorvaldsson.

Guðmundur Ingi fer með hlutverk ókunnuga mannsins í leikritinu The Lady from the Sea eftir Henrik Ibsen sem verður frumsýnt í Rose-leikhúsinu í London í kvöld. Á meðal mótleikara Guðmundar eru Malcolm Storry og Joely Richardson, en hún er þekkt fyrir leik sinn í þáttunum Nip/Tuck og The Tudors. „Hún er æðisleg," segir Guðmundur. „Fólk er alltaf að bíða eftir að ég segi sögur af henni sem einhverri prímadonnu, en hún er bara frábær. Yndisleg manneskja."

Verkið gerist á 19. öld og fjallar um konu sem verður geðveik stuttu eftir að hún giftist lækni. Hún var lofuð öðrum manni áður en hún giftist og leikur Guðmundur fyrri elskhuga hennar, sem birtist áratug eftir að hún giftist lækninum. Hún neyðist til að velja á milli mannanna tveggja. Guðmundur var sem sagt ekki að ýkja þegar hann sagði verkið dramatískt.

En var erfitt að komast að í sýninguna?

„Nei. Ég var bara boðaður í prufu og fékk hlutverkið," segir Guðmundur hress. - afb



**Á FULLU Í LONDON** Guðmundur Ingi fer með hlutverk í sýningunni The Lady from the Sea sem verður frumsýnt í kvöld. Nip/Tuck-leikkonan Joely Richardson fer með aðalhlutverk sýningarinnar.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Tilkynnt hefur verið um fyrstu tíu flytjendurna sem koma fram á tónlistarhátíðinni Iceland Airwaves sem verður haldin í haust. Í erlendu deildinni eru það breska gítarsveitin Django Django, 80's tyggjópoppsveitin Friends frá Brooklyn, breska þjóðlagaskotna indísveitin Daughter og dimma elektrótvíeykið Exitmusic frá Brooklyn. Í íslensku deildinni stíga á svið Sóley, Prins Póló, Sykur, **Samaris**, Úlfur Úlfur og The Vintage Caravan. Miðasalan á hátíðina er hafin á glænýrri heimasíðu Iceland Airwaves. Fram til 1. júní verður hægt að kaupa miða á sérstökum afsláttarkjörum.



Icelandair Group hélt árshátíð í Hörpu síðasta laugardagskvöld. Ótrúlegur fjöldi tónlistarfólks steig á svið og töluðu gestir um að *allir* tónlistarmenn landsins hefðu troðið upp. Það eru reyndar smávægilegar ýkjur, en á meðal þeirra sem komu fram voru Magni, Eyvi, Bó, Páll Óskar, **Ragga Gísla**, Jónsi, Heiða Ólafs og Jón Ólafs. Kynnar voru Jakob Frímann og útvarpskonan Gunna Dís. Athugið að þessi listi er ekki tæmandi. - fb, afb




## Happdrætti Húsnæðisfélags S.E.M.

SEM SAMTÖK ENDURHÆFÐRA MÆNUSKADDAÐRA

**Aðalvinningur KIA Picanto 1,0 beinskiptur**

33472

**Ferðavinningar frá Heimsferðum að verðmæti 200.000**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1946 | 8651 | 29853 | 41971 | 58028 | 75922 | 93938 | 108601 | 121545 |
| 2128 | 13231 | 34988 | 47710 | 62498 | 85757 | 94666 | 114310 | 122224 |
| 2601 | 14081 | 35857 | 53664 | 67584 | 87220 | 101958 | 114923 | 123246 |
| 4096 | 19748 | 37815 | 55135 | 70343 | 90328 | 104675 | 115280 | 123382 |
| 5469 | 20341 | 40815 | 57258 | 72178 | 90982 | 108551 | 119517 | 124566 |

**Helgarferðir frá Heimsferðum að verðmæti 100.000**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 599 | 12881 | 24036 | 42546 | 54361 | 70438 | 83789 | 97092 | 111533 |
| 675 | 13127 | 24995 | 42682 | 55932 | 70460 | 84968 | 99519 | 114490 |
| 695 | 13789 | 26863 | 43333 | 56363 | 70748 | 86077 | 100285 | 114620 |
| 1496 | 13871 | 27428 | 43546 | 56370 | 71804 | 86147 | 100320 | 115197 |
| 1577 | 14099 | 28187 | 45692 | 57468 | 73010 | 87163 | 100811 | 115871 |
| 1728 | 14141 | 28293 | 45781 | 57641 | 73392 | 87181 | 100900 | 116146 |
| 1774 | 14148 | 30163 | 45964 | 57887 | 73656 | 87524 | 101223 | 117485 |
| 2835 | 14785 | 31378 | 46816 | 58913 | 73936 | 88454 | 101324 | 117769 |
| 3385 | 14802 | 31697 | 47733 | 59931 | 74544 | 88611 | 102069 | 118359 |
| 4059 | 15310 | 31716 | 48033 | 59985 | 74681 | 88963 | 102202 | 118390 |
| 6002 | 15732 | 32209 | 48457 | 60084 | 75187 | 89279 | 102298 | 119955 |
| 6048 | 17755 | 32549 | 48749 | 60763 | 75570 | 89499 | 102320 | 120991 |
| 6262 | 17799 | 33235 | 48753 | 64711 | 75938 | 89801 | 102984 | 121298 |
| 6915 | 17956 | 35623 | 48883 | 64778 | 76099 | 90547 | 104131 | 122139 |
| 7218 | 18324 | 35849 | 48993 | 65031 | 76354 | 91393 | 104205 | 122155 |
| 8168 | 18481 | 36790 | 49281 | 65128 | 76537 | 91483 | 104768 | 122469 |
| 9162 | 20227 | 37436 | 50017 | 65900 | 77383 | 92259 | 106302 | 122536 |
| 10218 | 21193 | 37906 | 50577 | 66810 | 78325 | 92573 | 106878 | 123346 |
| 10573 | 21767 | 38165 | 51277 | 67482 | 79184 | 92735 | 107388 | 123437 |
| 12068 | 22150 | 38386 | 51744 | 67591 | 79919 | 93661 | 109870 | 123841 |
| 12166 | 22558 | 40998 | 52054 | 69058 | 81432 | 94790 | 110173 | |
| 12231 | 22722 | 41680 | 53069 | 69073 | 82267 | 95598 | 110543 | |
| 12769 | 22989 | 42083 | 53415 | 69501 | 82818 | 96938 | 110706 | |

Vinninga ber að vitja innan árs.
Upplýsingasími 588-7470 og á heimasíðu **SEM.is**
**Þökkum ómetanlegan stuðning. Birt án ábyrgðar.**




MYND/EYÞÓR

**VILL FÁ WALCOTT TIL LANDSINS** Kjartan Björnsson vill fá Theo Walcott, leikmann Arsenal, til Íslands í sumar.

KJARTAN BJÖRNSSON: SJÁUM TIL HVAÐ HANN ER MIKILL MAÐUR

# Vill að Walcott efni sex ára loforð og komi til Íslands

„Ég ætla að herja á hann og fá hann kannski til að koma hérna einn laugardag," segir Kjartan Björnsson, hárskeri á Selfossi og aðdáandi enska knattspyrnuliðsins Arsenal.

Fyrir sex árum tók Kjartan loforð af Theo Walcott, leikmanni Arsenal, um að hann kæmi til Íslands í tilefni 30 ára afmælis Arsenal-klúbbsins, sem er einmitt í ár. „Þetta var eftir leik á Highbury þegar hann var nýbúinn að skrifa undir. Ég ákvað að grípa hann strax af því að þetta var vonarstjarna. Ég bauð hann velkominn til Arsenal og sagði að ég þyrfti að eiga við hann erindi eftir nokkur ár um að koma til Íslands og fagna með okkur 30 ára afmælinu. Ég ákvað að horfa svolítið fram í tímann með þetta og hann játti því þá," segir Kjartan, sem er fyrrverandi formaður Arsenal-klúbbsins.

**17** ára gamall var Theo Walcott þegar hann lofaði Kjartani Björnssyni að fagna 30 ára afmæli íslenska Arsenal-klúbbsins á Íslandi.

Walcott, sem verður 23 ára í mars, gekk til liðs við Arsenal frá Southampton 2006. Sama ár varð hann yngsti leikmaðurinn til að spila í treyju enska A-landsliðsins, eða sautján ára. Á ferli sínum með Arsenal hefur hann skorað 39 mörk og lagt upp 37 til viðbótar í 209 leikjum. Framherjinn eldsnöggi skoraði tvö mörk gegn Tottenham um síðustu helgi og er því sjóðheitur um þessar mundir en fram að því hafði hann legið undir nokkurri gagnrýni hjá aðdáendum Arsenal fyrir frammistöðu sína á tímabilinu.

Kjartan stefnir á að hitta Walcott á Englandi í vor í von um að hann efni loforð sitt. Hugmyndin er að hann heimsæki Ísland í sumar þegar hann verður í fríi frá æfingum og leikjum. „Ég vil ekki taka fram fyrir hendurnar á sitjandi stjórn Arsenal-klúbbsins en ég trúi því nú frekar að þeir hafi ekkert á móti þessu." Kjartan er þegar byrjaður að hita Walcott upp og sendi honum nýverið orðsendingu á Facebook. „Auðvitað fá þeir alls konar svona tilboð en ég stefni á að herma þetta alveg stíft upp á hann. Svo sjáum við til hvað hann er mikill maður."

freyr@frettabladid.is

# Aka um Pólland á gömlum Polo

„Þetta verður frekar mikil törn," segir Snorri Helgason sem er nýbyrjaður á tveggja vikna tónleikaferðalagi um Pólland. Þar spilar hann á hverju kvöldi fyrir heimamenn.

„Ég kom þarna í fyrra til Kraká og fékk að kynnast Pólverjum. Þeir eru svo líkir okkur í húmor og það er auðvelt að grínast í þeim og vera í stuði," segir Snorri.

Sami náungi bókaði tónleikaferð hans og stóð fyrir ferðalagi Prins Póló til landsins í fyrra. „Við keyrum á milli á gömlum Volkswagen Polo sem hann á. Það væri ómögulegt ef ég ætti að fara að keyra sjálfur á milli, ég myndi ekki rata neitt."

Spurður hvort hann hafi lært einhverja pólsku segir hann: „Ég lærði bara þetta grundvallaratriði, eða orðið fyrir bjór sem maður lærir alltaf."

Snorri, sem er nýfluttur til Íslands eftir eins og hálfs árs dvöl í London, verður duglegur að spila erlendis á þessu ári. Engar stórar tónleikaferðir eru samt fyrirhugaðar heldur smærri gigg með hljómsveitinni í för, þar á meðal í París í apríl. - fb



**Í PÓLLANDI** Tónlistarmaðurinn Snorri Helgason spilar víða í Póllandi næstu tvær vikurnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


Domino's Pizza
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ DOMINO'S
ÞÚ SÆKIR
MIÐSTÆRÐ
AF PIZZU MEÐ
ÞREMUR ÁLEGGS-
TEGUNDUM Á
1.000 KR.
58·12345 | dominos.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Ísútrásin heldur áfram

Tvær **Yoyo**-ísbúðir verða opnaðar á Benidorm og Alicante á Spáni fyrstu vikuna í mars. Þar í landi er lítil hefð fyrir sjálfsafgreiðsluísbúðum og því líklegt að sólarlandafarar taki þessari nýjung fegins hendi. Búðirnar tvær bætast í hóp tveggja Yoyo-ísbúða sem voru opnaðar í Ríga í Lettlandi í fyrra. Stefnt er á að opna fjórar ísbúðir til viðbótar í Eystrasaltsríkjunum á næstunni. Tvær slíkar búðir eru starfræktar á Íslandi, eða við Nýbýlaveg í Kópavogi og við Egilsgötu í Reykjavík.



### Fjölbreytt stuðningslið

Guðni Ágústsson mætti ásamt miklu föruneyti á Bessastaði í gær til að afhenda forsetanum undirskriftalista til stuðnings þess að hann sitji þar eitt kjörtímabilið enn. Auk þeirra sem opinberlega hafa talað fyrir málstaðnum; Baldurs Óskarssonar, Ásgerðar Jónu Flosadóttur og Ragnars Arnalds, mátti sjá hóp af fólki sem til þessa hefur ekki haft sig sérstaklega í frammi í þessari baráttu. Einn þeirra, útvarpsmaðurinn Eiríkur Stefánsson, las þar yfirlýsingu, en einnig voru í hópnum **Grétar Mar Jónsson**, fyrrverandi þingmaður Frjálslynda flokksins, og **Vigdís Hauksdóttir**, þingmaður Framsóknarflokksins. - fb, sh



## Mest lesið vísir

1. Miðaldra kona trylltist á slysadeild
2. Fundu sprengjumann á Facebook - ógnaði sérsveit með hníf
3. Þjóðin sjálf finnur sér forsetaefni
4. Meryl Streep fékk loksins Óskar eftir 30 ára bið
5. Starfsmaður kærður til lögreglu og sendur í leyfi





